



Geldingar í svínarækt nær aflagðar á Íslandi



Innrás vélmenna og gervigreindar er hafin



Sjálfsþurftarþúskapur í sátt við náttúruna fyrir 60 árum

Bændablaðið

9. tölublað 2018 • Miðvikudagur 9. maí • Blað nr. 514 • 24. árg. • Upplag 32.000 • Vefur: bbl.is



Garðyrkjustöðin Espíflöt við Reykholt í Biskupstungum átti 70 ára afmæli þann 1. maí. Var haldið upp á tímamótin á hátíðardegi verkalyðsins í síðustu viku. Hér eru eigendur stöðvarinnar umkringd blómaskrúði. Talið frá vinstri: Áslaug Sveinbjarnardóttir, Sveinn A. Sæland, Axel Sæland og Heiða Pálrún Leifsdóttir. – Sjá nánar bls. 28–29

Myndir / HKr.

Garðyrkjubændur nota margir raforku á við heilu bæjarfélögin en greiða nær tvöfalt herra verð fyrir orkuflutning:

Algerlega galin verðlagning

– segir eigandi Hveravalla í Reykjahverfi í Suður-Þingeyjarsýslu, einnar stærstu garðyrkjustöðvar landsins

Garðyrkjubændum í dreifbýli sem nota rafmagnslýsingu við ræktun sviður mörgum undan rafmagnsreikningnum enda borga þeir mun meira fyrir dreifingu á hverri kílóvattstund en íbúar í þéttbýli.

„Ég nota meira rafmagn til ræktunar en Þórshöfn og Raufarhöfn til húshitunar,“ segir Páll Ólafsson, garðyrkjubóndi á Hveravöllum í Reykjahverfi í Suður-Þingeyjarsýslu, en samt sem áður er ég að borga fyrir dreifbýlisdreifingu á rafmagni sem er miklu dýrari en þéttbýlisdreifingin.“

Páll segir að ef garðyrkjustöðin væri í þéttbýliskjarna sem teldi nokkra tugi íbúa þyrfti hann að borga mun minna fyrir rafmagnið en hann gerir í dag.

„Þetta er náttúrulega alveg galið á sama tíma og stjórnmöld eru að tala um landsbyggðarstefnu og söluaðili rafmagnsins er ríkisfyrirtæki.



Páll Ólafsson garðyrkjubóndi.

Orð og efndir eru því tvennt ólíkt í þessu tilfelli.“

Spara rafmagnið eins og hægt er

Að sögn Páls hefur hann dregið

úr raforkunotkun eins og hann mögulega getur án þess að valda tjóni á uppskerunni. „Ég reyni að spara rafmagnið eins og mögulegt er en svo verður einfaldlega að gera dæmið upp og sjá hvort það gengur upp eða ekki.“

Ég vil trúa því að það verði einhver breyting á þessu í nánustu framtíð og að starfshópurinn sem iðnaðarráðherra skipaði fyrir skömmu komi til með að taka á þessu máli.

Ég er samt hræddur um að greiðslubyrðin hjá mörgum sé nú þegar orðin það mikil, sér í lagi minni framleiðendum, að þeim blæði hratt út verði ekkert að gert fljótlega,“ segir Páll.

Hækkanirnar éta upp niðurgreiðslurnar

„Verð á raforku hefur hækkað eitthvað en flutningskostnaðurinn sérstaklega. Mig minnir að



flutningskostnaðurinn hjá RARIK hafi verið tæpar 4 krónur árið 2014 á hverja kílóvattstund en í dag er það 5,98 krónur fyrir hverja kílóvattstund.

Upphæðin í niðurgreiðslusjóði raforku til garðyrkjubænda vegna lýsingar er 270 milljónir og þegar flutningurinn hækkar svona mikið étur það sjóðinn upp.

Ef ég skil gjaldskrá RARIK rétt þá mundi ég borga 2,5 krónur fyrir kílóvattstundina ef ég væri í þéttbýli en þar sem ég bý í dreifbýli

borga ég 5,98 krónur fyrir hverja kílóvattstund. Á móti kemur dreifbýlisjöfnunargjald á móti upp á 1,8 krónur. Ég er því að borga, þegar upp er staðið, næstum því tvisvar sinnum meira fyrir dreifinguna en ef starfsemin væri í þéttbýli,“ segir Páll.

Rukkaður um sér álag

„Ég bý átta kílómetra frá Laxárvirkjun og nýja Þeistareykjavirkjunin er hér rétt fyrir ofan mig og Krafla ekki í nema 60 kílómetra fjarlægð. Hugsaðu þér vitleysuna, ég nota milli sjö og átta milljón kílóvattstundir á ári og RARIK rúkkar mig um sérstakt álag vegna flutningsins.“

Mér finnst að ríkisrekið einokunarfyrirtæki eins og RARIK eigi að geta rökstutt gjaldskrána sína betur en þeir gera í dag, ekki síst þegar hugsað er til þess að rafmagnid verður til úti á landi.“

– Sjá nánar bls. 2

FRÉTTIR

Hagstofa Íslands:

Skortur á konum

Í lok 1. ársfjórðungs 2018 bjuggu alls 350.710 manns á Íslandi, 178.980 karlar og 171.730 konur. Samkvæmt þessu vantar 7.250 konur á Íslandi svo að jafnræði sé á milli kynja.

Landsmönnum fjölgaði um 2.120 á ársfjórðungnum eða um 0,6%. Á höfuðborgarsvæðinu bjuggu 224.000 manns en 126.710 utan þess.

Alls fæddust 970 börn á 1. ársfjórðungi 2018, en 600 einstaklingar létust. Á sama tíma fluttust 1.740 fleiri einstaklingar til landsins en frá því. Aðfluttir einstaklingar með íslenskt ríkisfang voru 20 umfram brottflutta. Aðfluttir erlendir ríkisborgarar voru 1.720 fleiri en þeir sem fluttust frá landinu. Fleiri karlar en konur fluttust frá landinu.

Danmörk var helsti áfangastaður brottfluttra íslenskra ríkisborgara en þangað fluttust 150 manns á 1. ársfjórðungi 2018. Alls fluttust 560 íslenskir ríkisborgarar frá landinu og af þeim fluttust 370 til Danmerkur, Noregs og Svíþjóðar. Af þeim 810 erlendu ríkisborgurum sem fluttust frá landinu fóru flestir til Póllands, 300 manns.

Flestir aðfluttir íslenskir ríkisborgarar komu frá Danmörku (190), Noregi (120) og Svíþjóð (90), samtals 400 manns af 580. Pólland var upprunaland flestra erlendra ríkisborgara en þaðan fluttust 770 til landsins af alls 2.530 erlendum innflytjendum. Litháen (Lietuva) kom næst, en þaðan fluttust 320 erlendir ríkisborgarar til landsins. Í lok fjórða ársfjórðungs bjuggu 39.570 erlendir ríkisborgarar á Íslandi. /VH

Erlendir dýralæknar

Umboðsmaður Alþingis hefur lagt fram álit um að ráðning erlendra dýralækna af hálfu Matvælastofnunar til starfa í opinberri þjónustu fullnægi ekki skilyrði laga um að þeir hafi vald á íslenskri tungu.

Hlutfall erlendra dýralækna í störfum hjá stofnuninni hefur aukist á undanförunum árum þar sem ekki hefur tekist að ráða íslenskumælendi dýralækna í tiltekin störf. Það er mat MAST að án ráðningar erlendra dýralækna geti hún ekki sinnt skyldum sínum og án viðveru opinbers dýralæknis geti sláturhús ekki starfað. Bregðast þurfi við og skoða leiðir til úrbóta.

Félagsmenn Bí fá afslátt

Þessa dagana berast bændum reikningar vegna notkunar á forritum Bændasamtakanna. Athygli er vakin á því að til þess að njóta afsláttarkjara á hugbúnaði þurfa bændur að hafa borgað félagsgjöld í Bí.

Búið er að senda út reikninga vegna árgjalds á Dk-Búbót og tveggja mánaða af hýsingu en fljótlega fá notendur Jarðar, Huppu, Fjárvis og Heiðrúnar reikninga í sinn heimabanka.

Þeir bændur, sem hafa ekki ennþá gert upp félagsgjöldin, eru hvattir til þess. Nýjum félögum er bent á að skrá sig á bondi. Ís eða hafa samband símleiðis. Þjónustufulltrúar Bændasamtakanna svara fyrirspurnum í netfangið bondi@bondi.is og í síma 563-0300.



BÆNDASAMTÖK ÍSLANDS

Lýsing í gróðurhúsum:

Spurning hvort afurðir standi undir lýsingakostnaði

Garðyrkjubændur sem nota lýsingu í gróðurhúsum standa frammi fyrir þeirra spurningu hvort afurðaaaukningin vegna lýsingarinnar standi undir kostnaði.

Í búvörusamningnum er stefnt að því að endurgreiða bændum allt að 95% af flutningskostnaði raforku. Það sem af er þessu ári hefur endurgreiðslan verið 63%.

Gunnar Þorgeirsson, garðyrkjubóndi í Ártanga í Grímsnesi og formaður Sambands garðyrkjubænda, segir að í búvörusamningnum sé stefnt að allt að 95% niðurgreiðslu á flutningi á raforku til garðyrkjubænda vegna gróðurhúsálýsingar. „Á síðasta ári var niðurgreiðslan 73% af flutningskostnaðinum og að hluta til voru það fjármunir sem áttu að fara til að niðurgreiða flutningskostnaðinn á þessu ári, 2018. Miðað við fyrstu mánuði þessa árs er endurgreiðsluhlutfallið ekki nema 63%.“

Heildarupphæðin til niðurgreiðslu á flutningskostnaði raforku vegna gróðurhúsálýsingar garðyrkjubænda samkvæmt fjárlögum á síðasta ári var 270 milljónir en af þeirri upphæð fóru 30 milljónir inn á þetta ár. Eftir stóðu því 240 milljónir.“

Spurning um kostnað

„Gunnar segir að hver og einn garðyrkjubóndi verði að meta það í kostnaðarrekstri hvort það svari kostnaði að lýsa húsin eða ekki og ég veit að nokkrir hafa komist að



Gunnar Þorgeirsson, garðyrkjubóndi í Ártanga í Grímsnesi og formaður Sambands garðyrkjubænda.

þeirra niðurstöðu að það borgar sig alls ekki.

Það er ekki almenn stefna Sambands garðyrkjubænda að menn eigi að hætta að lýsa húsin hjá sér en að sjálfsögðu er umræða um það í gangi á milli þeirra sem eru að nota lýsingu.

Vandinn er sá að þegar endurgreiðsluhlutfallið er komið niður í 63% þá er orðið spurning um hvort afurðirnar sem verið er að framleiða standi undir lýsingakostnaðinum.“

Föst upphæð samkvæmt búvörusamningnum

Lýsingakostnaður garðyrkjubænda hefur verið í umræðunni í mörg ár.

„Allt þar til við gerðum síðustu búvörusamninga þurftu garðyrkjubændur að semja við fjárlaganefnd um endurgreiðsluupphæðina á hverju ári.

Samkvæmt núgildandi búvörusamningi er um að ræða fasta krónutölu, 280 milljónir, sem á að fara til niðurgreiðslu á flutningskostnaði raforkunnar og eftir því sem lýsingin eykst lækkar endurgreiðsluhlutfallið.

Ekki hjálpar heldur til þegar búið er að eyða hluta fjármagnsins fyrirfram,“ segir Gunnar.

Flutningskostnaður á raforku hefur hækkað umtalsvert

„Hvað verð á raforku varðar hefur

í mörg ár verið reynt að semja við raforkusala um að garðyrkjan fái raforkuna á sama verði og aðrir stórkaupendur. Því miður er sú umræða gersamlega strand sem stendur í gjaldskrá rafveitnanna og ekki vilji hjá þeim að koma til móts við garðyrkjubændur um lækkun hennar.

Flutningur á raforku hefur einnig hækkað umtalsvert á síðustu árum og langt umfram annað verðlag og sérstaklega gjaldskrá Landsnets. Það segir sig sjálft að þegar flutningskostnaðurinn hækkar á móti fastri tölu endurgreiðsluhlutfallsins verður minna til skiptanna,“ segir Gunnar Þorsteinsson, formaður Sambands garðyrkjubænda, að lokum. /VH

Raforkumál garðyrkjunnar:

Iðnaðarráðherra skipar starfshóp

Þórdís Kolbrún R. Gylfadóttir, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra, skipaði nýverið starfshóp sem ætlað er að fara yfir raforkumál garðyrkjunnar.

Samkvæmt skipunarbréfinu er hlutverk starfshópsins að kortleggja þróun framleiðslukostnaðar garðyrkjubænda og hlut raforku í honum, kortleggja þróun gjaldskrárbreytinga, taxa og niðurgreiðslna vegna raforku-notkunar garðyrkjubænda og bera saman við nágrannalönd. Kanna möguleika til aukinnar nýsköpunar, þróunarverkefna og samstarfs sem byggir á sérstöðu garðyrkju, sem m.a. geti leitt til lægri framleiðslukostnaðar, (til dæmis orkusparnað með innleiðingu LED lýsingar) Einnig að kanna hvaða möguleikar og verðmæti kunni að felast í kolefnisfótspori garðyrkjunnar, eða öðrum loftslagstengdum áherslum. Til dæmis þátt upprunaábyrgða í því samhengi og kostnað af þeim ef einhver er.

Starfshópin skipa

Starfshópin skipa Ásmundur Friðriksson, alþingismaður, formaður, Knútur Rafn Ármann, tilnefndur af Sambandi garðyrkjubænda, Gunnar Þorgeirsson, tilnefndur af Sambandi sunnlenskra sveitarfélaga, dr. Guðbjörg Óskarsdóttir, tilnefnd af Nýsköpunarmiðstöð Íslands og Pétur E. Þórðarson, tilnefndur af RARIK.

Bakgrunnsupplýsingar fyrir starfshópin

Í skipunarbréfi starfshópsins kemur



Þórdís Kolbrún R. Gylfadóttir, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra.

fram að raforkumál garðyrkjubænda hafa um langt skeið verið til umræðu og skoðunar, enda raforka stór þáttur í rekstrarkostnaði hjá garðyrkjubændum.

Garðyrkjubændur hafa frá árinu 2005 haft samning við stjórnvöld um að ríkisvaldið greiði niður flutning og dreifingu á raforku til lýsingar í ylrækt. Í reynd hefur þetta verið þannig að garðyrkjubændur greiða fyrir notkun orkunnar en ríkið hefur greitt flutning og dreifingu niður um 95%. Fjárlagaliðurinn heyrir undir sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra og hefur atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið áskilið sér rétt til að breyta hlutfalli niðurgreiðslna til samræmis við fjárveitingar á Alþingi hverju sinni.

Upphaflega var niðurgreiðsluhlutfallið 95% en fór lækkandi og var árið 2013 komið í 76% í þéttbýli



Ásmundur Friðriksson alþingismaður, formaður starfshóps um raforkumál garðyrkjunnar.

og 84% í dreifbýli. Árið 2014 voru niðurgreiðslurnar auknar á fjárlögum og fór hlutfallið þá í 87% í þéttbýli og 92% í dreifbýli. Árið 2017 var hlutfallið 86% í þéttbýli og 91% í dreifbýli. Í lok árs 2017 var garðyrkjubændum tilkynnt að niðurgreiðsluhlutfall í þéttbýli verði 64,8% og dreifbýli 69,2% frá 1. janúar 2018.

Þrenns konar kostnaðarþættir

Raforkuverð til garðyrkjubænda samanstendur af þremur þáttum, flutningi, dreifingu og sjálfri orkunni. Flutningskostnaður er eins fyrir alla. Það sem hefur verið til skoðunar er hvernig unnt sé að lækka kostnað við dreifingu raforkunnar.

Til þess hafa í grunninn verið tvær leiðir. Önnur er sú að auka

framangreindar niðurgreiðslur með viðbótarframlagi úr ríkissjóði. Hin leiðin er sú að reyna að hafa áhrif á gjaldskrársetningu dreifiveitna, til dæmis með því að breyta reglugerðum.

Með reglugerðarbreytingu nr. 259/2012 var komið til móts við óskir garðyrkjubænda varðandi skilgreiningar á þéttbýli og dreifbýli, sem leiddi til aukins möguleika garðyrkjubænda að vera á hagstæðari gjaldskrá dreifiveitna.

Frekari hugmyndir um reglugerðarbreytingar hafa verið ræddar en hafa ber í huga að jafnræðissjónarmið raforkulaga setja ákveðnar skorður í þessu sambandi og erfitt út frá almennum jafnræðisreglum, og raforkutillskipunum ESB, að heimila sér gjaldskrá fyrir einn hóp raforkunotenda.

Aðrar leiðir

Um nokkurt skeið hafa verið til skoðunar aðrar leiðir en auknar niðurgreiðslur eða sérsniðnar reglugerðarbreytingar, til að mæta þörfum og sjónarmiðum garðyrkjubænda. Bent hefur verið á að til lengri tíma er óheppilegt að þessi atvinnugrein sé háð árlegum ákvörðunum Alþingis um niðurgreiðslur og að sama skapi eru lagaleg takmörk fyrir því hversu mikið hægt er að sérsníða regluverk gjaldskrármála dreifiveitna fyrir einn viðskiptavinahóp. Hafa ber í huga að dreifiveitur eru háðar tekjumörkum sem þeim eru settar af sjálfstæðu raforkueftirliti Orkustofnunar og hefur ráðuneytið enga aðkomu að því ferli. /VH



Núna er tilvalið að tryggja sér góða vél á **sértilboði** **Kr. 2.690.000 +vsk.**
Verð áður kr. 3.115.000 +vsk.

Lely Hibiscus 815 rakstrarvél

Tæknilega framúrskarandi vél þar sem gæði og góð þjónusta er í fyrirrúmi

Aðrar Lely heyvinnuvélar

Hibiscus Rakstrarvélar	Vinnslubreidd	Fjöldi arma	Þyngd	Verð án vsk.
GH0104 Hibiscus 425 S - Lyftutengd	3,2 - 4,25	11	705	990.000 kr.
GH0107 Hibiscus 455 S - Lyftutengd	3,5 - 4,55	11	765	1.050.000 kr.
GH0105 Hibiscus 485 S - Lyftutengd	3,8 - 4,75	13	845	1.250.000 kr.
GH0201 Hibiscus 715 CD	6,75 - 7,05	10	1760	2.589.000 kr.
GH0217 Hibiscus 815 CD Vario	7,45 - 7,95	11	2080	2.690.000 kr.
				Verð áður 3.115.000 kr.

Miðjuhengdar	Vinnslubreidd	Fjöldi diska / hnífa á disk	Þyngd	Verð án vsk.
Splendimo Sláttuvélar				
GS0601 Splendimo 240 Classic	2,4	6 / 2	555	990.000 kr.
GS0701 Splendimo 280 Classic	2,8	7 / 2	585	1.146.000 kr.
GS0801 Splendimo 320 Classic	3,2	8 / 2	670	1.250.000 kr.
GS0702 Splendimo 280 M (540rpm)	2,8	7 / 2	750	1.394.000 kr.
GS0802 Splendimo 320 M (540rpm)	3,2	8 / 2	805	1.533.000 kr.
GS0902 Splendimo 360 M (540rpm)	3,6	9 / 2	845	1.644.000 kr.
GS0901 Splendimo 360 M (1000rpm)	3,6	9 / 2	845	1.644.000 kr.
GS0808 Splendimo 320 MC (1000rpm)	3,2	8 / 2 knosari	995	2.055.000 kr.

Framsláttuvélar	Vinnslubreidd	Armar	Þyngd	Verð án vsk.
GS0719 Splendimo 300 FS (1000rpm)	3	7 / 2	630	1.467.000 kr.
GS0804 Splendimo 320 F (1000rpm)	3,2	8 / 2	815	1.509.000 kr.
GS0806 Splendimo 320 FC (1000rpm)	3,2	8 / 2 knosari	1060	2.335.000 kr.

Sláttuvéla-fiðrildi	Vinnslubreidd	Armar	Þyngd	Verð án vsk.
GS1602 Splendimo 900 M - 3 sláttuvélar	8,85	2 x 8 / 16	2500	5.115.000 kr.

Lotus heyþylur	Vinnslubreidd	Armar	Þyngd	Verð án vsk.
GL0201 Lotus 300 Combi - Lyftutengd	3	2 x 8	330	568.000 kr.
GL0405 Lotus 520 Stabilo - Lyftutengd	5,2	4 x 6	715	1.095.000 kr.
GL0403 Lotus 600 Stabilo - Lyftutengd	6	4 x 8	830	1.363.000 kr.
GL0601 Lotus 675 Stabilo - Lyftutengd	6,75	6 x 6	960	1.550.000 kr.
GL0602 Lotus 770 Stabilo - Lyftutengd	7,7	6 x 6	1030	1.622.000 kr.
GL0814 Lotus 900 Profi - Dragtengd	9	8 x 6	2200	2.996.000 kr.
GL0813 Lotus 1020 Profi - Dragtengd	10,2	8 x 7	2330	3.283.000 kr.
GL1002 Lotus 1250 Profi - Dragtengd	12,5	10 x 7	3000	4.360.000 kr.

Lely Welger rúlluvél	Verð án vsk.
Welger Tornado RPC 245 25 hnífa	9.890.000 kr.

Verð eru miðuð við gengi EUR 123

Aðeins 5 Hibiscus 815 vélar í boði á þessu sértilboði

Lely hibiscus rakstrarvélar eru áreiðanlegar og sterkar vélar.

Feikna sterkt drif og öflugir armar gera vélanar mjög gangöruggar og þær þola mikið álag og mikla notkun

Lely rakstrarvélar er auðvelt að stilla og þær skila mágum sem einkar auðvelt er að rúlla upp úr

2 ára verksmiðjuábyrgð er á öllum Lely heyvinnuvélum



Allar Lely heyvinnuvélar eru afgreiddar samsettar

NB LANDBÚNAÐUR
Lely center Ísland

farming innovators

Krókhálsi 5F • 110 Reykjavík • Sími: 414-0000 • Baldursnes 2 • 603 Akureyri • Sími: 464-8600



FRÉTTIR

Garðyrkjubýlið Brúnalaug í Eyjafirði:

Búið að slökkva á helmingi lýsingarinnar

Ábúendurnir á Brúnalaug í Eyjafirði hófu lýsingu á papriku í gróðurhúsum árið 2008. Vegna hækkunar á kostnaði við lýsinguna hafa þau slökkt á helmingi lýsingarinnar í mesta skammdeginu og þegar afhendingartími rafmagnsins í dýrastur.

Anna Sigríður Pétursdóttir, garðyrkjubóndi að Brúnalaug í Eyjafirði, segir að í tilfelli Brúnalaugar sé búið að slökkva á helmingi ljósaraðanna yfir dýrasta lýsingartímann þar sem það svari ekki lengur kostnaði að auka uppskeruna með lýsingu.

Margföld hækkun rafmagns

„Við slökktum á annarri hverri ljósaröð þegar við urðum þess áskynja að rafmagnsreikningurinn hafði hækkað í janúar á þessu ári.

Árið 2008 skall kreppan á og 2009 fengum við undanþágu hjá



Anna Sigríður Pétursdóttir, garðyrkjubóndi að Brúnalaug í Eyjafirði,

Seðlabankanum til að kaupa ljós vegna þess að við framleiðum matvæli,“ segir Anna. Eftir að ljósin voru komin upp jókst uppskeran í húsunum um að minnsta kosti 10 tonn miðað við það sem hún var fyrir lýsingu á sama fermetra fjölda. Það var því greinilegt að hún hafði mikil áhrif en kostnaðurinn

við framleiðsluna jókst einnig mjög mikið og hann hefur aukist jafnt og þétt síðan þá.

Kostnaðinum við rafmagnið var skipt í tvennt. Annars vegar orkuna sjálfa og hins vegar flutningurinn á henni keyrði alveg um þverbak hvað hækkun varðar.

Kostnaður við flutninginn hefur

hækkað fjórfalt síðan árið 2016.

Staðan í dag er einfaldlega sú að það hreinlega borgar sig ekki að lýsa yfir dýrasta afhendingartíma rafmagnsins,“ segir Anna. „Sá tími er frá október og út apríl. Við notum svokallaðan afltaxta.“

Aftloppur eða tímaháður taxti

Anna telur að fleiri garðyrkjubændur séu að ihuga að draga úr lýsingu yfir mesta skammdegið og dýrasta afhendingartímann vegna þess að það svari einfaldlega ekki kostnaði að rækta grænmeti á þeim kjörum sem bjóðast.

Garðyrkjubændum býðst að kaupa rafmagn með tvenns konar hætti. Annars vegar á svokölluðum aftloppi en hins vegar í tímaháðum taxta. Samkvæmt tímaháðum taxta er afhending rafmagns dýrari á þeim tímum sólarhringsins þegar almenn notkun er mest. Kaup á

aftloppum þýðir að rafmagn er keypt þegar orkustreymi er mest á tímaeiningu

Mikil hækkun á dreifingu

Samkvæmt rafmagnsreikningum sem Bændablaðið hefur undir höndum kostaði dreifing á orku til garðyrkjubænda í dreifbýli 4,70 krónur fyrir hverja kílóvattstund árið 2017 en hefur hækkað í 5,83 krónur 2018.

Innlend orka of dýr

Að sögn Önnu er skammarlegt til þess að hugsa að staðan sé sú að íslenskir garðyrkjubændur geti ekki boðið upp á íslenskt grænmeti allt árið vegna þess að innlend og umhverfisvæn orka sé of hátt verðlögð og þess í stað sé flutt inn grænmeti í stórum stíl með tilheyrandi kostnaði og mengun.

/VH



Innlausn á greiðslumarkmi mjólkur

Á öðrum innlausnardegi ársins 2018 fyrir greiðslumark mjólkur þann 1. maí var greiðslumark 23 búa innleyst og 110 handhafar lögðu inn kauptilboð.

Á innlausnardegnum 1. maí innleysti Matvælastofnun, fyrir hönd ríkisins, greiðslumark 23 framleiðenda samtals 1.044.193 lítra að upphæð 127.391.546 krónur. Matvælastofnun úthlutaði 262.846 lítrum úr forgangspotti 1, 10% umframframleiðslupotti, 262.846 lítrum úr forgangshópi 2, nýliðahópi, og loks 525.692 lítrum úr almennum potti.

Tilboð um kaup á greiðslumarkmi voru frá 110 framleiðendum og var alls óskað eftir 33.302.367 lítrum. Í forgangi 1, framleiðendur sem höfðu framleitt 10% umfram greiðslumark á viðmiðunarárunum, voru 53 framleiðendur og í nýliðaforgangi voru 16 framleiðendur.

Innlausnarvirði greiðslumarks mjólkur er 122 krónur á lítra á árinu 2018 og annast Matvælastofnun innlausn greiðslumarks og innlausn greiðslumarks mjólkur fer fram 1. mars, 1. maí, 1. september og 1. nóvember ár hvert.

/VH

Endurheimta votlendi í Fjarðabyggð

Á vegum Landgræðslu ríkisins er að hefjast endurheimta á 60 hektara votlendi í Fjarðabyggð. Verkefnið felur einnig í sér vöktun á breytingum sem verða á svæðinu við þessa aðgerð.

Þá er ætlunin að útbúa tilheyrandi fræðsluefni fyrir grunnskólanema og almennung. Verkefnið hlaut 150 þúsund dollara styrk frá Samfélagsgjóði Alcoa (Alcoa Foundation) og verður unnið í nánú samstarfi við sveitarfélagið Fjarðabyggð.

Það voru þeir Magnús Þór Ásmundsson, forstjóri Fjarðaaíls, Árni Bragason landgræðslustjóri og Páll Björgvin Guðmundsson, bæjarstjóri Fjarðabyggðar, sem hrintu verkefninu af stað með táknrænum hætti þegar þeir hófu að moka ofan í fyrsta skurðinn af mörgum. Athöfn fór fram 2. maí á Hólum í Reyðarfirði, en þar verða endurheimtir um 60 hektara eins og fyrr segir. Votlendi varðveitt mikið af kolefnisforða jarðar en ef votlendi er þurrkað



Moka ofan í fyrsta skurðinn. Talið frá vinstri: Magnús Þór Ásmundsson, forstjóri Alcoa Fjarðaaíls, Árni Bragason landgræðslustjóri og Páll Björgvin Guðmundsson, bæjarstjóri Fjarðabyggðar.

Mynd / ÁP

upp hefst útblástur gróðurhúsa-lofttegunda.



Frá afhendingu landgræðsluverðlaunanna 2018. Talið frá vinstri: dr. Ólafur Arnalds, Guðmundur Ingi Guðbrands-son umhverfisráðherra, fulltrúar Hrunamannahrepps, þau Börkur Brynjarsson, Hannibal Kjartansson, Halldóra Hjörleifsdóttir og Jón G. Valgeirsson, en lengst til hægri er Árni Bragason landgræðslustjóri.

Mynd / Áskell Þórisson

Landgræðsluverðlaunin 2018:

Viðurkenningar veittar fyrir landgræðslu og landbætur

Landgræðsluverðlaunin 2018 voru afhent á ársfundi Landgræðslunnar fyrir skömmu. Verðlaunin eru veitt árlega einstaklingum og félagasamtökum sem hafa unnið að landgræðslu og landbótum. Með veitingu landgræðsluverðlaunanna vill Landgræðslan vekja athygli á mikilvægu starfi margra áhugamanna að landgræðslumálum.

Verðlaunahafar að þessu sinni voru Hrunamannahreppur, Sigrún Snorraddóttir og Guðmundur Eiríksson, Starmýri I í Álfafirði og Ólafur Arnalds, doktor í jarðvegsfræðum og prófessor við Landbúnaðarháskóla Íslands.

Hrunamannahreppur

Á heimasíðu Landgræðslunnar segir að Landgræðslan og Hrunamannahreppur hafi unnið að þróunarverkefni um hvernig nýta mætti seyru til landgræðslu frá árinu 2012.

Við gróðurmeiðingar þremur árum eftir að verkefnið hófst kom í ljós að gróðurþekjan hafði aukist úr 15 í 65% sem verður að teljast góður árangur eftir einskiptis landgræðsluáðgerð.

Sveitarfélagið hóf þá samstarf

við fjögur önnur sveitarfélög, Bláskógabyggð, Grímsnes- og Grafningshrepp, Flóahrepp og Skeiða- og Gnúpverjahrepp, um nýtingu seyru til uppgræðslu og hafa þau byggt upp sameiginlega aðstöðu fyrir verkefnið.

Aðferðum hefur verið breytt, þannig að seyran er ekki lengur felld ofan í jörðina, heldur er kalki blandað í hana og henni dreift á yfirborð landsins. Kölkunin drepur allar smitandi örverur og því er heimilt að dreifa henni á yfirborðið.

Með þessu verkefni hefur verið rudd braut til að nýta lífrænan úrgang sem fellur til í öllum sveitarfélögum til uppgræðslu. Þannig hefur efni sem áður var meðhöndlað sem úrgangur sem þyrfti að farga, verið breytt í verðmæta afurð.

Sigrún Snorraddóttir og Guðmundur Eiríksson

Árið 1995 markar ákveðin þáttaskil í uppgræðslu lands á Starmýri en þá tóku bændur á Starmýrabæjum sig saman og hófu í félagi uppgræðslu mela með kerfisbundnum hætti undir merkjum verkefnisins Bændur græða landið. Það uppgræðslustarf hefur haldist nær óslitið síðan þó að hin síðari ár hafi aðstæður breyst

á nágrannabæjum og verkefnið einskorðast við elju og áhuga þeirra hjóna á Starmýri I.

Starfið ber allt merki mikillar natni, umhyggju fyrir landinu og metnaði í uppgræðslustarfinu.

Ólafur Arnalds

Ólafur Arnalds, doktor í jarðvegsfræðum og prófessor við Landbúnaðarháskóla Íslands, hefur fengist við rannsóknir á íslenskum jarðvegi um áratuga skeið, þar á meðal rannsóknir á eðli jarðvegsrofs og sandfoks, sem er óvída meira en hér og hefur mótandi áhrif á vistkerfi landsins. Ólafur hefur einnig stundað rannsóknir á landgræðslu, kolefnisbindingu í jarðvegi, vistheimt og ástandi lands.

Ólafur hefur verið mikilvirkur í ritstörfum og eftir hann liggja innlend og alþjóðleg fræðirit, auk fjölda ritýndra greina. Hann hefur einnig verið ötull við að miðla fróðleik um íslenskan jarðveg og ástand vistkerfa til almennings.

Á árunum 1991–1997 stýrði Ólafur kortlagningu jarðvegsrofs á Íslandi og gerð fræðslu- og kennsluefnis um sama efni. Fyrir það verkefni hlaut hann Umhverfisverðlaun Norðurlandaráðs árið 1998.

/VH

KUBOTA
heyvinnuvélar
klárar í sláttinn



Kubota heyvinnuvélar

**Erum að taka á móti fyrstu gámunum af KUBOTA heyvinnuvélum.
Nú er rétti tíminn til að tryggja sér vél tímanlega fyrir slátt.**

Sláttuvélar

Miðjuhengdar í vinnslubreiddum 2,8 m upp í 4,0 m. Þriggja-hnífa diskar tryggja þéttan og góðan slátt.

Rakstarvélar

Einnar stjörnu með vinnslubreidd upp í 4,6 m - tveggja stjörnu með vinnslubreidd upp í 9 metra og fjögurra stjörnu vélar með vinnslubreidd upp í 15 metra.

Snúningsvélar

Fjögurra, sex, átta og tíu stjörnu vélar með vinnslubreidd frá 4,6 m upp í 14,0 m.

Rúlluvélar

Lauskjarna rúlluvélar með öflugum mótunarbúnaði, netbindingu söxun og skila þéttum og góðum rúllum.

Leitið nánari upplýsinga hjá sölumönnum okkar



Þ Ó R H F

REYKJAVÍK:
Krókháls 16
Sími 568-1500

AKUREYRI:
Baldursnesi 8
Sími 568-1555

Vefsíða:
www.thor.is



Bændablaðið

– Mál gagn bænda og landsbyggðar –

Bændablaðið kemur út 24 sinnum á ári. Því er dreift ókeypis á yfir 400 stöðum á landinu og á öll lögbýli landsins.

Lesendur geta einnig gerst áskrifendur að blaðinu og fengið það sent heim í pósti gegn greiðslu. Árgangurinn kostar þá kr. 10.500 með vsk. (innheimt í tvennu lagi). Ársáskrift fyrir eldri borgara kostar 5.250 með vsk.

Heimilisfang: Bændablaðið, Bændahöll við Hagatorg, 107 Reykjavík.

Sími: 563 0300 – **Fax:** 562 3058 – **Kt:** 631294–2279

Bændablaðið er í eigu Bændasamtaka Íslands.

Ritstjóri: Hörður Kristjánsson (ábm.) hk@bondi.is – **Sími:** 563 0339 – **Rekstur og markaðsmál:** Tjörvi Bjarnason tjorvi@bondi.is – **Blaðamenn:** Margrét Þ. Þórsdóttir mth@bondi.is – Sigurður Már Harðarson smh@bondi.is – Vilundur Hansen vilmundur@bondi.is – **Auglýsingastjóri:** Guðrún Hulda Pálsdóttir ghp@bondi.is – **Sími:** 563 0303 – **Netfang auglýsinga:** augl@bondi.is – **Vefur blaðsins:** www.bbl.is – **Netfang blaðsins:** (fréttir og annað efni) er bbl@bondi.is

Frágangur fyrir prentun: Anna Kristín Ólafsdóttir – Prentun: Landsprent ehf. – Upplag: sjá forsiðu – Dreifing: Landsprent og Íslandspóstur. ISSN 1025-5621

SKOÐUN

Virðum reglur

Sem betur fer eru flestir ökumenn löghlýðnir og fara eftir settum reglum, jafnt í borg, bæjum og sveitum landsins. Innan um hina heiðvirðu ökumenn eru samt allt of margir skussar sem setja sjálfan sig og aðra vegfarendur í stórhættu á hverjum einasta degi.

Auðvitað ætti ekki að þurfa að beita refsingum til að fá fólk til að haga sér skynsamlega í umferðinni, en reynslan sýnir því miður að það er nauðsynlegt. Þann fyrsta maí síðastliðinn öðlaðist gildi ný reglugerð með viðauka þar sem verulega er hert á sektarákvæðum og upphæðir hækkaðar til muna.

Flestir hafa orðið varir við umræðu um 47. gr. a. um notkun farsíma án handfrjáls búnaðar við akstur vélknúins ökutækis. Sekt við slíku broti hækkaði úr 5.000 í 40.000 krónur. Það er þó aragrúi annarra sektarákvæða sem hækkuðu einnig sem vert væri fyrir allan almenning og þar með verktaka og bændur að skoða líka. Þar má t.d. benda á 78. grein um rekstur búfjár:

1. mgr.: Búfé rekið á vegi í þéttbýli án leyfis lögreglustjóra 20.000.

2. mgr.: Of fáir gæslumenn við rekstur búfjár í dreifbýli 20.000.

3. mgr.: Búfé ekki vikið fljótt og greiðlega úr vegi annarrar umferðar 20.000.

Bændur ekki síður en verktakar mættu líka hafa í huga að við broti á reglum um hleðslu, frágang og merkingu á farmi geta verið töluverðar sektir, allt eftir eðli brots. Þær eru frá 20 til 160.000 krónum.

Í 86. grein er ákvæði er varðar vegavinnu og virðast ansi oft brotin án þess að nokkuð sé aðhafst, en þar segir:

Merkingar þegar rökun á vegi vegna vegavinnu eða af öðrum ástæðum veldur hættu. Ófullnægjandi merking 20.000–40.000. Reyndar mættu veghaldarar líka alveg taka þetta til sín, því oft eru umferðarmerkingar ekki eins og best verður á kosið.

Fjöldmörg ákvæði varða alla ökumenn hvar sem er í umferðinni. Þó vetur eigi nú að vera liðinn, þá er leti og trassaskapur ökumanna ekki litinn hýru auga af löggjafanum og reglugerðarsmiðum. Ef letin er að drepa menn á frostmorgni og fólk að flýta sér á leið í vinnu og nennir ekki að skafa hélu af rúðum, þá getur það kostað viðkomandi 20.000 krónur. Leti af þessu tagi getur nefnilega af augljósum ástæðum skapað stórhættu í umferðinni.

Þá eru það ákvæði um ljósanotkun sem hafa verið tekin allt of miklum vettlingatökum til þessa. Trassaskapur, leti og hreint hugsunarleysi í þeim efnum getur nefnilega valdið stórhættu og hefur margitrekað valdið stórtjóni og slysum á fólk.

Í 31. grein reglugerðar er tekið á merkjum og merkjagjöf og þar er að sjálfsögðu líka átt við stefnuljós. Nenni menn ekki að gefa stefnuljós, þá getur það kostað viðkomandi 20.000 krónur. Ef menn kunna hins vegar ekki að nota slíkan ljósabúnað ætti auðvitað að svipta viðkomandi ökuréttindum.

Samkvæmt umferðarlögum á alltaf að nota full ökuljós í akstri, allan sólarhringinn. Þar dugar ekki sjálfvirk kveiking á ljósum sem fylgir flestum nýjum bílum í dag og kveikja bara „led“ ljós að framan og oft engin ljós á afturhluta ökutækis. Í 1. málsgrein 32. gr. reglugerðar segir að ef ökuljós eru eigi tendruð í dagsbirtu, þá er sektarákvæðið 20.000 krónur.

2. mgr.: Ökuljós eigi tendruð þegar birta er ófullnægjandi 20.000.

3.–8. mgr.: Óheimil eða röng notkun ljósa 20.000.

Þegar menn stöðva bifreið, t.d. úti í vegkanti, þá ber að nota stöðuljós. Í 33. grein segir að ef stöðuljós eru eigi tendruð, þá er sektin 20.000 krónur. /HKr.

Sanngjörn samkeppni?

Sindri Sigurgeirsson

formaður Bændasamtaka Íslands
sindri@bondi.is



Þann 1. maí tók gildi nýr viðskiptasamningur á milli Íslands og Evrópusambandsins, oft nefndur tollasamningur. Ísland er nú orðið það land í veröldinni sem leggur tolla á hvað fæstar vörur yfirleitt. Ríkisstjórn árána 2013–2016 afnam einhliða alla tolla nema á matvörum, án þess að nokkuð kæmi þar á móti. Nær 90% af tollskránni ber engan toll yfirleitt, sama hvaðan vörurnar koma, og enginn gagnkvæmur aðgangur er tryggður á móti. Þessi tala er 26% í Evrópusambandinu. Sama ríkisstjórn undirritaði framangreindan samning haustið 2015.

Tollfrjáls innflutningur frá ESB-löndum

Á árunum eftir hrun voru miklir möguleikar fölgirnir í auknum útflutningi á skyri og lambakjöti á Evrópumarkað. Framleiðendur í þeim greinum vildu freista þess að fá aukinn markaðsaðgang. ESB verndar nefnilega sína framleiðslu með tollum og er ekki með neinar fyrirtælanir um að hætta því. Vonir stóðu til að í þessum samningi yrði tekið tillit til stærðar markaða – þannig að samið væri um tollfrelsi fyrir sambærilega markaðshlutdeild beggja vegna. Svo varð aldeilis ekki. Samningurinn fellir niður tolla á unnum matvælum frá ESB. Það eru um 75% af þeim tollnúmerum sem almennt bera toll. Tollar lækka á 8% til viðbótar. Að öllu þessu virtu verður samningurinn til þess að flytja má rúm 97% af tollskránni hingað frá ESB tollfrjálst og tæpt 1% til viðbótar á lægri tollum. Þá standa eftir tæp 2% á fullum tollum. Það er öll tollverndin sem íslensk matvælaframleiðsla nýtur eftir gildistöku samningsins.

Fimmföldun innflutningskvóta frá ESB

En ekki nóg með það. Í samningnum er til viðbótar kveðið á um tollfrjálsa kvóta – innan þeirra tveggja prósentu sem bera toll. Kvótar sem ESB fær að flytja hingað fimmfaldast þegar samningurinn hefur tekið gildi að fullu



í ársbyrjun 2021. Tollfrjálsir kvótar Íslands þrefaldast á sama tíma.

Rislitlar mótvægisáðgerðir

Eftir að samningurinn var undirritaður stofnsetti þáverandi landbúnaðarráðherra vinnuhóp til að skoða hvernig mætti koma til móts við fyrirsjáanleg áhrif hans á landbúnað. Sá hópur skilaði skýrslu með átta tillögum í júní 2016. Enn sem komið er hafa ráðherrann og sporgöngufólk hans í ráðuneytinu komið litlu í framkvæmd af þeim tillögum. Ekki einu sinni þeirri að nýting á tollkvótum yrði umreiknuð yfir í kjöt á beini eins og gert er í ESB. Í þeim efnum skiptir máli að spila eftir sömu leikreglum. ESB umreiknar beinlaust kjöt yfir í heila skrokka í mörgum tilvikum. Það er eðlilegt og sanngjarnt að nota sömu stuðla hvort sem kjöt er flutt inn eða út úr landinu.

Þá heimta sumir að hluti kvótanna verði opnaður einhliða strax og vísa til umræðna á Alþingi við afgreiðslu búvörusamninganna árið 2016. Það var vissulega rétt en það var líka rétt að þá þyrfti að hraða opnun á okkar kvóta inn á markaði ESB. Ekki hefur borið á því að það hafi einu sinni verið reynt.

Tollvernd er til að jafna samkeppnisstöðu

milli landa, til dæmist vegna mismunandi framleiðsluáðstæðna. Með tollvernd er jafnframt leitast við að tryggja innlendan framleiðsluvilja. Hún er önnur tveggja meginstöða landbúnaðarstefunnar. Sumar búgreinar treysta alfarið á hana, aðrar á beinan stuðning og enn aðrar á blöndu beggja. Allt þetta hefur þýðingu til að standa vörð um innlend störf, heilbrigða búvöruframleiðslu án lyfja og hormóna og byggð í landinu.

Íslenskum landbúnaði er ógnað

Takist hagsmunagæslumönnum innflutningsaflanna að brjóta það litla sem eftir er af tollvernd innlendra búvara er hætt við því að búskapur dragist hratt saman á Íslandi. Nýliðið Búnaðarþing tók svo djúpt í árinna að álykta um að tollasamningum við ESB frá 2007 og 2015 yrði sagt upp með vísan til breyttra forsenda. Bændur sætta sig einfaldlega ekki við að innlendum landbúnaði sé ógnað með þessum hætti.

Við endurskoðun búvörusamninganna á næsta ári þarf að ræða stöðu og virkni tollverndar í heild. Þar munu bændur krefjast þess að ríkisstjórn Íslands og Alþingi taki stöðu með innlendri matvælaframleiðslu með því að styrkja tollvernd íslensks landbúnaðar.

ÍSLAND ER LAND PITT



Þorlákshöfn (áður Elliðahöfn) er bær í Sveitarfélaginu Ölfusi í Árnessýslu. Árið 2015 voru um 1.700 manns með skráða búsetu í bænum, en þann 1. janúar síðastliðinn voru skráðir íbúar 1.651. Í apríl 1937 keypti Kaupfélag Árnesinga með aðstoð Egils Thorarensens jörðina Elliðahöfn sem seinna var nefnd Þorlákshöfn af efnamönnum í Reykjavík. Þaðan voru síðan gerðir út nokkrir bátar til fiskveiða, áhugi komst með tíð og tíma á fyrir því að koma upp hafnaraðstöðu á þessu svæði. Hagur Þorlákshafnar vænkaðist töluvert eftir að ákveðið var á fundi í Selfossbíói, þann 10. júní 1949, að stofna hlutafélagið Meitillinn h.f. með hlutafé frá sveitungum. Hafist var handa við útgerð á fimm vélbátum snemma næsta ár eftir að gengið hafði verið frá kaupum á þeim og 1951 voru 14 manns með skráða búsetu í Þorlákshöfn. Mynd / HKr.

LÍF&STARF



Fánareid nemenda á Skeifudegi nemenda í reiðmennsku II við Lbhí á fyrsta degi sumars. Myndir / Árdís H. Jónsdóttir

Skeifudagurinn 2018 á Mið-Fossum

Skeifudagurinn, keppni nemenda í reiðmennsku II við Lbhí, fór fram á Mið-Fossum í Skorradal fyrsta dag sumars. Að hátíðinni stendur Hestamannafélagið Grani á Hvanneyri og fór dagurinn fram eins og best er á kosið.

Nemendur á Hvanneyri hófu daginn með fánareid ásamt kennara og hélt Sæmundur Sveinsson, rektor Lbhí, stutta ræðu. Töltgrúbba, sem telur 30 konar búsettar á Vesturlandi, voru með glæsilegt atriði og þá sýndu nemendur á Hvanneyri hvað þeir hafa verið að læra um veturinn.

Nemendur í Reiðmanninum kepptu um Reynisbikarinn.

Að lokinni dagskrá á Mið-Fossum var kaffihlaðboð í Ásgarði á Hvanneyri þar sem hið vinsæla folatollahappdrætti fór fram þar sem vinningar eru gjafabréf fyrir handhafa að leiða hryssu sína undir hina ýmsu stóðhesta og búa til framtíðargæðinga.

Um 200 miðar seldust enda til mikils að vinna fyrir áhugasamt hestafólk.

Aðstandendur að keppninni voru ánægðir með daginn en í ár er hann haldinn í 62. sinn. Forseti Íslands, Guðni Th. Jóhannesson, mætti á hátíðina ásamt börnum sínum og veitti m.a. sigurvegurum verðlaunin.

Gunnarsbikarinn er gefinn til minningar um Gunnar Bjarnason, fyrrverandi hrossaræktarráðunaut, en nemendur keppa í fjórgangi. Úrslit voru eftirfarandi:

- 1. Heiðar Árni Baldursson
- 2. Hólmfríður Ruth Guðmundsdóttir
- 3. Ágúst Gestur Guðbjargarson
- 4. Daniel Atli Stefánsson
- 5. Dagrún Kristinsdóttir

Félag tamningamanna gaf verðlaun þeim nemanda sem þykir sitja hest sinn best og þau verðlaun hlaut Heiðar Árni Baldursson.

Eiðfaxabikarinn hlaut Rebekka Rún Helgadóttir en hann er veittur þeim nemanda sem hlýtur hæstu einkunn í bóklegum áfanga (hestafræði).

Framfaraverðlaun Reynis eru veitt þeim nemanda sem sýnt hefur hvað mest-



Gunnhildur Birna Björnsdóttir, vann Morgunblaðsskeifuna, en MBL hefur gefið þau verðlaun í 61 ár.



Allir nemendur í reiðmennskuáfanga búfræðibrautar ásamt Heiðu Dís Fjeldstedt reiðkennara sínum.



Forseti Íslands afhenti Heiðari Árna Baldurssyni Gunnarsbikarinn, gefinn til minningar um Gunnar Bjarnason, fyrrverandi hrossaræktarráðunaut.



Forseti Íslands afhendir Sigurði Halldórssyni Reynisbikarinn, gefinn af fjölskyldu Reynis Aðalsteinssonar, upphafsmanns Reiðmannsins við Lbhí.

an áhuga, ástundun og tekið hvað mestum framförum í reiðmennsku. Þau verðlaun hlaut Daniel Atli Stefánsson.

Morgunblaðsskeifuna hlaut Gunnhildur Birna Björnsdóttir en önnur sæti skipuðu:

- 2. Hólmfríður Ruth Guðmundsdóttir
- 3. Heiðar Árni Baldursson
- 4. Dagrún Kristinsdóttir
- 5. Ágúst Gestur Guðbjargarson

Reiðmannsnemendur keppa um Reynisbikarinn sem gefinn er af fjölskyldu Reynis Aðalsteinssonar, upphafsmanns Reiðmannsnámskeiðsins. Úrslitin fóru þannig:

- 1. Sigurður Halldórsson
- 2. Ágústa Rut Haraldsdóttir
- 3. Jónína Björk Vilhjálmisdóttir
- 4. Elfa Hrund Sigurðardóttir
- 5. Bragi Birgisson

MÆLT AF MUNNI FRAM

201

Í þessum vísnaþætti verður gripið til gamalla vísna. Ýmsir muna eftir spurningaþáttunum „Sýslunar svara“. Hagyrðingar voru þar á palli ásamt keppendum. **Auðunn Bragi Sveinsson** var meðal hagyrðinga:

*Eg er kominn upp á svið
ofurlítið smeykur,
þó skal reyna að þumbast við,
þetta er bara leikur.*

Eftir **Benedikt Bjarnason**, bónda í Sandfellshaga, eru næstu tvær stökur:

*Strjálást gróður, stækkar svið,
streymir móða að Unni,
tekur hljóða heiðin við,
hrekkur ljóð af munni.*

*Drottinn þá hin duldu mögn
draumabláu sala,
heyra má í heiðabögn
hvernig stráin tala.*

Í áþekktum anda er þessi vísa **Benedikts Valdemarssonar** frá Þröm:

*Styttist heiðin bungubreið,
byltist skeið við ögur.
Leið um sneiðing gerist greið,
grundin beið mín fögur.*

Hagyrðingar hafa skemmt sér við að botna alþekktar vísur upp á ný. **Friðjón Ólafsson** þrjónaði svo neðan við:

*„Afi minn fór á honum Rauð
eitthvað suður á bæi“.
Þá var amma ekki dauð
og allt í himnalagi.*

Og **Helgi Sæmundsson** botnaði þannig hina alþekktu vísu sem flestir eigna **Árna Böðvarssyni**:

*„Ætti ég ekki vífa val
von á þínum fundi“,
gæti ég lesið Gunnar Dal
og Guðrúnu frá Lundi.*

Endalaust má finna gullkorn **Bjarna frá Gröf**. Vísurnar verða hans það sem eftir lifir þáttar:

*Ég er ekki eins og þú
aurasjúkur talinn.
Kommúnista tók ég trú
til að dýrka Stalin.*

*Vanti skjól á veginn þinn
veðrið hátt þá dynur,
guðaðu á gluggann minn
gamli æskuvinur.*

Þessa orti **Bjarni** um konu eina sem giftist frönskum manni:

*Gudda fékk sér franskan titt,
fór hann vel á maga,
betri engan hafði hitt
hún um sína daga.*

*Æskudaga endurskin
oft ég hljóður kanna,
heyri í fjaska hófadyn
horfðu kynslóðanna.*

*Vanalega vísan hálf
verður illa kveðin,
ef hún kemur ekki sjálf
eins og hjartagleðin.*

*Þeir sem horfa alltaf á
annarra manna lesti,
þeim er ekki sælt að sjá
sína eigin bresti.*

*Fyrir þá sem reyna að rota
réttlæti og dómgreind manns,
móðins er það nú að nota
nýju fötin keisarans.*

*Þó mörgum finnist lífið ljótt,
lánið flesta svíki,
vilja ósköp fáir fljótt
fara í himnaríki.*

*Úr því geðið eldast fer
allt er séð til baka.
Forna gleði færir mér
fallega kveðin staka.*

Umsjón:
Árni Geirhjörtur Jónsson
kotabyggd1@gmail.com



FRÉTTIR

Íslensk svínarækt með metnaðarfyllstu löggjöf í heimi og líklega sú eina í Evrópu sem er enn laus við ofurbakteríur:


Geldingar í svínarækt nær aflagðar á Íslandi – líklega einsdæmi í heiminum

Ingva Stefánsson, formaður Svínaræktarfélags Íslands, segir neytendur ekki nógu upplýsta um að geldingar á grísum séu nánast aflagðar á Íslandi. Þá séu dýrin laus við fjölonæmar bakteríur og íslenskir svínabændur hafi verið að innleiða ásamt Norðmönnum metnaðarfyllstu löggjöf í heimi þegar kemur að velferð svína.

Ingvi sagði á aðalfundi Svínaræktarfélagsins nýverið að svínabændur kvörðuðu gjarnan undan óvæginni umræðu í sinn garð og finnist ómaklega að þeim vegið í opinberri umræðu.

„Við verðum hins að viðurkenna að á sama tíma höfum við ekki staðið okkur í því að upplýsa fyrir hvað við stöndum. Það er nefnilega svo ótrúlega margt jákvætt við okkar framleiðslu sem við gleymum að segja frá,“ sagði Ingvi.

„Nýjasta dæmið eru upplýsingar frá Matvælastofnun þar sem enn og aftur er staðfest eftir sýnatökur í sláturhúsum í byrjun þessa árs að



Ingvi Stefánsson í ræðustól á aðalfundi Svínaræktarfélags Íslands. „Á sama tíma og við erum í mjög harðri samkeppni við aðrar kjötgreinar bæði innlendar og innfluttar hafa neytendur alltaf staðið með okkur í verki.“ Mynd / HKr.

fjölonæma bakteríu MRSA, eða MÓSA upp á okkar ylhýra, finnst ekki í íslenskri svínarækt. Erum

við kannski eina landið í Evrópu sem er laust við þessa bakteríu í okkar búgrein?

Hvað höfum við gert til að upplýsa neytendur um að við séum að taka upp metnaðarfyllstu löggjöf í heimi – ásamt Norðmönnum – þegar kemur að velferð svína?

Geldingar aflagðar á Íslandi - líklega einsdæmi í heiminum

„Geldingar á grísum eru nánast aflagðar á Íslandi og er það líklega einsdæmi í heiminum, að sögn yfirdýralæknis Matvælastofnunar. Hún segir aðbúnað svína hafa batnað verulega að undanfögnu.“

Neytendur hafa staðið með íslenskum svínabændum

„Og síðast en ekki síst, neytendur. Þeir hafa nú aldeilis reynst okkur vel í gegnum tíðina. Á sama tíma og við erum í mjög harðri samkeppni við aðrar kjötgreinar bæði innlendar og innfluttar hafa neytendur alltaf staðið með okkur í verki. Það hafa þeir gert með því að velja íslenskt



svínakjöt í síauknum mæli síðustu áratugi.

Vissulega hefur innflutningur á svínakjöti aukist mjög mikið á síðustu árum, en af hverju er það? Við höfum einfaldlega ekki annað eftirspurn. Það er því fyrst og síðast okkar að halda áfram að þjónusta neytendur þ.a. þeir geti haldið áfram að velja okkar vöru, því það vilja þeir svo sannarlega. Því endurtek ég: Það er svo ótrúlega margt jákvætt við okkar framleiðslu sem við gleymum að segja frá. Því er ég sannfærður um að ef okkur tekst að upplýsa neytendur um fyrir hvað við stöndum sé framtíðin björt,“ sagði Ingvi Stefánsson. /HKr.

Svína-, eggja- og kjúklingabændur:

Ráða sameiginlegan framkvæmdastjóra

Á aðalfundi Svínaræktarfélags Íslands kom fram í ræðu formanns að óskað hafi verið eftir því á síðastliðnu sumri við eggja- og kjúklingabændur að þessi búgreinafélög ásamt svínabændum myndu ráða sér sameiginlegan framkvæmdastjóra.

Sá framkvæmdastjóri yrði

jafnframt talsmaður þessara búgreina. Sú vinna hafi að mati formanns gengið hægar en vonir stóðu til en nú væri loks að sjást til lands í því.

„Vonandi getum við auglýst eftir starfsmanni strax í næsta mánuði,“ sagði Ingvi Stefánsson.

/HKr.

Undir yfirborðinu – ný íslensk heimildarmynd:

„Laxeldi í sjókvíum er tifandi tímasprengja“

Undir yfirborðinu er ný íslensk heimildarmynd sem fjallar um sjókvíaelði á laxi, á Íslandi og víðar í heiminum. Hún verður sýnd á RÚV sunnudaginn 13. maí klukkan 20.15.

„Ástæðan fyrir því að þessi mynd er gerð er fyrst og fremst sú að það er gríðarlega mikilvægt að skýra út fyrir fólki hvers vegna laxeldi í opnum sjókvíum er svona hættulegt fyrir náttúru Íslands,“ segir Þorsteinn J., leikstjóri myndarinnar.

„Það er í sjálfu sér enginn á móti laxeldi. Það er mengunin sem kemur frá föðri og úrgangi frá laxinum sem er stórmál og svo sú staðreynd að það er norskur eldislax í kvíunum. Erfðanefnd landbúnaðarins hefur ályktað að þessi norsk lax sé skaðræði í íslenskri náttúru, framandi tegund og hvetur til þess að þetta sé stöðvað tafarlaust.“

Í Undir yfirborðinu er dregin upp skýr mynd af sjókvíaelði og áhrifum þess á umhverfið og villta laxastofna. Það er rætt við fólk í fimm löndum, Skotlandi, Noregi, Svíþjóð, Bandaríkjunum og Íslandi, um reynslu þessara þjóða af sjókvíaelði á laxi.

„Það er merkilegt að allir segja nánast sömu söguna. Laxeldi í opnum sjókvíum hefur verið stundað síðan 1970 í Noregi, með þeim afleiðingum



að tveir þriðju villtra laxastofna hafa orðið fyrir verulegum skaða. Nýverið var laxeldi í opnum sjókvíum bannað í Seattle frá og með 2022. Sjókvíaelði á laxi er á útleið og stóru laxeldisfyrirtækin eru að leita annarra leiða, annaðhvort að færa kvíarnar út á rúmsjó eða í kvíar á landi. Það sem hefur líka alveg gleymst í allri umræðu um þetta mál á Íslandi eru þær 1500 fjölskyldur á landinu sem eiga lax og silungsveiðirétt. Veiðin er stór hluti af tekjum bænda og alveg furðulegt að þeir skuli ekki hafa neina aðkomu að málinu. Laxeldi í opnum sjókvíum er raunverulega tifandi tímasprengja, það er verið að taka stórkostlega áhættu á því að skaða lífríki fjarðanna og villta laxastofna á Íslandi. Rétti tíminn til að staldra við og móta alvöru reglur um þessa starfsemi er núna. Svo ég vitni í orð sjónvarpsmannsins Jeremy Paxman hjá BBC sem er í viðtali í myndinni: „Ef þið Íslendingar leyfið erlendum fiskeldisfyrirtækjum að koma með þessa mengandi starfsemi sem sjókvíaelði á laxi er til Íslands, þá eruð þið kjánar.“

Svínabændur ósáttir við framkvæmd breytinga á Bjargráðasjóði:

Formaður bindur vonir við að farsæl lausn fáist

Á aðalfundi Svínaræktarfélags Íslands í fyrri viku var samþykkt að breyta nafni félagsins í Félag svínabænda. Í skýrslu Ingva Stefánssonar, formanns kom fram hörð gagnrýni á niðurlagningu búnaðardeildar Bjargráðasjóðs og fyrirhugaðar úthlutarreglur í nýjum Velferðarsjóði BÍ. Telur formaður að svínabændur muni tapa þar 40 milljónum af framlagi sínu í Bjargráðasjóð.

„Mig langar að byrja á að koma inn á samskipti okkar við BÍ. Því miður verður það að segjast eins og er að þau þyrftu að vera í betri farvegi. Nýjasta dæmið sem mig langar að upplýsa fundinn um er hvernig staðið var að því að leggja niður búnaðardeild Bjargráðasjóðs. Inn í sjóðnum voru um 115 milljónir sem bændur í viðkomandi búgreinum höfðu greitt til að bæta fyrirsjáanlegt búfjártjón. Þar af var hlutur svínabænda rúmar 40 milljónir, eða 35% af heildartfé, eða langt umfram allar aðrar búgreinar.“

Að mestu tapað fé

„Ákveðið hefur verið að stofna svokallaðan Velferðarsjóð BÍ sem mun fá þessa fjármuni til sín. Því miður láðist í öllu þessu ferli að upplýsa okkur um þá miklu fjármuni sem við áttum þarna inni. Ljóst má vera m.v. hvernig til stendur að ráðstafa fjármunum úr þessum nýja sjóði að þetta er að mestu tapað fé sem svínabændur greiddu sannanlega inn til Bjargráðasjóðs á sínum tíma. En í lögum um Bjargráðasjóð segir m.a.

„Við niðurlagningu búnaðardeildar Bjargráðasjóðs er heimilt að ráðstafa eignum deildarinnar til Bændasamtaka Íslands. Ráðstöfunin er bundin því skilyrði að Bændasamtökin nýti fjármunina í sama tilgangi og áður fólst í hlutverki búnaðardeildar.“

Einnig kemur fram í samþykktum Velferðarsjóðs að „Æðsta vald í málefnum Velferðarsjóðsins er stjórn



Frá aðalfundi Svínaræktarfélags Íslands sem fær nú nafnið Félag svínabænda. Mynd / HKr.

Bændasamtaka Íslands.

Reglum þessum má breyta fyrirvaralaust af stjórn Bændasamtakanna.“ Því var óskað eftir að fjármunir yrðu endurgreiddir til búgreinafélaga í hlutfalli við inneign þeirra. Því hefur nú verið hafnað af hálfu stjórnar BÍ.

Að mínu mati er tvennt sem stendur upp úr í þessu ferli. Það fyrri er að lög verða brotin af hálfu BÍ m.v. hvernig til stendur að úthluta úr hinum nýja sjóði. Hitt er að ef vilji er til staðar getur stjórn BÍ auðveldlega skilað þessum fjármunum til þeirra sem greiddu þá á sínum tíma. En viljinn þarf að vera til staðar.“

Bindur vonir við farsæla lausn

„Ég var tvístígandi með að fara með þetta mál inn á fundinn en vissi að mér bæri skylda til að upplýsa ykkur um þessa stöðu. Innbyrðis ágreiningur á milli BÍ og einstakra búgreinafélaga er það sem við þurfum síst á að halda þessi misserin.

Ég bind eftir sem áður vonir við að farsæl lausn fáist í þessu máli.“

Mikilvægt að hafa öflug regnhlífarsamtök

Það er okkur svo mikilvægt að hafa öflug regnhlífarsamtök fyrir landbúnaðinn sem talar einni röddu fyrir okkur öll. Það er því líka ánægjulegt að segja frá því að BÍ í samstarfi við mörg búgreinafélög þ.m.t. okkar er að láta óháða aðila meta hvaða áhrif hráakjötisdómurinn svokallaði komi til með að hafa á innlendan landbúnað. Þar hef ég skynjað mikinn samtakamátt og að allir séu að stefna í sömu átt.

Það er freistandi hér í þessum hópi að kenna forystu BÍ um flest það sem okkur finnst fara afлага í samskiptum okkar á milli. Við þurfum samt að líta okkur nær og sjá hvað við getum gert til að bæta samskiptin. Traust þarf að vera til staðar og vonandi kemur það til með aukast á milli aðila.“ /HKr.

SAMSUNG

Gott úrval af gæðavörum

Verið velkomin í Lágmúla 8



Kælskápur 202cm
RB36J8035SR

Stál. Heildarrými: 357 lítrar.
Kælirými: 247 lítrar. Frystirými:
110 lítrar. Mál B-H-D í mm:
595 x 2017 x 597

Verð: 149.900,-



Tvöfaldur Kælskápur
RS7567THCSR

Stál. Heildarrými: 532 lítrar. Kælirými:
361 lítrar. Frystirými: 171 lítrar. Twin
Cooling, aðskilin kælikerfi. Klakavél. Mál
B-H-D í mm: 912 x 1789 x 754.

Verð: 189.900,-



Tvöfaldur Kælskápur
RH56J6917SL

Stál. Heildarrými: 555 lítrar. Kælirými: 376 lítrar.
Frystirými: 179 lítrar. Klakavél. Twin Cooling,
aðskilin kælikerfi.

Mál B-H-D í mm: 912 x 1794 x 732.

Verð: 279.900,-



Tvöfaldur Kælskápur
RFG23UERS1

Stál. Heildarrými: 520 lítrar. Kælirými: 396 lítrar.
Frystirými: 124 lítrar. Twin Cooling, aðskilin
kælikerfi. Klakavél. Mál B-H-D í mm:
908 x 1774 x 774.

Verð: 289.900,-



WF70 Þvottavél
7 KG. 1400 SN.

Eco Bubble
Verð 59.900,-



DV70 Þurrkari
7 KG. barkarlaus þurrkari.
Varmadæla í stað elements.

Verð 89.900,-

Við seljum eingöngu
SAMSUNG
með kolalausum mótör
með 10 ára ábyrgð

ecobubble
TECHNOLOGY

**HVAÐ ER
ECO BUBBLE?**
Leysir upp þvottaduft
undir þrýstingi og
myndar kvoðu,
svo duftið leysist upp
á um það bil 15 mín,
í stað 30-40 ella.



WW80 Þvottavél
8 KG. 1400 SN.

Eco Bubble
Verð 69.900,-



DV80 Þurrkari
8 kg barkarlaus þurrkari.
Varmadæla í stað elements.

Verð 109.900,-

Uppþvottavél í sérflokkki með Waterwall tækni



Verð 134.900,-



Framhlíð úr burstuðu
stáli / Stillingar ofan á
hurð, bíar litur / Tekur 14
manna stell / 7 þvottakerfi
/ Startímaseinkun
/ Orkunýtni A++ /
Orkunotkun á ári (kWst)
: 266 / Hljóðlát aðeins
41db / Stíllanleg efrigrind
/ Grind efst fyrir hnítapör
með sérstökum "FLEX"
bakka / 2 þvottaarmar +
"WATERWALL" / Stærð
(h x b x d): 817 x 598 x
575 mm

Örbylgjuofnar af betri gerðinni

SAMSUNG MS23-F301EAS



800w

Örbylgjuofn
Keramik-emeleraður að innan
Verð kr. 18.900,-

SAMSUNG MS28J5255UB



1000w

Örbylgjuofn
Keramik-emeleraður að innan
Verð kr. 27.900,-

ORMSSON

LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800

**OPIÐ
LAUGARDAGA
KL. 11-15**

SAMSUNG
SETIÐ

**NÚ TIL HÚSA Í
LÁGMÚLA 8**

ORMSSON KEFLAVÍK SÍMI 421 1535	ORMSSON PRISTUR-ÍSAFIRÐI SÍMI 456 4751	KS SAUÐÁRKRÓKI SÍMI 455 4500	SR BYGG SIGLUFIRÐI SÍMI 467 1559	ORMSSON AKUREYRI SÍMI 461 5000	PENNINN HÚSAVÍK SÍMI 464 1515	ORMSSON VÍK -EGILSSTÖÐUM SÍMI 4712038	ORMSSON PAN-NESKAUPSSTAÐ SÍMI 477 1900	ORMSSON ÁRVIRKINN-SELFOSSI SÍMI 480 1160	GEISLI VESTMANNAEYJUM SÍMI 481 3333	TÆKNIBORG BORGARNESI SÍMI 422 2211	OMNIS AKRANESI SÍMI 433 0300	BLÓMSTURVELLIR HELLISSANDI SÍMI 436 6655
--------------------------------------	--	------------------------------------	--	--------------------------------------	-------------------------------------	---	--	--	---	--	------------------------------------	--

FRÉTTIR

Tuðrusparksmót í Rússlandi tefur ljósleiðaravæðingu í Kjósarhreppi

– Oddviti segir að ekki muni nást að tengja ljósleiðarann fyrir heimsmeistaramótið eins og stefnt var að í upphafi

Unnið hefur verið að ljósleiðaravæðingu Leiðarljóss ehf. í Kjósarhreppi samfara umfangsmiklum hitaveituframkvæmdum í gegnum Kjósarveitur ehf. sem stofnaðar voru 2015. Hefur ljósleiðaravæðingin þó tafist m.a. vegna heimsmeistaramótsins í knattspyrnu sem fram fer í Rússlandi.

Samhliða lagningu á hitaveitulögnum sem hófust vorið 2016 var áveðið að leggja



Byrjað var að leggja hitaveitulagnir í Kjósinni 2016 og voru rör fyrir ljósleiðara lögð samhliða.

rör í jörðu fyrir ljósleiðara. Það verkefni er á vegum Leiðarljóss ehf. sem stofnað var 2016 og er í eigu sveitarfélagsins. Er hugsunin að íbúar sveitarfélagsins, fyrirtæki og gestir, geti notið aðgangs að nútímatækni í fjarskiptum. Einnig samskiptum í gegnum ljósleiðara ásamt aðgengi að sjónvarpsefni og þar með beinum útsendingum af knattspyrnuleikjum.

Tuðruspark tefur ljósleiðaravæðingu

Guðmundur Davíðsson, bóndi í Miðdal, er oddviti Kjósarhrepps og formaður stjórnar Leiðarljóss ehf. Hann staðfestir að heimsmeistaramótið í knattspyrnu sem hefst í Rússlandi í júní, hafi haft áhrif á ljósleiðaravæðingu í hreppnum.

„Við ætluðum að vera búnir að leggja ljósleiðarann fyrir heimsmeistaramótið, en það

er öruggt að það næst ekki. Á síðastliðnu hausti var alheimsskortur á ljósleiðaraefni. Var það m.a. talið stafa af því að Rússar hafi keypt upp alla ljósleiðarastrengi vegna heimsmeistaramótsins. Því tafðist það að við fengjum strengina til okkar.“

Ljósleiðarinn kominn

Í nýjasta fréttabréfi Kjósarhrepps er greint frá því að ljósleiðarastrengirnir væru loks komnir í hús og hefja ætti blástur þeirra í rörin um leið og frost færi úr jörðu. Búist er við að það taki um mánuð að draga ljósleiðarann í rörin.

Kjósarhreppur hefur þegar lagt til ljósleiðaraframkvæmdanna um 85 milljónir króna en verkefnið hefur verið styrkt af ríkinu og nemur þegar fenginn styrkur um 28 milljónum króna. Sótt hefur verið um frekari styrki vegna verkefnisins og má gera ráð fyrir því að frekari



Ljósleiðarastrengirnir loksins komnir í hús eftir tafir á afgreiðslu í haust.

styrkur af hálfu ríkis verði um 30 milljónir króna sem greiðist við verklok.

Beðið niðurstöðu í samningum við borgina

Samningar hafa staðið yfir við Reykjavíkurborg um tengingu ljósleiðarans við lagnakerfið á Kjalarnesi. Til að fá ljósið um strenginn í Kjósina þarf að leggja um 11 km streng frá Kiðafelli að

Fólkvangi (Klébergi) á Kjalarnesi í gegnum lendur Reykjavíkurborgar og Reykvíkinga. Afstaða borgarinnar til málsins liggur enn ekki fyrir svo áfram ríkir nokkur óvissa um hvenær Kjósarbúar fái mögulega samband í gegnum ljósleiðara. Segist Guðmundur þó vonast til að það mál fari að klárast.

Guðmundur segir að reiknað sé með að allir íbúar Kjósarhrepps óski eftir að tengjast ljósleiðaranum. Um 100 umsóknir eru þegar komnar frá sumarhúsaeigendum og aðrar 100 umsóknir frá íbúum.

Fjárfesting vegna ljósleiðarans hefur að mestu leyti þegar farið fram en eftir er að greiða fyrir hönnun, blástur og kostnaðinn við að ná í ljósið niður á Kjalarnes. Engar lántökur frá lánastofnunum hafa átt sér stað hjá sveitarfélaginu eða einkahlutafélaginu Leiðarljósi ehf. vegna ljósleiðaraframkvæmdanna. /HKr.

Íslenskir svínabændur vilja ekki slaka á kröfum varðandi innflutt erfðaeefni en segjast samt líða fyrir það í viðskiptum:

„Við viljum heldur ekki keppa með báðar hendur bundnar fyrir aftan bak“

– segir formaðurinn og bendir á að þeir séu í harðri samkeppni við erlenda bændur sem noti bæði sýklalyf og hormónagjafir

Á aðalfundi Svínaræktarfélags Íslands lýsti formaður samstarfi íslenskra svínabænda við Topigs Norsvin í Noregi þaðan sem allt erfðaeefni kemur fyrir íslenska svínarækt. Þar kom fram að í Hollandi virðist það vera viðtekin venja að beita hormónagjöfum í svínaræktinni.

„Það er óhætt að segja að öll umgjörð og rekstur hafi gjörbreyst eftir að Hollendingar og Norðmenn sameinuðust með þessa starfsemi fyrir fáum árum síðan. Öll samskipti eru með formlegri hætti og sú tíð er liðin að hægt væri að bera sig illa til að fá afslátt að erfðaeefni,“ sagði Ingvi Stefánsson, formaður félagsins.

Okrað á þröngri stöðu íslenskrar svínaræktar

„Eins og við öll vitum er regluverkið okkar þ.a. einungis er heimilt að flytja inn erfðaeefni frá einni kynbótastöð í heiminum sem er staðsett í Hamar í Noregi. Þetta vita kollegar okkar erlendis



Ingvi Stefánsson, formaður félagsins, í pontu á aðalfundi Svínaræktarfélags Íslands, sem fær nú nafnið „Félag svínabænda“.

og hafa nýtt sér við endurnýjun samninga. Strax á þessu ári verður

áskriftargjaldið hækkað um 50% og á árinu 2020 verður búið að

tvöfalda það. Ég bý ekki yfir þeim orðaforða að geta lýst því hvað það er sérstök tilfinning að búa við þetta fyrirkomulag. Vitandi að á sama tíma styttest í að innflutningur á hráu kjöti frá allri Evrópu verði heimilaður til landsins.

Við getum einungis flutt inn djúpfryst svínasæði frá einni kynbótastöð í Noregi sem fer í 30 daga einangrun áður en það fer inn á bú til bænda. Á sama tíma styttest í að hægt verði að flytja inn hrátt svínakjöt frá löndum einsog Spáni, Grikklandi og Þýskalandi þar sem sýklalyfjanotkun er tugfalt meiri en hér á landi og heilnæmi afurða almennt lakari. Auðvitað viljum við ekki slaka á kröfum varðandi innflutt erfðaeefni, en við viljum heldur ekki keppa með báðar hendur bundnar fyrir aftan bak.“

Fullorðin dýr meðhöndluð með hormónagjöfum í Hollandi

„Hópur svínabænda fór í boði Topigs Norsvin til Hollands í október þar sem tækifæri gafst m.a.

til að fara inn á tvö svínabú. Það var mjög áhugavert að sjá hvernig hægt var að stilla vinnutíma starfsfólks af eftir skrifstofutíma, já 8 til 4. Þetta gera þeir með því að meðhöndla fullorðin dýr með hormónum bæði fyrir got og fyrir beiðslu. Það virðist viðtekin venja. Það þótti ekki einu sinni feimnismál að sýna okkur þetta. Er þetta framtíðin í íslenskrari svínarækt, viljum við þetta?“

Endurskoðun búvörusamninga

„Um mitt síðasta ár tók ég sæti í samráðshópi um endurskoðun búvörusamninga og sat eina fjóra fundi. Ég tel að það hafi verið skynsamlegt að leysa þennan hóp upp og skipa nýjan. Það er reyndar til marks um hvað stjórnmálin hafa verið í miklum ógöngum síðustu árin að þetta er þriðji hópurinn sem tekur til starfa. En ég tel hann vel skipaðan og undir forystu Haraldar Benediktssonar og Brynhildar Pétursdóttur næst vonandi viðtæk sátt um umgjörð landbúnaðarins, full þörf er á.“ /HKr.

Svínabændur lögðu tillögur fyrir ráðherra í febrúar:

Enn beðið eftir viðbrögðum

Ingvi Stefánsson, formaður Svínaræktarfélags Íslands, sagði í ræðu sinni á aðalfundi félagsins að stjórn þess hafi farið á fund landbúnaðarráðherra í febrúar ásamt lögmanni með ábendingar um stuðning við greinina en enn væri beðið eftir viðbrögðum.

„Við ræddum sérstaklega annmarka við útfærslu á því sem snýr að fjármunum sem ætlaðir eru í fjárfestingastuðning og úreldingabætur í okkar búgrein. Í framhaldi af því hefur lögmaður okkar sent inn ábendingar í ráðuneytið og óskað eftir úrbótum.“



Frá aðalfundi svínabænda.

Þegar aðalfundurinn var haldinn 27. apríl höfðu viðbrögð enn ekki borist úr ráðuneytinu og heldur ekki þegar blaðið fór í prentun 8. maí.

Á fundinum með ráðherra var einnig farið yfir hráakjötsdóminn og tollasamning við ESB sem kom til framkvæmda 1. maí. /HKr.

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið:

Miklar veðurfarsbreytingar og ör súrnun sjávar

Ný skýrsla hefur verið gerð um afleiðingar loftslagsbreytinga á náttúru og samfélag á Íslandi. Umhverfis- og auðlindaráðuneytið óskaði eftir því að skýrslan yrði unnin og fól Veðurstofu Íslands að leiða það verkefni.

Að auki unnu við gerð skýrslunnar sérfræðingar frá Hafrannsóknastofnun, Háskóla Íslands, Landbúnaðarháskóla Íslands og Náttúrufræðistofnun, en hún byggir einnig á efni frá öðrum stofnunum og vísindamönnum.

Í skýrslunni segir meðal annars að lofthjúpurinn og heimshöfin

hafi hlýnað, að dregið hefur úr magni og útbreiðslu snævar og íss, auk þess sem sjávarborð hefur hækkað og styrkur gróðurhúsalofttegunda aukist.

Veruleg hlýnun

Þar segir einnig frá því að samfelldar veður- mælingar hófust hér á landi fyrir miðbik 19. aldar og hafi hlýnað



verulega a landinu. Hlýnunin nemur um 0,8°C á öld sem er sambærilegt við hnatttræna hlýnun á sama tíma.

Enn fremur hefur sýrustig sjávar lækkað um 0.1 pH stig frá iðnbýltingu og ummerki þess á lífríki eru þegar merkjanleg. /VH



Eftirfarandi bíla- og búvélaverkstæði nota Valvoline

Vélabær ehf.
Bæ Bæjarsveit, 311 Borgarnes

Hróar ehf.
Skipanesi, 301 Akranes

Pardus
Suðurbraut, 565 Hofsós

Eystra - Hraun ehf.
Eystra - Hruni, 880 Kirkjubæjarklaustur

Eyfell ehf.
Gilsbakka 33 - Ásólfskála, 860 Hvolsvöllur

Neyðarþjónusta Sveins
Bjarnaholti 5, 780 Höfn í Hornafirði

Vélaverkstæði Guðmundar og Lofts ehf.
lðu Bláskógarbyggð, 801 Selfoss

B3 ehf.
Bakka Svarfaðardal, 621 Dalvík

Vélaverkstæði Hjartar Eiríkssonar ehf.
Búlandi 1, 530 Hvammstangi

Bílherjinn
Mörk 2, 765 Djúpivogur

Framrás
Smiðjuvegi 17, 870 Vík



*Valvoline framleiðir eingöngu
hágæða smuoliur, glussa og efnavörur.
Leitaðu ekki langt yfir skammt, við erum
með réttu olíuna fyrir allar vinnuvélar.*



Poulsen ehf. | Skeifunni 2 | 108 Reykjavík | Hyrjarhöfða 9 | 110 Reykjavík | ☎ 530 5900 | poulsen.is

FRÉTTIR

Aukning í skipulagðri alþjóðlegri glæpastarfsemi tengdri matvælum:

Útbýnnt ólífuolía, úldið kjöt og aukaefni í fiski

Undanfarna mánuði hefur komið í ljós að þúsundir tonna af skemmdum matvælum og matvælum með röngum upprunamerkingum er að finna í verslunum í Evrópu og víðar um heim. Samstarfshópur Euro-pol og Interpol, sem kallast OPSON VI, vinnur að rannsókni matvælaglæpa.

Evrópulögreglan Euro-pol, hefur undanfarna mánuði, í samvinnu við alþjóðalögregluna Interpol, unnið umfangsmiklar rannsóknir á glæpum sem tengjast framleiðslu, merkingum, dreifingu og sölu á matvælum um allan heim.

Í yfirlýsingu frá Euro-pol segir að glæpastarfsemi sem tengist matvælum fari vaxandi í Evrópu og heiminum öllum. Þar segir einnig að vítað sé um nálega 50 skipulögð glæpasamtök sem sérhæfa sig í framleiðslu, dreifingu og sölu á sviknum mat- og drykkjarvörum með röngum upprunamerkingum.

Rannsókn í 67 löndum

Frá því í desember á síðasta ári hefur OPSON VI rannsakað mál í 67 löndum og lagt hönd á 9,8 þúsund tonn, 26,4 milljón lítra og 13 milljón ein tök af matvörum og drykkjarföngum í verslunum, á mörkuðum, á flugvöllum, á veitingahúsum og hjá framleiðendum sem ekki standast lágmarkskröfur um gæði eða merkingar.

Mikið af handlögðu matvörunum eru taldar óhæfar og jafnvel hættulegar til neyslu.

Dæmi um svikavörur eru áfengi, vatn á flöskum, krydd, fiskur, ólífuolía og kaviar. Auk þess sem víða fannst kjöt í sölu sem var komið vel yfir síðasta leyfilega söludag og jafnvel farið að slá í og kjöt sem ekki var það sem það var sagt vera. Til dæmis hrossakjöt sem selt var sem nautakjöt.

Vel á áttunda hundrað manns hafa verið handteknir í tengslum við rannsóknina og verðgildi handlögðu matvælna er áætlað 230 milljónir evra, sem jafngildir rúmlega 28 milljörðum í íslenskum krónum.

Neysla á sviknum matvælum hættuleg

Rannsókn OPSON VI staðfestir að glæpir sem tengjast svikinni mat- og drykkjarvöru séu til staðar á öllum sviðum matvælageirans. Hvort sem það er framleiðsla, merkingar,



OPSON VI er samstarfshópur Euro- og Interpol sem rannsakar glæpi tengdum matvælum og matvælaframleiðslu.



Túnfiskur fyrir og eftir efnameðhöndlun og litun.

dreifing og sala og að glæpastarfsemi tengd mat- og drykkjavörum er stunduð um allan heim.

Françoise Dorcier, sérfræðingur hjá þeirri deild Interpol sem rannsakar vörusvik og heilbrigðismál, segir að rannsóknin sýni að skipulögð glæpasamtök hiki ekki við að selja svikna mat- og drykkjarvöru í ágóðaskyni án tillits til afleiðinganna og hvaða áhrif þær kunni að hafa á heilsu fólks.

Mikið magn af sviknum matvælum í umferð

Frjáls verslun með matvæli milli landa og minna tollaefirlit gerir glæpasamtökunum auðveldara fyrir. Daoming Zhang, yfirmaður markaðsglæpa hjá Interpol, segir að magn svikinna matvæla og matvæla sem ekki standist gæðakröfur á markaði ætti að minna neytendur á að hafa varann á þegar kemur að innkaupum.

Endanleg skýrsla OPSON VI væntanleg í maí

Þrátt fyrir að endanleg skýrsla OPSON VI vegna rannsókna verði birt í maí má finna eftirfarandi dæmi um nýleg matvælasvik á heimasíðu Euro-pol.

Litaður túnfiskur frá Noregi

Noregur er meðal þeirra landa sem hafa mátt þola rannsókn og beinist athyglin þar að auka- og litarefnum í túnfiski. Í mörgum sýnum reyndist magn þeirra efna langt yfir viðmiðunarmörkum.

Samkvæmt upplýsingum Euro-pol er um fimm milljón túnfiskmáltila neytt í viku hverri í Evrópu, eða um 25 þúsund tonn á ári. Talið er að svik sem tengjast sölu á túnfiski í álfunni jafngildi um 25 milljörðum íslenskra króna á ári.

Buffalóastur úr kúamjólk í Danmörku

Dæmi um rangar merkingar er parmaskinka sem seld á veitingahúsum í Danmörku sem ítölsk en er framleidd í Danmörku og buffalóastur sem framleiddur er úr kúamjólk. Einnig kom í ljós að mikið af ólífuolíu á markaði í Danmörku er ranglega merkt sem jómfrúarolía en var það ekki. Við nánari skoðun kom í ljós að talsvert af ólífuolíunni var þýnnt út með annars konar og ódýrari matarolíum.

Hnetusvik í Þýskalandi

Rannsókn í Þýskalandi sýndi að víða var ábótavant þegar kom að merk-



Mikið af ólífuolíu á markaði í Danmörku er ranglega merkt sem jómfrúarolía en var það ekki.

ingu á innihaldi hvað hnetur varðar en slíkt getur verið hættulegt fyrir fólk með hnetuofnæmi. Einnig kom í ljós að mikið magn af ristudum möluðum heslihetum í sölu voru að stórum hluta jarðhnetur.

Úldið kjöt í Belgíu

Í Belgíu var stórrí kjötvinnslu lokað og matvöruverslanir þurftu að taka mikið magn af markaði eftir að í ljós kom að talsvert af þeim afurðum sem vinnslan sendi frá sér var hreinlega skemmt og jafnvel úldið. Svikin komu í ljós við eftirlit heilbrigðisyfirvalda hjá kjötvinnslunni. Við eftirlit kom í ljós að uppsópuðu, skemmdu, jafnvel úldnu kjöti, sem ætlað var sem dýrafóður, var blandað í unnar kjötvörur til að drýgja þær.

Sviknir súputeningar í Frakklandi

Tollayfirvöld í Frakklandi lögðu hald á yfir 179 þúsund súputeninga sem búið var að pakka í sams konar umbúðir og frægt vörumerki notar. Fölsuðu súputeningarnir fundust í vöruhúsi í París þar sem þeir biðu þess að vera fluttir úr landi.

Sem stendur er verið að rannsaka fyrri sendingar frá fyrirtækinu sem framleiddi fölsuðu súputeningana og hvert þeir voru seldir.

300 þúsund dósir af túnfiski gerðar upptækar

Matvælaeftirlitið og lögregla í Portúgal kom upp um verksmiðju í Portúgal þar sem verið var að sjóða niður túnfisk og sardínur við aðstæður sem voru langt fyrir neðan öll heilbrigðisviðmið. Auk þess sem

verksmiðjan hafði ekki leyfi til að vinna matvæli.

Við nánari rannsókn kom í ljós að verið var að sjóða niður sardínur sem höfðu verið soðnar niður áður og komnar vel umfram leyfilegan söludag og í sumum tilfellum skemmdar. Til að leyna skemmdunum voru sardínurnar soðnar niður í tómategi í seinna skiptið.

Vatn og vín á Ítalíu

Yfirvöld á Ítalíu hafa lagt hönd á ríflega 266 þúsund lítra af vatni í flösku. Rannsókn leiddi í ljós að kranavatni hafði verið tappað á sams konar flöskur og frægt vatnsöluvirkteki notar og selt undir nafni þess. Aðilarnir sem töppuðu vatninu á flöskurnar höfðu ekki leyfi heilbrigðisyfirvalda til starfseminnar né stöðust kröfur þeirra.

Annað dæmi frá Ítalíu fól í sér að lággæða rauðvíni var tappað á flöskur með merkingu sem gæðavin frá þekktum vínæktarhéruðum. Svikna vínið var bæði selt á markaði á Ítalíu og flutt úr landi.

Skelfiskur á Spáni

Á Spáni var lagt hald á skelfisk sem var óhæfur til manneldis vegna slæmrar meðferðar og geymslu. Fyrirtækið sem seldi skelfiskinn upprunamerkti hann vísitandi rangt.

Skemmt kjöt á Írlandi

Lögreglan á Írlandi handlagði meðan á rannsókninni stóð talsvert magn af kjöti sem hvorki var geymt við aðstæður sem stöðust heilbrigðiskröfur né kröfu um merkingar. /VH

Ragnhildur Friðriksdóttir, sérfræðingur hjá Mátis:

Eftirlit með matvælasvindli bæði flókið og erfitt

Ragnhildur Friðriksdóttir, sérfræðingur hjá Mátis, hélt fyrirlestur á ráðstefnunni Strandbúnaður þar sem hún fjallaði um matvælasvindl og þá aðallega tengt sjávarafurðum og verslun með þær, en Mátis er þátttakandi í nokkrum alþjóðlegum rannsóknarverkefnum er snúa að matvælasvindli.

FAO, alþjóðlega landbúnaðar- og matvælastofnun Sameinuðu þjóðanna, var að senda frá sér skýrslu fyrir stuttu þar sem fjallað er um svindl í viðskiptum með sjávarafurðir.

Í þeirri skýrslu kemur meðal annars fram að eftirlit með matvælasvindli, og þá sérstaklega tengdum sjávarafurðum, sé mjög erfitt viðureignar vegna þess að svindlið sé svo margþætt og flókið. Ragnhildur nefnir að ekki sé til einhver ein alþjóðleg skilgreining sem nær yfir matarsvindl, því það eru til svo fjölmargar leiðir til að



Ragnhildur Friðriksdóttir.

svindla, sem getur komið inn á svo marga ólíka þætti.

Flókið að ná utan um matvælasvindl

Ragnhildur segir eftirlitið flókið vegna þess að í flestum tilfellum er engin ein stofnun, eftirlitsaðili eða reglugerð sem nær utan um alla þá fjölmörgu þætti sem geta falist í matvælasvindli.

„Spurningin er því hvar ábyrgðin liggur og hver á að hafa eftirlitið á sinni könnu. Þetta er ekki bara vandamál hér á Íslandi, heldur er það sama upp á teningnum meira og minna um allan heim og því einnig erfitt að samþætta eftirlitið milli landa.

Alþjóðavæðing í viðskiptum með matvæli flækir einnig málið og eftir því sem flutningur á matvælum milli landa eykst, því fleiri tækifæri geta leynst til að svindla og erfiðara að halda utan um eftirlitið.“

Ógegnsæir flutningsferlar og takmarkaður rekjanleiki

„Ef horft er til sjávarafurða, kjöts og reyndar margs konar annarra

matvæla sem eru alþjóðleg söluvara sem fara stundum margoft yfir landamæri áður en þau komast á áfangastað og á disk neytenda; þá er oft um að ræða langar, ógegnsæjar og flóknar virðis_keðjur. Rekjanleikakerfin eru gjarnan þannig að gögn flæða ekki nægilega vel milli hlekkja í keðjunni, auk þess sem þau byggja oft á pappírsgögnum sem auðvelt er að falska. Auk þess getur afurðin skipt um form á leið sinni á disk neytandans, frá fisk í flak, og úr flaki í fiskifingur eða tilbúna rétti.

Sama gerist í kjötinu þar sem tugur lokaafurða geta komið frá sama sláturdýrinu. Það er því augljóst að erfitt getur verið að sannreyna uppruna eða innihaldið ef merkingar eru ekki fullnægjandi.“

Gríðarlegt svindl með ólífuolíu

„Ef við tökum ólífuolíu sem dæmi þá er hún meðal þeirra tíu matvæla

í heiminum sem mest er svindlað með. Raunin er sú að þrátt fyrir að allar þær ólífur sem framleiddar eru í heiminum væru notaðar til að framleiða ólífuolíu mundu þær sennilega ekki duga til að framleiða alla þá ólífuolíu sem seld er um heim allan. Mjög algengt er að ólífuolía sé blönduð með repjuolíu eða öðrum sams konar ódýrari olíum í þessum tilgangi.

Sykur selt í stað hunangs

Svipaða sögu er að segja með hunang, ýmsar mjólkurvörur, ávaxtasafa, áfengi og lúxusvörur eins og truffluolíu og saffran. Í stað hunangs er þá til dæmis stundum verið að selja sykurblöndur með litar- og bragðefnum og svo logið til um bæði uppruna og hreinleika hunangsins, og mjög algengt er að truffluolíu sé þýnnt út með annars konar olíum,“ segir Ragnhildur Friðriksdóttir, sérfræðingur hjá Mátis. /VH



Eymundur Magnússon og Eygló Björk Ólafsdóttir, lífrænar bændur í Vallanesi.
Mynd / smh

Eygló nýr formaður lífrænna bænda

Á aðalfundi VOR, félags framleiðenda í lífrænum búskap, í byrjun apríl síðastliðins var Eygló Björk Ólafsdóttir, bóndi í Vallanesi, kjörin nýr formaður.

Hún tekur við formennsku af Gunnþóri Guðfinnssyni. Með Eygló í stjórn eru Guðfinnur Jakobsson, Guðmundur Ólafsson ritari, Kristján Oddsson gjaldkeri og Þórður G. Halldórsson.

Inngangan í Bændasamtök Íslands mun hjálpa félaginu

Á Búnaðarþingi 2018 var samþykkt aðildarumsókn frá félaginu og segir Eygló að það muni án efa hjálpa til við að móta félagið betur. „Félagið er opið að því leyti að það eru aðalfélagar sem eru með vottun, en aukafélagar geta þeir orðið sem vilja tilheyra lífrænu hreyfingunni og leggja málefnum hennar lið.

Ég myndi vilja sjá VOR þróast á þá leið að það yrði vettvangur ekki síður fyrir þá sem stunda fullvinnslu með lífrænt vottað hráefni.

Þá er endurreisn fagraðs í burðarliðnum sem vonandi eykur möguleika á rannsóknum og fræðslustarfi. Það þarf til að mynda að leysa áburðarmál á stórum skala fyrir lífræna framleiðendur,“ segir Eygló. /smh

REYKJAVÍK
LOVES
horses

tix.is



VIÐ SJÁUMST
Í BREKKUNNI!

LANDSMÓT HESTAMANNA REYKJAVÍK 1.7.–8.7.2018

VERTU MEÐ FRÁ BYRJUN!



#landsmot2018 • www.landsmot.is
facebook.com/landsmothestamanna

NJARÐARNES 4



STEINSMIÐJA
AKUREYRAR
MINNISMERKI.IS

NJARÐARNES 4

FRÍR FLUTNINGUR Á LEGSTEINUM UM ALLT LAND

Mikið úrval legsteina á minnismarki.is

Tilboð
111
41x60 cm frá sökkli



66 cm sökkull
Svartur - 135 þúsund með grafskrift

Tilboð
113
41x60 cm frá sökkli



66 cm sökkull
Svartur - 135 þúsund með grafskrift

Tilboð
111
41x60 cm frá sökkli



66 cm sökkull
GRÁR - 125 þúsund með grafskrift

Tilboð
113
41x60 cm frá sökkli



66 cm sökkull
GRÁR - 125 þúsund með grafskrift

minnismarki.is s: 466 2800 / 899 9370 sala@minnismarki.is

HLUNNINDI & VEIÐI



Fjör við Geirlandsá og fiskur kominn á land.

Frábær veiði á stuttum tíma í Geirlandsá

Sjóbirtingsveiðin hefur gengið vel og núna hafa líklega veiðst yfir tvö þúsund á öllu landinu. Best hefur veiðst við Klaustur og þar fyrir austan. Við heyrðum aðeins í veiðimanninum snjalla Jónasi Marteinsyni, sem var í Geirlandsá fyrir skömmu og veiddi vel á stuttum tíma.

„Mig langar til að segja þér veiðifrétir úr Geirlandsá. Vorum þar við veiðar fjórir Vioðförlafélagar og tveir gestir í blöðskaparveðri, sólríku en frekar svölu veðri.

Við komum þarna í byrjun apríl og var farið í Armótin og niður á Garða og var veitt til sjö um kvöldið en þá fór að fjósa í lykkjunum. Samt náðust sex fiskar og öllum sleppt. Daginn eftir var haldið til veiða um níuleytið og enn fraus í lykkjum og talsvert ísrek var í ánni, sem gerði alla veiði mjög erfiða. Við ákváðum að hætta um ellefu og fara upp í hús og hlýja okkur en við náðum samt sex fiskum.

Enn var lagt í veiðina og nú fóru

hlutirnir að gerast og er skemmst frá því að segja að við náðum alls 72 stk. á nokkrum klukkutímum og var sá stærsti 12 punda drjólí. Það var gríðarlegt fjör og sérstaklega í Armótunum og við Brúna og er alveg frábært að lenda í svona veiðiskap. Flestir voru þessir fiskar teknir á flugu og Nest fluguna Skröggur. Flæðimús og svört Snælda flugurnar og Lippa, kopar og svartur Toby voru vinsælustu spúnarnir. Það var sjálfhætt um sex því þá fraus allt fast enn eina ferðina. Að sjálfsögðu var mest af þessum fiski sleppt, en nokkrir geldingar lentu í pokum veiðimanna. 72 stk. veiddir á aðeins níu tímum tel ég vera fjandi góða veiði. Því ekkert var farið út síðasta morguninn. Við höfum veitt í mörg ár þarna fyrir austan og það víða og munum við ekki eftir jafn miklum fiski og í ár og á það við um allar sjóbirtingsveiðiár fyrir austan samkvæmt sögum annarra veiðimanna og er það ánægjulegt,“ sagði Jónas í lokin.



Harpa Hlín Þórðardóttir með hreindýr.

Þetta verður mjög spennandi

Gunnar Bender
gunnarbender@gmail.com

„Já, við erum að fara utan til veiða en ég er mjög spennast fyrir þessari keppni í Bandaríkjunum í veiði. Keppnin heitir Extreme Huntress sem væri líklega hægt að þýða sem Jaðarveiðikonan,“

segir Harpa Hlín Þórðardóttir er við heyrðum aðeins í henni áður en hún lagði í hann enn eina ferðina til veiða í útlöndum.

Harpa hefur stundað stangveiði og skotveiði nokkuð lengi.

„Ég hitti konu á veiðisýningu erlendis, í Bandaríkjunum, og hvatti hún mig til að taka þátt og ég gerði það enda með mikinn áhuga á veiði og öllum veiðiskap. Keppnin fer þannig

fram að konur skrá sig til keppni og úr þeim eru valdar tuttugu sem eru komnar í undanúrslit. Fjórar af þeim eru valdar, með vali dómnefndar og atkvæðum, til að taka þátt í úrslitakeppninni í Bandaríkjunum. Þetta er spennandi tækifæri,“ segir Harpa og það eru orð að sönnu. Við sjáum hvernig þetta fer og hverjir verða valdir. Harpa á mikinn sams á komast í keppina.

Gott að koma hingað og veiða

Vatnaveiðin er byrjuð fyrir alvöru, Elliðavatn, Vífilsstaðavatn, Kleifarvatn, Hlíðarvatn, Meðalfellsvatn og Hraunsfjörðurinn svo fáir staðir séu tíndir til. Og veiðin hefur farið ágætlega af stað víða.

„Það er fátt betra en að koma hingað og reyna, en ég hef ekkert orðið var ennþá enda var ég rétt að byrja,“ sagði Björn Hrafnsson sem við hittum við Elliðavatn fyrir fáum dögum, en nokkrir voru að veiða við vatnið en fiskurinn hefði mátt taka aðeins betur.

„Ég var að pakka niður heima og flytja þess dagana, því er mjög gott að taka sér pásu og koma hingað til að veiða, milli þess



Björn Hrafnsson við Elliðavatn fyrir fáum dögum. Mynd / María Gunnarsdóttir

sem maður pakkar niður. Það er gaman að veiða,“ sagði Björn og lagaði svartan tóbý á línunni og

kastaði aftur, fiskurinn leit ekki við. En það kemur allt.

Flest vötn búin að opna fyrir veiði

Við heyrðum í Ingimundi Bergssyni hjá Veiðikortinu en flest veiðivötnin innan vebanda Veiðikortsins hafa opnað fyrir veiði.

Þrátt fyrir að sumarið hafi byrjað með smá vetrarhörku hafa veiðimenn

verið að fá ágætisveiði. Urriðaveiðin í Þjóðgarðinum á Þingvöllum hefur verið frekar róleg enda fáir veiðimenn sótt vatnið út af kulda. Nokkrir vel vænir fiskar hafa þó ratað á land. Í Hraunfirði fór tímabilið ágætlega af stað og nokkrar fallegar bleikjur

náðst á land. Nú bíðum við bara eftir sumrinu sem þeir segja að sé á næsta leiti. Með auknum hlýindum kviknar meira líf í vötnunum og þá fer fiskur meira að sýna sig. Þá verður gott að vera klár með veiðistöngina.

Veiðin hafin í Þingvallavatni

Veiðin er hafin í Þingvallavatni og veiðimenn hafa verið að veiða vel væna fiska.

Aðeins má veiða á flugu til að byrja en fisknum virðist vera alveg sama, hann tekur hana grímt. Á ION svæðinu hefur verið að veiðast vel en þar er mikið um erlenda veiðimenn sem þykir veiðiskapur meiri háttar.

Ókeypis veiði í Hafravatni

Eina vatnið sem býður upp á ókeypis veiði er Hafravatn í nágrenni Reykjavíkur og þar veiðast mest urriðar og ein og ein bleikja. Þegar hausta tekur kemur laxinn upp í vatnið, en það getur verið erfitt að fá hann til að taka en aðeins veiðst hann nú samt.

Meðalfellsvatn aftur á Veiðikortið

Veiðikortið er aftur komið með Meðalfellsvatn en félag sumarbústaða við vatnið var með það í fyrri en Veiðikortið þar á undan í nokkur ár. Veiðin er byrjuð í vatninu og hefur eitthvað veiðst af silungi. Það þarf samt að hlýna meira til að fiskur taki betur, eins og víða í vötnunum þessa dagana.

ALHLIÐA VÉLAVERKSTÆÐI

- Allar almennar vélaviðgerðir
- Almenn renni- og fræsivinna
- Rennum og slípum sveifarása
- Málsprautum slitfleti, t.d. á tjakkstöngum
- Gerum við loftkælingu bíla
- Almenn suðuvinna
- Plönum hedd
- Tjakkaviðgerðir

Hafðu samband í síma 587 1300 og við sérsníðum lausn sem hentar þér!

KAPP ehf

VÉLA-KÆLI & RENNIVERKSTÆÐI

Miðhraun 2 | 210 Garðabær | Sími 587 1300 | kapp@kapp.is | www.kapp.is



ÁREIÐANLEGASTA SEXHJÓLIÐ Á MARKAÐNUM



OUTLANDER 650 6X6 FB

VERÐ 2.090.000 .KR
VERÐ ÁN VSK

Áreiðanleiki, ending og styrkur eru í fyrirrúmi í sexhjólunum frá Can-Am. 360kg burðargeta, sjálfstæð fjöðrun og stór sturtanlegur pallur með auka geymsluhólf. Dráttarkúla, 7póla tengi, 1.5t spil og rafmagnsstýri er staðalbúnaður.

150.000KR
AUKAHLUTAPAKKI FYLGIR
ÖLLUM HJÓLUM Í MAÍ

ELLINGSEN

FÍSKILÓÐ 1 REYKJAVÍK / TRYGGVABRAUT 1-3 AKUREYRI / 580 8500 / Síðan 1916 / WWW.ELLINGSEN.IS

BRP@ELLINGSEN.IS

ELLINGSEN.IS

FJÖLHÆFASTA FJÖLSKYLDA LANDSINS?



Komdu við hjá sérfræðingum okkar að Laugavegi 174 og kynntu þér úrval Volkswagen atvinnubíla í einni fjölhæfustu fjölskyldu landsins.



Glæsilegur og vel út búinn pallbill með 3.0 lítra, 225 hestafla, V6 dísilvél, 550 Nm tugi, læst afturdrif, dráttarbeisli, heithúðun á palli, stigbretti, vetrardekk og nú á einstöku tilboðsverði.

Volkswagen Amarok
verð frá **7.890.000 kr.**



Hannaður með þarfir iðnaðarmanna að leiðarljósi og með átta þrepa sjálfskiptingu fyrir allar útgáfur. Fjöldi útfærslna á hleðslurými, farþegarymi og aðstoðarkerfi.

Volkswagen Crafter
verð frá **5.610.000 kr.**



Einn vinsælasti atvinnubíll á Íslandi undanfarin ár. Áreiðanlegur, öruggur og fæst í tveimur lengdum, fjórhjóladrifinn og í fjölda útfærslna.

Volkswagen Caddy
verð frá **2.590.000 kr.**



Transporter hefur fylgt kynslóðum af fólki sem hefur þurft á traustum og áreiðanlegum vinnubjark. Fulkomin stöðugleikastýring, spólvörn og sjö þrepa sjálfskipting.

Volkswagen Transporter
verð frá **4.180.000 kr.**



Atvinnubílar

Við látum framtíðina rætast.

www.volkswagen.is



HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · sími 590 5000 · hekla.is · umboðsmenn um land allt:
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílaskrá Akranesi · HEKLA Reykjanessbæ

STEEKUR Tannlaus steinbítur

Steinbítur missir tennurnar um hrygningartímann og tekur ekki til sín fæðu. Síðan vaxa nýjar tennur en þá er hann orðinn rýr og sækir upp á grunnslóð í leit að fæðu.

Aðalfæða hans eru alls konar botndýr, einkum skeljar, eins og aða og kúfiskur, krabbadýr, sniglar, ígulker, en einnig étur steinbíturinn töluvert af öðrum fiski einkum loðnu.

Loðna

Loðnan er uppsjávarfiskur sem leitar til botns á grunnsvævi til þess að hrygna, en að mestu leyti er hún langt norður í höfum í leit að æti. Fæða loðnunnar eru ýmiss konar svifdýr, s.s. krabbaflær, ljósáta, pílormar, fiskaegg og seiði. Loðnu er að finna í nyrstu höfum jarðarinnar þar sem hún er mjög útbreidd. Hún er t.a.m. í Hvítahafi, Barentshafi, við N-Noreg, Ísland, Grænland og einnig er hún norðan Kanada. Í Kyrrahafi var talið að um aðra tegund væri þar að ræða, en nú er almennt talið að tegundin sé sú sama. Í N-Atlantshafi og Barentshafi eru fjórir sjálfstæðir loðnustofnar.

Ufsi safnast saman fyrstur þorskfiska

Fullorðinn ufsi safnast saman að vetrarlagi, fyrstur allra þorskfiska, til hrygningar, og hefst hrygningin hér við land síðari hluta janúar og stendur fram í miðjan mars. Ufsinn hrygnir einkum á Selvogs- og Eldeyjarbanka á um 100 til 200 metra dýpi. Ufsinn verður kynþroska 4 til 7 ára og er hann þá orðinn 60 til 80 sentimetra langur. Fæða hans er breytileg eftir stærð og svæðum. Fullorðnir fiskar éta mest ljósátu, fiskseiði, loðnu, síld og stærsti fiskurinn étur einnig smokkfisk.

Margir óvinir

Þorskurinn á sér marga óvini í náttúrunni, auk mannsins. Hann er fæða ýmissa stærri fiskar og fugla og þá er hann einnig grímt étinn af hvöllum, sulum og hákörllum.

Þuríður sundafyllir

Landnámabók segir frá fjölkynngi Þuríðar landnámskonu í Bolungarvík en hún var ættuð frá Hálogalandi í Noregi. Einu sinn þegar fisk þraut í heimabyggð hennar settist Þuríður á seiðhjall sinn og efldi seið. Tókst henni svo vel til að öll sund fylltust af fiski. Með þessu forðaði Þuríður byggðarlagi sínu frá hungursneyð og hlaut viðurnefnið sundafyllir.

Fiskar með heitt og kalt blóð

Ríflega 29.000 tegundir af fiskum hafa verið greindir í heiminum og er algengt að þeim sé skipt í vankjálka t.d. steinsugur, brjóskfiska t.d. háffiskar og skötur og beinfiska t.d. þorskur og ýsa. Flestir fiskar eru með kalt blóð, en sumar tegundir eins og háffiskar og túnfiskar eru með heitt blóð.

Engin fiskur í Dauðahafinu

Fiskar finnast í öllum vistkerfum vatns, bæði ferskvatni, söltu vatni og ísöltu vatni, á grynningum og neðarlega í hafdjúpunum. Í nokkrum vötnum með mjög hátt saltinnihald, eins og Dauðahafinu og Great Salt Lake í Bandaríkjunum, finnast engir fiskar. /VH

HLUNNINDI & VEIÐI

Þrjú veiðarfæri með um 80% aflaverðmæta

Kjartan Stefánsson
kjartanst@simnet.is



Botntroll ber höfðuð og herðar yfir önnur veiðarfæri íslenskra skipa. Fiskur veiddur í trollið skilaði um 43% aflaverðmæta árið 2016. Línan, sem er í öðru sæti, nær því ekki einu sinni að vera hálfdrættingur á við trollið.

Í aldaradír var handfærið eina veiðarfærið sem íslenskir sjómenn notuðu og hélst það svo að mestu leyti allt fram undir lok 19. aldar. Í byrjun 20. aldar ryðja skipsvélar sér til rúms sem kunnugt er, skipin stækka og síðast en síst koma ný og öflugri veiðarfæri til sögunnar.

Þrjú veiðarfæri með tæp 80%

Íslenska sjávarauðlindin er gjöfufull og þau aflaverðmæti sem þangað eru sótt nema eitthvað á annað hundrað milljörðum króna á ári. Á síðasta ári voru aflaverðmætin um 110 milljarðar en árið 2016 um 133 milljarðar. Bæði árin losaði aflinn rúmlega milljón tonn. Til að ná þessum afla nota Íslendingar nokkrar mismunandi tegundir veiðarfæra. Um einn tugur veiðarfæra er tiltekinn í sundurliðun Hagstofunnar yfir afla og aflaverðmæti eftir veiðarfærum.

Val á veiðarfærum ræðst af mörgum þáttum. Sum þeirra eru sérhæfð eftir fisktegundum, fiskimiðum og árstímum. Önnur eru nokkuð alhliða og þá fer það stundum eftir kenjum kokksins, ef svo má að orði komast, hvort valin eru net, troll, lína eða dragnót við veiðar á nokkrum algengum nytjategundum. Fjölbreytnin er þó minni en ætla mætti við fyrstu sýn því þrjú veiðarfæri, þ.e. botntrollið, línan og flottrollið, eru með tæp 80% verðmætanna.

Hér á eftir verður gerð grein fyrir aflaverðmæti eftir veiðarfærum árið 2016 en tölur fyrir árið 2017 liggja ekki fyrir á vef Hagstofunnar. Það kemur væntanlega ekki að sök því notkun veiðarfæra breytist ekki svo mikið á milli ára.

Botntrollið, stórbætt aflameðferð

Árið 2016 voru veidd um 272 þúsund tonn af fiski í botnvörpu að verðmæti um 57 milljarðar króna, sem er um 43% af heild eins og áður er komið fram. Þar af voru 124 þúsund tonn af þorski að verðmæti rúmir 26 milljarðar, eða um 45% verðmæta þorsksins.

Tími botntrollsins kom þegar Íslendingar hófu togaraútgærd í byrjun síðustu aldar. Bátar nota þetta veiðarfæri einnig, eingöngu eða hluta úr ári. Trollið hefur, þrátt fyrir mikilvægi þess, ekki notið mikillar virðingar. „Togarafiskurinn“ þótti hér í eina tíð vart boðlegur á matborð Íslendinga. Stórbætt aflameðferð um borð í togurum og styttri veiðiferðir hafa meðal annars gert það að verkum að togarafiskurinn þykir nú herraþingamatur.

Botnvarpan er nær einráð við veiðar á vissum fisktegundum, svo sem á karfa. Um 93% alls karfaafra eru veidd í trollið. Vandséð er að þessi fisktegund verði nýtt án botnvörpunnar.

Línan í mikilli sókn

Línan er í öðru sæti yfir aflaverðmæti



Togveiðar skila hlutfallslega mestum verðmætum í sjávarútvegi. Hér eru nýjustu og að sumra mati einhverjir fallegustu togarar íslenska flotans, þeir Páll Pálsson ÍS 102 og Berki VE 61. Þeir komu í fyrsta sinn til heimahafna sinna, Ísafjarðar og Vestmannaeyja, um helgina eftir um fimm vikna siglingu frá Kína.

Aflaverðmæti eftir veiðarfærum 2016

	Verðmæti	Hlutfall
Botnvarpa	56.756	42,7%
Lína	23.530	17,7%
Flotvarpa	23.109	17,4%
Net	7.773	5,8%
Dragnót	7.244	5,4%
Handfæri	4.882	3,7%
Nót	4.711	3,5%
Rækjuvarpa	2.468	1,9%
Humarvarpa	2.029	1,5%
Önnur veiðarfæri	520	0,4%

Heimild: Hagstofan

eftir veiðarfærum með um 18% af heild. Um 117 þúsund tonn af fiski rötuðu á króka línunnar að verðmæti 23,5 milljarðar. Línan var í mikilli sókn í loks síðustu aldar og hefur hún tekið yfir hlutverk netanna sem lengi vel komu næst botntrollinu að mikilvægi við þorskveiðar. Um 30% af aflaverðmæti þorsks er tekið á línu, tæp 40% af ýsu og um 55% af steinbít. Alla jafna er línufiskur eftirsóttasta hráefnið til vinnslu.

Línuveiðar skiptast í tvennt eftir útgerðarflokkum. Annars vegar eru stærri bátar með sjálfvirkar beitningarvélar um borð og veiðiferðirnar taka nokkra daga. Hins vegar eru smábátar sem stunda dagröðra. Þeir eru ýmist með beitningarvélar eða línu í böllum sem beitt er í landi.

Flotvarpan veiðir mest í tonnum talið

Flotvarpan er í þriðja sæti yfir aflaverðmæti. Hún gaf rétt rúma 23 milljarða, eða rúm 17% af heildinni. Flotvarpan er einnig það veiðarfæri sem veiðir mest í tonnum talið, eða rúm 470 þúsund tonn.

Flotvarpan er ákaflega sérhæft veiðarfæri. Hún er dregin miðsævis eða uppi í sjó og er nú nær eingöngu notuð við veiðar á uppsjávarfiski, kolmunna, loðnu, makríl og síld. Hér á árum áður var flotvarpan einnig stórtæk við veiðar á úthafskarfa á Reykjanes hrygg áður en sá fiskstofn hrundi.

Kolmunni er eingöngu tekinn í flottroll sem og norsk-íslensk síld og megnið af makrílafla. Loðna er einnig veidd í flottroll framan af vertíð, oft í miklum mæli þegar

kvótinn er stór. Ennfremur er íslenska síldin veidd í flottroll þegar hún er ekki inni á fjörðum.

Netin mega muna fífil sinn fegurri

Netin eru í fjórða sæti. Í þau veiddust um 34 þúsund tonn að verðmæti tæplega 8 milljarðar sem eru aðeins 6% af heildinni. Netin mega muna fífil sinn fegurri. Sú var tíðin að þau voru mikilvægasta veiðarfærið á vetrarvertíð sunnanlands. Um tíma á síðustu öld voru netabátarnir svo margir við veiðar á miðunum við Vestmannaeyjar að siglutré þeirra voru eins og skógarþykkni að sjá úr fjarska. Nú eru aðeins örfáir netabátar gerðir út á vertíðinni og netin skila aðeins um 9% af aflaverðmæti þorsks.

Netafiskurinn var ekki hátt skrifaður fremur en togarafiskurinn vegna þess að ekki var alltaf vitjað um netin daglega. Í seinni tíð eru netin aldrei látin liggja lengur en eina nótt og um hávertíðina eru netin iðulega lögð og dregin samdægurs og aflinn spriklandi ferskur.

Einstaka fisktegundir eru aðeins veiddar í net eins og grásleppan og stór hluti skötuselsaflans er veiddur í net.

Dragnótin veiðir allt sem að kjafti kemur

Dragnótin skapar fimmtu mestu aflaverðmætin eða rúma 7 milljarða og rúm 5% af heildinni. Dragnótin er botndregið veiðarfæri en er aðeins notað á mjúkum botni ólíkt trollinu. Dragnótin er alhliða

veiðarfæri og veiðir nánast allt sem að kjafti kemur ef svo má að orði komast.

Dragnótin er notuð við veiðara á helstu tegundum eins og þorski og ýsu. Þá hentar hún sérstaklega vel við veiðar á kolategundum. Þess má geta að 65% skarkolaafans eru veidd í dragnót.

Handfærin í endurnýjun lífdaga

Handfærin eru í sjötta sæti. Þau skiluðu tæpum 26 þúsund tonnum að verðmæti tæpir 5 milljarðar sem eru tæp 4% af heildinni. Hér er einkum um þorsk og makríl að ræða. Færaþorskurinn var tæp 16 þúsund tonn árið 2016 og makríllinn tæp 8 þúsund tonn.

Handfæraaflinn dróst verulega saman þegar dagakerfið svonefnda fyrir smábáta var aflagt fyrir rúmum áratug. Árið 2008 nam færaþorskurinn aðeins um 3.700 tonnum, en hafði lengst af áður verið 15 til 25 þúsund tonn á ári. Með tilkomu strandveiða gengu handfærin í endurnýjun lífdaga. Handfærabátar hafa einnig blandað sér í veiðar á makríl, hinum nýja nytjafiski Íslendinga.

Nótin veiðir loðnu og síld á grunnslóð

Nótin er í sjöunda sæti. Í hana voru veidd 100 þúsund tonn að verðmæti 4,7 milljarðar og tæp 4% af heildarverðmætum. Nótin er eingöngu notuð við veiðar á uppsjávarfiski, loðnu og síld, og var lengi vel eina veiðarfærið á því sviði svo heitið gat, áður en flotvarpan blandaði sér í leikinn.

Loðnan er yfirleitt veidd í flotvörpu fyrri hluta vertíðar eins og áður segir, þar sem henni verður við komið, en í nótt þegar loðnan hefur þétt sig og er komin á grynri sjó. Hér áður fyrr, þegar loðnukvótinn var stærri en nú er, veiddist óhemjumagn af loðnu í nótna.

Íslenska síldin er einnig veidd í nótt ef og þegar hún gengur á grunninn eða inn í firði til vetursetu.

Önnur veiðarfæri

Rækjuvarpan er í áttunda sæti með tæp 2% af aflaverðmæti og humarvarpan í því níunda með 1,5%.

Önnur veiðarfæri skila hverfandi verðmætum í samanburði við heildina en þar er einkum um að ræða plóga, sem veiða sæbjúgu og hörpudisk, og gildir sem fanga beitukóng og krabba.

UTAN ÚR HEIMI

Bandaríkin:
Of mikið gras í Oregon

Kannabisframleiðendur í Oregon-ríki í Bandaríkjunum eru að komast í talsverð vandræði vegna offramleiðslu á kannabis. Talið er að um 500 þúsund tonn af uppskeru síðasta árs séu en óseld.

Fyrstur til að benda á vandann var hamplönturæktandi sem selur öðrum ræktendum plöntur til framhaldsræktunar til kannabisframleiðslu. Að sögn bóndans seldi hann svo mikið af plöntum til áframræktunar á síðasta ári að augljóst var að um umfram framleiðslu yrða að ræða.

Vegna offramleiðslunnar hefur verð á kannabis lækkað í ríkinu og

selst grammið á 4 dollara, eða rétt rúmar 400 krónur íslenskar.

Ræktun á kannabis var gefin frjáls í Oregon undir eftirliti árið 2016. Í dag hafa verið gefin út tæplega 2000 slík leyfi í ríkinu. Plantan sem kannabis er unnið úr dafnar vel utandyra í Oregon og þarf því lítið að hafa fyrir ræktuninni nema hvað þá að haustkuldar og haglél geta sett strik í reikninginn eins og í annarri ræktun. Auk þess sem myglusveppur hefur herjað á plönturnar.

Talið er að samdráttur verði í framleiðslunni á þessu ári miðað við fyrra ár. /VH



Plantan sem kannabis er unnið úr dafnar vel utandyra í Oregon og þarf því lítið að hafa fyrir ræktuninni.



Hitamælar í Pakistan sýndu yfir 50° á Celsíus í apríl og búist er við að hitinn eigi enn eftir að hækka á næstu vikum.

Hlýnun jarðar:
53° á Celsíus í Pakistan

Aprílhiti í Pakistan hefur aldrei mælst hærra en í síðasta mánuði þegar hann fór yfir 53° á Celsíus. Íbúar í Nawabshah íhuga að flýja borgina af hræðslu við að hitinn eigi eftir að hækka enn meira á næstu vikum.

Gríðarlegir hitar voru í Pakistan í nýliðnum aprilmánuði og fór hitinn víða yfir 50° á Celsíus. Veðurstofa landsins spáir áframhaldandi hita í landinu.

Vitað er um að 24 fjórir hafa látist úr hjartaslagi vegna hitans í Pakistan og að margir íbúar þess hafi í hyggju að flýja til svæða þar sem ekki er spáð eins miklum hita.

Pakistan er eitt af þeim tíu löndum heims sem spáð er að muni fara verst út úr áframhaldandi hlýnun jarðar. /VH

Indland:
Yfir hundrað lástast í sandstormum

Sandstormar í norðanverðu Indlandi ollu dauða ríflega eitt hundrað manna snemma í þessum mánuði. Flestir hinna látnu voru sofandi í rúmum sínum þegar sandstormarnir gengu yfir og létust þegar þök hrundu undan þunga sandsins.

Auk dauða fjölda fólks olli sandstormurinn miklum skemmdum á mannvirkjum og búsisfjum á búfé.

Þrátt fyrir að sandstormar séu algengir í norðanverðu Indlandi er dánartalan að þessu sinni óvenjulega há og nær yfir stórt svæði.

Í kjölfar sandstormanna fylgdu þrumur og eldingar, hávaðarok og mikið úrhelli. Veðurfræðingar á Indlandi segja að sandstormurinn sé afleiðing mikilla hita og þurks á svæðinu og að þess vegna hafi stormarnir verið óvenju öflugir. /VH

Rúlluplast og girðingarefni frá Líflandi

Megastretch 5 laga rúlluplast

Vörunúmer	Breidd	Þykkt	Lengd m.	Litur	Verð kr.
VHPLAST75GR	75 cm	25 µm	1.500	Dökkgrænt	9.100
VHPLAST75HV	75 cm	25 µm	1.500	Hvítt	9.100
VHPLAST75SV	75 cm	25 µm	1.500	Svart	8.900
VHPLAST50GR	50 cm	25 µm	1.800	Ljósgrænt	7.550 án vsk.

Megastretch Ultra 7 laga rúlluplast

Vörunúmer	Breidd	Þykkt	Lengd m.	Litur	Verð kr.
VHULTRA75PLASTGR	75 cm	22 µm	1.800	Ljósgrænt	10.290* NÝTT

*Megastretch Ultra kemur í heilum brettum án pappakassa. Lágmarksmagn til afgreiðslu er 20 stk á bretti. án vsk.

Unterland Xtra rúlluplast

Vörunúmer	Breidd	Þykkt	Lengd m.	Litur	Verð kr.
VHUNTERLAND75	75 cm	25 µm	1.500	Hvítt	8.900
VHUNTERLAND50	50 cm	25 µm	1.800	Hvítt	7.350 án vsk.

Gripple tengi

Frá kr. 325

Gormahlið

Frá kr. 1.590

Plaststaurar

Frá kr. 670

Staurasleggja

Kr. 13.990

Rafhlöður

Frá kr. 690

Rafmagnspræðir

Frá kr. 1.690

Spennar

Frá kr. 17.490

Þanvír

Kr. 8.290

W-einangrari

Frá kr. 70

Tréstaurar

Frá kr. 238

Girðinganet

Frá kr. 10.290

Kambstál

Frá kr. 390

Járnstaurar

Kr. 1.690

Sólarorkuspennar

Spennar sem geta nýtt sólarorku sem orkugjafa

NÝTT

Spennar frá kr. 27.990
Speglar frá kr. 24.990

Kíktu á vefverslun okkar á www.lifland.is og skoðaðu úrvalið

Sala og ráðgjöf
Sími 540 1100

www.lifland.is
lifland@lifland.is

Reykjavík
Lynghál

Borgarnes
Borgarbraut

Akureyri
Óseyri

Blönduós
Efstubraut

Hvolsvöllur
Ormsvöllur

Innrás vélmenna og gervigreindar er hafin

Erla Hjördís
Gunnarsdóttir
ehg@bondi.is



Lars Rinnan er einn eftirsóttasti fyrirlesari í Noregi þegar kemur að málefnum vélmenna, gervigreindar og algörþma. Hann segist furða sig á því í hverri viku hversu margir, þar á meðal stjórnmálamenn, átta sig ekki á því hversu hröð tækniþróunin er á þessum vettvangi. Á næstu tveimur árum muni 5 milljónir starfa verða tekin yfir af vélmennum og innan 2030 verði helmingur af öllum núverandi störfum í heiminum tekin yfir af vélmennum.

„Vélmennin eru nú þegar komin og í nokkrum greinum hefur það verið svo í mörg ár eins og í bílaiðnaði og hjá verðbréfafyrirtækjum. En núna hefur magn af gögnum og vinnslukraftur þróast svo mikið að vélmennin geta stöðugt gert hlutina jafn vel eða betur en mannfólkið. Þegar tækniþróunin er á þessum mikla hraða þar sem hraðinn tvöfaldast á hverju ári verða vélmennin verulega mikið betri ár eftir ár. Innan ársins 2029 munu vélarnar verða jafn klárar og manneskjur, greina gögn jafn hratt og heili í manneskju og geta framkvæmt allar þær athafnir sem mannfólkið getur. Hingað til höfum við aðeins séð byrjunina á þessari þróun,“ útskýrir Lars.

Þróun á ógnarhraða

World Economic Forum spáir því að fimm milljónir starfa muni verða tekin yfir af vélmennum innan ársins 2020 og Google spáir því að tveir milljarðar starfa, helmingur af öllum núverandi störfum í dag, muni verða tekin yfir af vélmennum innan ársins 2030.

„Þrátt fyrir mismunandi tíma-ramma hafa báðir aðilar rétt fyrir sér. Ef maður tekur spá World Economic Forum um fimm milljónir starfa og tvöfaldar á hverju ári í 10 ár þá fer maður yfir í tvo milljarða. Þessi fyrirtæki hafa varla rætt þetta sín á milli. Ástæðan fyrir því að báðir hafa rétt fyrir sér er að hægt er að reikna út hversu góð tæknin er. Þetta byggist á lögum Moore sem segir að fjöldi transistora (þættir sem reikna út í tölvum) á ákveðnu svæði tvöfaldast á 18 mánaða fresti, þar að auki hefur maður vöxtinn í tölvum og þróun á hugbúnaði sem til samans bendir til þess að



Lars Rinnan heldur fyrirlestra í Noregi um tækni og stafrænu byltinguna ásamt stjórnun og nýsköpun. Hann hefur 25 ára leiðtogareynslu og rekur fyrirtækið NextBridge Group. Mynd / NextBridge Group.



Nemendur og kennarar við Umhverfisháskóla Noregs (NMBU), undir forystu Pál Johan From doktors, hafa sérhæft sig í ákveðinni vélmennatækni sem er talin geta komið að góðum notum við landbúnað. Þar að auki þróa þeir hagnýt vélræn verkfæri fyrir sjálfbærari og skilvirkari landbúnað. Fyrsta vélmennnið fyrir landbúnað, Thorvald, var kynntur til leiks fyrir tveimur árum. Mynd / NMBU

þróunin sé á ógnarhraða,“ segir Lars og bætir við:

„Stjórnmálamenn viljalítið ræða þessa þróun, annaðhvort af því að þeir hafa ekki áttað sig á henni eða af því að það kemur sér ekki vel fyrir þá í næstu kosningum. Þetta er stórt lýðræðislegt

vandamál. Þeir horfa á sögulegar tölur og fullyrða að það hafi ekki horfið mörg störf til vélmenna og það er auðvitað rétt því þetta er í raun bara rétt að byrja. Það mun ekki gerast svo mjög mikið næstu árin heldur. En innan fimm ára munu einnig stjórnmálamenn

sjá hvað er að fara gerast. Ef þeir hafa ekki byrjað að hugsa um það núna hvernig þeir eigi fyrir hönd samfélagsins að tengjast veruleika með 50% atvinnuleysi þá byrjar það í nánustu framtíð að verða aðeins of seint.“

Krefjandi félagsleg tilraun

„Fólk þarf bæði að óttast og gleðjast yfir þessari þróun. Fyrir þá sem vinna í einföldum starfsgreinum þar sem mikið er af endurtekningum og litlar kröfur eru um vitsmunalega hæfileika og þar sem ekki þarf að leysa vandamál á skapandi hátt þá er mjög stutt í að þau störf hverfi sjálfvirk á braut. Ef ég væri strætóbílstjóri eða endurskoðandi myndi ég íhuga strax í dag að leita mér að öðru starfi. Endurskoðandinn getur kannski látið vélmanni halda bókhaldið og í staðinn unnið með fjármálaráðgjöf til viðskiptavina sem byggist á bókhaldinu en aftur á móti fyrir strætóbílstjóran eru ekki svo margir aðrir augljósir möguleikar. Það mun ekki verða auðvelt að fara frá því að vera strætóbílstjóri í að hanna sýndarveruleika sem dæmi. Þetta mun gilda fyrir mjög margar starfsgreinar í þessum flokki. Það er möguleiki að hægt verði að endurmennta sig í átt að störfum sem eiga sér framtíð en þetta á við um störf innan heilsu, umönnunar, þjálfunar, upplifana og fleira.

Sama á við um þá sem eru að mennta sig í dag til starfa sem mun ekki lengur verða eftirspurn eftir. Þá mæli ég með að skipta um námsvettvang áður en það er of seint. Hvort ráðgjafar í skólum og háskólum eru meðvitaðir um þessa stöðu er síðan annað mál,“ útskýrir Lars og segir jafnframt:

„Ég held reyndar að nýr veruleiki með borgaralaunum geti verið mjög jákvæð þróun. Kannski er það innrætt skynjun að allir verði að vinna? Ég held að það séu margir sem eru ekki að tengjast í gegnum vinnuna heldur að þetta sé eingöngu samfélagslega smíðuð nauðsyn til að lifa af. Þó eru borgaralaun krefjandi félagsleg tilraun og ég sé fyrir mér að þar geti þróast óreiðuástand áður en þetta mun virka. Þess vegna finnst mér að stjórnmálamenn nútímans ættu að gefa þessu meiri gaum og átta sig á því sem er að koma ásamt því að verða sér úti um reynslu í gegnum tilraunaverkefni. Það eru nokkur slík verkefni í gangi í heiminum í dag eins og í Finnlandi, á Indlandi og í Kanada. Niðurstöðurnar

hingað til eru jákvæðar en verkefnin eru auðvitað ansi takmörkuð. Það sýnir sig að það er til annar valkostur en almannatryggingakerfið sem er við lýði á Norðurlöndunum.“

Skattleggja ofurarbær fyrirtæki

Árið 2029 munum við ekki þekkja þann sama heim og við lifum í dag. Það munu verða vélmenn úti um allt og þau munu hafa áhrif á hversdaginn hjá öllum á jörðinni. Þá munu um 50% af störfum dagsins í dag að hluta til eða öllu leyti vera tekin yfir af vélmennum. „Sennilega verður líka búið að skapa mörg ný og spennandi störf á þessum tíma. Þetta getur verið námuvinnsla á smástírum eða þróun á sýndarveruleikum. Þrátt fyrir það munu færri störf skapast en þau sem hverfa og að öllum líkindum verða ekki þeir sem missa vinnuna í „gömlu“ starfsgreinunum hafa hæfni í „nýju“ starfsgreinunum. Lausn á þessu getur falist í borgaralaunum. Það er stórt málefni sem maður getur talað um fram og til baka í marga daga en hin mikla áskorun í því er hvernig á að fjármagna þetta fyrirkomulag. Ég held kannski, já þetta er ekki einfalt, að rétta leiðin sé að skattleggja ofurarbær fyrirtæki. Ofurarbær fyrirtækin eru þau sem hafa gert mest af virkri starfsemi sinni sjálfvirk og hafa óeðlilega háa framlegð, það er að segja ekki 10% heldur kannski 70%. Við sjáum nú þegar útlínur af slíkum fyrirtækjum í dag. Instagram sem dæmi höfðu 13 starfsmenn þegar Facebook keypti það fyrir 1 milljarð Bandaríkjadala. Það virkar sjálfbærara og sanngjarnara að hluta af ofurframlegðinni sé hægt að deila á alla sem hafa verið skipt út fyrir vélmanni og eru á borgaralaunum. Þar að auki þurfum við verulega lægri framfærslukostnað vegna vélmennavæðingarinnar og þá þurfum við ekki eins háar tekjur og við höfum í dag. Bílar verða sjálfvirkir og ódýrir vegna þrívíddarprentunartækni, við munum hafa næstum ókeypis sólarorku, hús og innanstokksmunir verða prentuð með þrívíddartækni, meiri bjartsýni mun gæta í matvælaframleiðslu, meiri áhersla verður lögð á svæðisbundna og ódýra framleiðslu og svo framvegis.“

Bóndinn mun ekki hverfa

Lars bendir á að samkvæmt skýrslu

Rúmföt og handklæði fyrir ferðapjónustuna

Allt lín fyrir:

Hóтелиð • Gistiheimilið • Bændagistinguna • Airbnb
Veitingasalinn • Heilsulindina • Þvottahúsið • Sérverslunina

Starfsmannafatnaður fyrir hótél og veitingahús

Eigum allt fyrir:

- Þjóninn
- Kokkinn
- Gestamóttökuna
- Þernuna
- Vikapiltinn
- Hótelstjórnandann



EDDA
HEILDVERSLUN

Höfðabakka 9,
110 Reykjavík
Sími 525 8210

eddaehf@eddaehf.is
www.eddaehf.is



World Economic Forum um „fjórðu iðnbyltinguna“ er líklegast að eftirfarandi starfsgreinar verði teknar yfir af vélmennum innan tveggja ára: Símasölufólk, starfsfólk sem sinnir fjármálum, ljósmyndafyrirsætur ásamt leigu- og strætóbílstjórum.

„Það sem mér finnst mest spennandi við tæknina og gervigreind eru framtíðarhorfurnar. Það eru margir sem eru ekki svo ákafir í að vinna ef þeir þurfa þess ekki og þannig verða borgaralaun kannski fin ný framtíð. Sú staðreynd að gervigreind geti hjálpað til við að leysa áskoranir í heilbrigðisgeiranum og gera heiminn aðeins grænni gerir mig bæði hjartán og ákafan yfir þróuninni,“ segir Lars og bætir við:

„Þegar kemur að landbúnaði þá verður þróunin ekkert öðruvísi þar en í öðrum greinum og sjáum við nú þegar mikla þróun í notkun vélmenna til notkunar í landbúnaði og nýja tækni. Bóndinn mun ekki hverfa en hann mun geta unnið mun skilvirkara með aðstoð vélmenna og gervigreindar. Mikið af erfiðu, skítugu og hættulegu vinnunni verður hægt að koma yfir á vélmennin sem er góð þróun, bæði fyrir bóndann og fyrir þá sem kaupa landbúnaðarvörur.“

Byltingin er hafin

„Við höfum ákveðinn ramma til að skilja þróun á tækninni í dag og öll tækni sem er gerð stafræn fylgir þessari þróun sem flokkast undir hin 6 D. Það byrjar með Digitized. Tækni sem er gerð stafræn skapar mikið gagnamagn sem hægt er að deila og greina. Næsta stig er Deceptive þar sem þróun á tækninni gerist á ógnarhraða en byrjar mjög hægt og er þess vegna



„Stjórnálmamenn vilja lítið ræða þessa þróun, annaðhvort af því að þeir hafa ekki áttað sig á henni eða af því að það kemur sér ekki vel fyrir þá í næstu kosningum. Þetta er stórt lýðræðislegt vandamál,“ segir Lars um innrás vélmenna á atvinnumarkaði um allan heim.

lítið sýnileg í byrjun. Sem dæmi þá er þrívíddarprentun meira en 30 ára gömul tækni. Hún byrjaði hægt og rólega en stefnir nú í að bylta framleiðslu á vörum um allan heim. Þá verða fyrirtæki Disrupted þegar þau hugsa línulega á meðan tækniþróunin er á veldishraða. Hinn mikla mun er hægt að sýna með því að taka 30 skref. Ef þú tekur 30 línuleg skref, 1-2-3-4-5..., kemst þú litla 30 metra. Ef þú tekur hins vegar 30 skref á veldishraða sem tvöfaldast við hvert skref, 1-2-4-8-16..., kemst þú 1.073.741.824 metra. Það jafnast á við 26 sinnum í kringum Ekvador! Flestir skilja ekki þennan mun og það er ekki svo skrítið. Ég lít á það sem verkefni mitt að hjálpa fólki og fyrirtækjum að skilja þetta,“ útskýrir Lars og segir jafnframt:

„Næsta stig er Dematerialize sem þýðir að við erum á leiðinni inn í raunveruleika þar sem við eigum ekki neitt og allt snýst um þjónustu. Tækni sem verður

stafræn verður að þjónustu. Hugsaðu um öll öpp sem þú hefur á snjallsímanum þínum, áður fyrr voru þetta líkamlegar vörur. Hið sama mun gerast til dæmis með bíla. Við notum bílinn í kringum 4% af tíma dagsins, þar fyrir utan er hann í kyrrstöðu og verður minna virði með hverjum degi sem líður. Það er brjálæði! Bættu við það að sitja fastur í umferðinni, árekstrum og óteljandi bílastæðum og þá skilur maður að eitthvað þarf að gera. Bílar verða sjálfkeyrandi og við kaupum okkur aðgang að þeim eins og þjónustu. Þegar líkamlegar vörur verða að þjónustu þá verða þær einnig Demonetized, það er, að kostnaður verður nánast enginn og hægt er að bjóða vöruna allt að því ókeypis. Hvað kostar til dæmis fyrir Spotify að taka inn nýjan notanda í tónlistarþjónustu sína? Næstum ekkert.

Við enda rammans finnum við Democratized sem er jákvætt orð. Þegar vörur verða að þjónustu

Meira rými, meiri afköst.



We are Fliegl.

www.fliegl.com



RAG - import export · Helluhraun 4 220-Hafnarfjörður
Tel + 354 565-2727 · Mobile + 354 892 7502 · Email: rafn@rag.is

www.n1.is facebook.com/enneinn



Búðu þig vel undir vorverkin



Tork pappír 510MTR W1
Vnr. 6487 130040

Tork Wiping Plus W1, tvöföld stór rúlla. 510 metrar á rúllu, 1500 blöð. 2 laga pappír.



Dunlop Purofort stígvél
Vnr. 9655 D460933

Dunlop Purofort professional stígvél eru létt á fæti og með höggdeyfi í sóla. Litur: Grænn. Stærðir: 37-48.



Fristads samfestingur
Vnr. 9613 P154880

Vasar á lærum, mjög endingargóðar buxur. Litur: Svartur, kóngablár, navyblár og grár. Stærðir: XS-2XL.



Mobilfluid 426, 20 l
Vnr. 706 472120

Drif- og vökvakerfisólía fyrir traktora og vinnuvélar. Fæst í 20 og 208 l umbúðum.



Mobil delvac MX 15W-40, 20 l
Vnr. 706 4382820

Mínerölsk olía fyrir flutningabíla og vinnuvélar. Fæst í 4, 20 og 208 lítra umbúðum.



Portwest samfestingur fyrir börn
Vnr. 9657 C890

Endingargóður galli fyrir kröftuga krakka. Litur: Dökkblár. Stærðir: 4/5 - 6/7 - 8/9 - 10/11 - 12/13 - 14/15.

Verslanir N1 um land allt

Akureyri s. 440 1420 • Höfn s. 478 1940 • Ísafjörður s. 456 3574
Klettagarðar s. 440 1330 • Ólafsvík s. 436 1581 • Patreksfjörður s. 456 1245
Reyðarfjörður s. 474 1293 • Reykjanesbær s. 421 4980 • Vestmannaeyjar s. 481 1127

Alltaf til staðar



LANDSINS MESTA ÚRVAL AF SÍUM!



SÍUR Í ALLAR GERÐIR BÍLA & VINNUVÉLA Á FRÁBÆRU VERÐI !

SUMARTILBOÐ Á NEYSLUGEYMUM



250AH Neyslugeymir

Hentar vel fyrir handfærarúllur og fleira.

Á AÐEINS KR. 44.950,-
110AH Neyslugeymir

Hentar vel í ferðavagna og fleira.

Á AÐEINS KR. 19.960,-

Sjá nánar á www.automatic.is

Automatic ehf

Smiðjuvegi 11, 200 Kópavogi

Sími: 512 3030

pantanir@automatic.is



FRÉTTASKÝRING

Norskir áburðar- og vopnaframleiðandur taka forystuna í skipahönnun og smíði siglingadróna:

YARA lætur smíða fjarstýrt, rafknúðið og ómannað gámaflutningaskip

Hörður Kristjánsson
hk@bondi.is



Norðmenn, Finnar, Kínverjar ásamt fragtskipaútgerðum í Singapúr eru nú að huga að smíði ómannaðra flutningaskipa eða eins konar „siglingadróna“. Mun fljótlega hefjast smíði hjá norski skipasmíðastöð á rúmlega 72 metra (237 feta) rafknúnu skipi sem mun líklega sigla mannlaust 2020.

Þessi siglingadróni Norðmanna, sem verður fyrsta sjálfstýrða flutningaskip heims, er smíðað í samvinnu áburðar-fyrirtækjasamsteypunnar YARA, sem íslenskir bændur þekkja vel, og Kongsberg Maritime, sem er afleiða varnarmálastarfssemi í Noregi. Kongsberg er líka vel þekktur vopnaframleiðandi.

Mun léttu flutningum af þjóðvegakerfinu

Skipið, sem eins og áður sagði hefur verið kallað YARA Birkeland, á að geta borið 120 feta gáma. Er því m.a. ætlað að léttu flutningum af norska þjóðvegakerfinu.

„Skipið mun koma í stað flutninga 40.000 trucka á ári í akstri þeirra frá framleiðendum til tveggja helstu útskipunarhafnanna,“ segir Peter Due, yfirmaður sjálfvirknimála hjá Kongsberg Maritime.

Áburðarverksmiðja YARA er í Heroya. Er siglingadrónanum m.a. ætlað að flytja áburð frá verksmiðjunni um þéttskipaða 30 sjómílna siglingaleið til útskipunarhafna í Brevik og Larvik. Það mun léttu flutningum



Þessi mynd sýnir væntanlegt rafknúðið gámaflutningaskip YARA Birkeland sem ráðgert er að sigli mannlaust milli hafna í Noregi.

af vegunum og þá þurfa truckar ekki lengur að aka um þéttbýl svæði með skólum og íbúðabyggð með tilheyrandi mengun og hættu í umferðinni.

Þar sem þetta skip mun einungis sigla í norski landhelgi þurfa menn ekki að glíma við alþjóðlegt reglugerðarverk varðandi slíkar siglingar.

Hrönn verður ómannað þjónustuskip fyrir olíubransann

Auk flutningaskipsins YARA Birkeland er Kongsberg þegar með á þróunum smíði á öðru ómönnuðu skipi sem nefnt hefur verið Hronn. Er því ætlað að verða þjónustuskip fyrir olíuborþalla á Norðursjónum.

„Það sem hjálpar Noregi að vera í fararbroddi í þessum málum er sú staðreynd að við erum lítill þjóð með aðeins 5,3 milljónir íbúa. Það gerir alla ákvörðunartöku mun auðveldari. Við getum verið í beinum tengslum við okkar forsætisráðherra,“ segir Peter Due.

Fleiri þjóðir að íhuga mannlaus skip

Auk Norðmanna eru Finnar að skoða frumgerð sjálfstýrðrar ferju. Þá hafa Kínverjar tekið frá 225 fermílna hafsvæði til að gera tilraunir með mannlaus fjarstýrð skip. Japönsk skipafélög hafa verið að móta stefnu að því markmiði að taka í notkun 250 fjarstýrð skip fyrir 2025.

Bandaríkjamenn virðast vera algerlega úti á túni í þessum málum erf marka má fréttu Msn news í síðustu viku. Þar segir Sean T. Pribyl, lögfræðingur hjá Blank Rome í Washington, að þetta sé eins konar geimkapphlaup. Vísar hann þar til kapphlaups Bandaríkjamanna og Rússa um geimskot og að koma á loft mönnum geimföllum, þar sem Rússar höfðu lengi vel forystuna.

„Þetta hefur komið „öllum“ í greininni í opna skjöldu. Bandarísk skipafélög eru ekki einu sinni þátttakendur í þessum leik.“

Richard Balzano hjá siglingamálastofu bandaríska

samgönguráðuneytisins segir að Bandaríkin séu þarna á eftir öðrum þjóðum. Hann segir jafnframt að bandarísk skipaflutningafyrirtæki séu illa haldin og „í öndunarfél“.

Við erum ekki lengur eins samkeppnishæfir í sjóflutningum eins og t.d. Kínverjar. Okkar skattakerfi, okkar lífsmáti, kauphækkningar og aukinn kostnaður við starfsmannahald gerir okkur ekki eins samkeppnishæf,“ segir Balzano.

Í samkeppni við erlend skipafélög eru nú 81 bandarískt flutningaskip í rekstri í millilandasiglingum. Það er minnsti flutningaskipafloti Bandaríkjamanna á seinni tímum.

Það sem helst er talið hindra siglingar ómannaðra skipa á úthöfunum er skortur á staðsetningarkerfum til að hægt sé að fylgja eftir tilraunum. Einnig eru ekki til reglur um siglingar fjarstýrðra skipa.

Þótt Bandaríkjamenn hafi lítt eða ekki tekið þátt í þróun fjarstýrðra flutningaskipa hingað til er ekki hægt að segja að þeir hafi þar með misst af lestinni hvað varðar tæknigetu og þekkingu. Þessi mál hafa þó einkum verið í höndum bandaríska flotans en almennra fyrirtækja. Fyrir á þessu ári gerði flötinn t.d. tilraunir með 132 feta (um 40 metra) ómannað sjálfvirk skip sem kallað er Sea Hunter. Það á að geta siglt um höfin mánuðum saman án þess að koma í höfn. Þá mun sjálfvirkur kaþbátaskelfir (anti-submarin robot) vera í þöntun.

Sean T. Pribyl, lögfræðingur hjá Blank Rome, áætlað að bandarísku kaupskipafyrirtækin séu í að minnsta kosti fimm árum á eftir erlendum keppinautum sínum hvað varðar áætlanir í innleiðingu ómannaðra sjálfvirkra skipa. Segir Pribyl að íhaldssemi sé mikil í bandarískum skiparekstri og að þar á bæ vilji menn frekar biða og sjá hvað gerist hjá evrópskum kollegum þeirra.

Google, Rolls-Royce og Finnar í samstarf

Bandaríkjamenn virðast þó ekki alveg standa utan við þessa sjálfvirkniþróun í skipum. Hefur áhugi fyrirtækja í Silicondal vaknað varðandi samvinnu við evrópsk fyrirtæki á því sviði. Þannig hóf Google samstarf við breska vélaframleiðandann Rolls-Royce fyrir sex mánuðum um þróun á hugbúnaði fyrir sjálfvirk skip. Opnaði Rolls-Royce t.d. fullkomna rannsóknaraðstöðu í þessum tilgangi í Turku í Finnlandi í janúar síðastliðnum.

Talsmenn ómannaðra siglinga segja að sjálfvirk skip geti verið öruggari og umhverfisvænni en hefðbundin skip með fullri áhöfn.

Tim Barto, yfirverkfæðingur hjá Leidos í Bandaríkjunum, segir að eftir fimm til tíu ár verði byrjað að draga mannskapinn af skipunum.

„Stærsti kostnaðurinn við útgerð skipa er mannskapurinn,“ segir Barto. „Það þarf að hjálfa hann. Einnig að vera með aðstöðu fyrir menn. Allt kosti þetta mikla peninga. Án áhafnar, þá þarf ekki að vera með eldhús í skipunum, svefnklefa, sjúkrastofu, afþreyingaraðstöðu, lagnakerfi og annað. Það skapar meira rými fyrir flutning,“ segir Barto, en Leidos, fyrirtækið sem hann starfar hjá, er á vegum varnarmálayfirvalda og kom m.a. að hönnun fjarstýrðra skipsins Sea Hunter.

Blessun eða bölvun?

Margir þættir hafa verið nefndir ómönnuðum skipum í hag. Þau séu ódýrari í framleiðslu, ekki eins orkufrek og sjóræningjar geti ekki tekið áhafnir þeirra í gíslingu. Þau hafa þó líka sína stóru galla. Ef skyndilega koma upp bilanir sem gera þarf við þá er enginn maður tiltækur til að sinna slíku. Bilað sjálfvirk skip úti á rúmsjó eða í siglingu inni á fjörðum getur því hæglega orðið að tifandi tímasprengju fyrir aðra sjófarendur.

Skipsdrónarnir vekja áhuga tryggingarfélaga

Ómönnuð fjarstýrð eða sjálfvirk skip geta haft marga kosti að mati sérfræðinga. Þó enginn sé um borð til að bregðast við ef eitthvað óvænt kemur skyndilega upp, þá ættu mannleg mistök við stjórn þeirra að vera hverfandi. Fyrirtækið Allianz Global Corporate & Specialty áætlað að um 75–90% slysa á hafinu megi rekja til mannlegra mistaka.

Það er gríðarlega mikilvægt ef hægt verður að útiloka þennan mannlega áhættuþátt í rekstri skipa, að mati lögfræðistofunnar Reed Smith í London. Þarna sjá tryggingafélögin mikla möguleika.

Munu ekki leysa risaskipin af hólmi í bráð

Þótt Norðmenn og fleiri þjóðir séu nú að hefja þróun og innleiðingu sjálfvirkra skipa, þá eru þessar hugmyndir enn langt frá rekstri risastóru gámaflutningaskipanna sem sigla um heimshöfin. Þar eru þegar mjög fámennar áhafnir um borð og mannakostnaðurinn hlutfallslega mjög lítill miðað við hefðbundin minni fragtskip. Ekki er því víst að menn verði óþarfir um borð í risaskipunum á næstunni.

„Við munum því ekki sjá ómönnuð risa tankskip í náinni framtíð,“ segir Jan Hagen Andersen, þróunarstjóri hjá ráðgjafarfyrirtækinu DNV GI í Houston. Hann segir þó að það muni verða bylting í þessa veru á jaðri stórflutninganna.

„Ef ég hefði verið spurður um sjálfvirkni skipa fyrir fimm árum, hefði ég sagt að það væri aðeins vísindaskáldsaga,“ sagði Andersen. „Í dag held ég að við séum að sjá raunveruleg verkefni í þessa veru í þróun.“

Richard Balzano segir að útgerðarmenn geti ekki lengur barist gegn þróun ómannaðra skipa. „Þau eru að koma og þeir vita það.“

Í ekki svo fjarlægri framtíð munum við því sjá skipstjórnendur í stjórnstöðvum skipafélaga uppi á þurru landi stýra ómönnuðum fragtskipum í þúsundum mílna fjarlægð.

VÍKURVAGNAR EHF.

MIKIÐ ÚRVAL KERRUVARAHLUTA



**RAFMAGNSBÚNAÐUR
BREMSUR
BEISLI
DEKK
LJÓS
LED LJÓS**



STYRKUR, ÞJÓNUSTA OG ÁREIDANLEIKI

Víkurvagnar ehf. – Hyrjarhöfði 8. – 110 Reykjavík
Sími 577-1090 – www.vikurvagnar.is – sala@vikurvagnar.is

ESB bannar notkun á skordýraeitri sem inniheldur neonicotinoid

– Framleiðendur og sum samtök bænda mótmæla en bannið tekur gildi í árslok, nema í lokuðum gróðurhúsum

Eftir langa baráttu milljóna manna og fjölda vísindamanna gegn notkun skordýraeitis í landbúnaði í Evrópu og víðar um heim hafa vísindamenn á vegum Evrópusambandsins loks komist að þeirri niðurstöðu að algengasta skordýraeitur heims geti verið hættulegt hunangsflugum og villtum býflugum. Hefur ESB nú samþykkt bann við notkun á skordýraeitrinu utanhúss.

Breska blaðið The Guardian greindi frá því 27. apríl að aðildarríki ESB hafi föstudaginn 27. apríl samþykki bann við notkun á skordýraeitri sem inniheldur þrjá helstu flokkana af neonicotinoid-efni. Það þýðir að notkun slíkra efna verður með öllu bönnuð nema í lokuðum gróðurhúsum. Gert er ráð fyrir að bannið taki gildi fyrir árslok 2018. Þessi efni eru taugaeytur og eru talin hafa mjög skaðleg áhrif á býflugur.

Býflugur og ýmis skordýr eru nauðsynleg fyrir æxlun ýmissa nytjajurta í landbúnaði. Hefur þessum skordýrum farið ört fækkandi á undanföllum árum og hefur mikilli notkun skordýraeitis verið kennt um. Auk skordýradaða, þá hefur þetta einnig haft mikil áhrif á ýmsa fuglastofna sem lifa á skordýrum. Hefur þess orðið mjög vart í Frakklandi.

Reyndar bannaði Evrópusambandið notkun á neonicotinoid í blómarækt sem býflugur sækja mjög í þegar árið 2013. Þar var m.a. tiltekið bann á efninu við ræktun á repju.

Rannsóknir í Þýskalandi hafa sýnt fram á að um 75% af öllum fljúgandi skordýrum hafa horfið í landinu og hugsanlega á stærra svæði. Hefur það ýtt undir viðvaranir um að vistfræðileg endalok kynnu að vera framundan.

Framleiðendur og sum samtök bænda mótmæla banninu

Framleiðendur skordýraeitis hafa barist hart gegn banni og hafa fengið sum samtök bænda í lið með sér og



Notkun skordýraeitis mótmælt í Bretlandi.

Mynd / home 38degrees



Skordýraeitur, haldið ykkur fjarri.

sakað ESB um of mikla varfærni og sagt að bann gæti leitt orsakað uppskerubrest.

„Evrópskur landbúnaður mun skaðast vegna þessarar ákvörðunar,“ sagði Graeme Taylor, hjá Uppskeruverndarsamtökum Evrópu.

„Kannski gerist það ekki í dag og kannski ekki á morgun, en til lengri tíma munu þeir sem þessa ákvörðun tóku sjá skýr áhrif þess að taka þetta mikilvæga verkfæri frá bændum.“

Landssamtök bænda í Bretlandi



Skordýraeitur lamar taugakerfi skordýra.

Mynd / Desibantu

tóku í sama streng og sögðu að menn myndu sjá eftir að hafa sett

þetta bann sem ekki væri rökstutt með neinum sönnunum.

Monsanto tapar mikilvægu máli í Kaliforníu um virka eiturefnið glyfosat sem notað er í gróðureyðingarefni:

Almenningur á nú lagalegan rétt á að vita að glyfosat geti valdið krabbameini

Áfýjunardómstóll í Kaliforníu komst að þeirri niðurstöðu fimmtudaginn 19. apríl að efnafyrirtækið Monsanto bæri að taka fram á umbúðum gróðureyðingarefna sem innihalda glyfosat að efnið inniheldi krabbameinsvaldandi efni.

Þykir þetta stórmál í baráttunni gegn notkun á glyfosati í heiminum, en þar hafa hagsmunaaðilar með framleiðendur að bakhjarli barist hart enda um gríðarlega fjármuni að tefla.

Monsanto vildi að pagað yrði yfir hættunni

Monsanto fór í mál til varnar notkun á glyfosati eftir að umhverfis- og heilsubrannsóknir Kaliforníu (OEHA) tilkynnti að yfirvöld hyggðust skrá glyfosat í gróðureyðingarefnum Monsanto sem hættulegt heilsu manna samkvæmt ákvæði reglugerðar númer 65. Þessi



Nú verður skylt að merka gróðureyðingarefni með aðvörum.

reglugerð gerir þær kröfur að taka verði fram á merkingum vöru ef hún inniheldur efni sem þekkt eru fyrir að geta valdið krabbameini, fósturskaða eða öðrum kvillum. Einnig að banna notkun þar sem slík efni gætu komist í drykkjarvatn í ríkinu. Matvælaöryggisstofnun (CFS) greip inn í atburðarrásina og varði þá ætlun Kaliforníuríkis að skilgreina glyfosat sem krabbameinsvaldandi efni. Varði CFS einnig þann rétt almenningis að vera upplýstur um þegar hann ætti á hættu að fá á sig krabbameinsvaldandi efni.



Eitt þekktasta gróðureyðingarefni Monsanto er Roundup.

Mikill sigur fyrir Kaliforníuríki

Adam Keats, lögfræðingur hjá CFS segir á vefsíðu Sustainable Puls að niðurstaða áfýjunardómstólsins sé mjög mikill sigur fyrir Kaliforníuríki og um leið mikið tap fyrir Monsanto.

Glyfosat er mikið notað í gróðureyðingarefni sem beitt hefur verið í stórum stíl í landbúnaði um allan heim. Einnig hafa efnavörur sem innihalda glyfosat mikið verið notuð til að eyða „illgresi“ í borgum og bæjum og við heimili manna. Mesta notkunin á

gróðureyðingarefnum er þó þar sem bændur nota erfðabreyttar nytjajurtir sem Monsanto og tengd fyrirtæki hafa hannað og eiga einkaleyfi á. Þar er m.a. um að ræða Roundup-þolið korn (Roundup Ready). Nýjustu afbrigði efnapólinna nytjajurta eiga síðan að þola enn sterkari eiturefni líkt og notuð voru í hernaði Bandaríkjamanna í Vietnam á sínum tíma og olli miklu manntjóni og heilsuskaða.

Byggt á rökum WHO

Alþjóða krabbameinsstofnunin (IARC) sem er hluti af Alþjóða heilbrigðismálastofnuninni (WHO), gaf það út árið 2015 að glyfosat væri mögulega krabbameinsvaldandi efni. Notaði Kaliforníuríki það m.a. sem rök fyrir að vara ætti við efninu á vörumerkingum. Samkvæmt reglugerð 65 má enginn einstaklingur í ríkinu eiga viljandi

„Vandinn sem neonicotinoid hefur hjálpað okkur við að berjast við skaða sem skordýr valda mun ekki hverfa. Það er veruleg hættu á að þessi tilskipun muni ekki bæta heilsu býflugna, en þess í stað stofna verndun uppskerunnar í mikla hættu.“

Talsmaður umhverfisráðuneytis Breta sem líka fer með málefni dreifbýlisins fagnar banninu, en segir að ráðuneytið viðurkenni að bannið kunni að hafa neikvæð áhrif á afkomu bænda. Unnið verði með þeim að því að finna lausn á því máli.

Vísindamenn staðfestu hættuna í skýrslu EFSA

Í febrúar kom út skýrsla frá Matvælaöryggisstofnun Evrópu (EFSA) þar sem komist var að þeirri niðurstöðu að notkun skordýraeitis utanhúss væri mjög áhættusöm fyrir hunangsflugur og villtar býflugur. Þá ylli notkun eiturefna mengun á jarðvegi og vatni. Vitnað er til þess að nýleg rannsókn hafi sýnt að hunangssýni sem tekin voru víða um heim hafi innihaldið neonicotinoid.

Nærri 5 milljónir manna höfðu skrifað undir kröfu af frumkvæði baráttuhópsins Avaaz um bann við notkun skordýraeitis.

Loksins eru stjórnmöld að hlusta á almenning, vísindalegar sannanir vísindamanna og bændur sem vita að býflugur geti ekki lifað við þessi efni og að þeir geti ekki heldur lifað án býflugnanna,“ segir Antonia Staats, talsmaður Avaaz.

Það voru mistök hjá yfirvöldum að leyfa notkun á neonicotinoid efnum fyrir aldarfjórðungi. Það hefur leitt til hörmunga fyrir umhverfið. Ákvörðun ESB er því söguleg,“ sagði Martin Dermine hjá aðgerðarsamtökum skordýraeitisandsstæðinga í Evrópu.

Búið er við að bann ESB við notkun á neonicotinoid efnum muni hafa áhrif um allan heim. /HKr.

Almenningur á nú rétt á að vita af hættunni

„Allir Kaliforníubúar eiga nú rétt á að vita að glyfosat sé talinn líklegur krabbameinsvaldur. Reglugerð 65 tryggir að almenningur fái þessa vitneskju,“ segir Rebecca Spector, yfirmaður miðstöðvar matvælaöryggis á vesturströnd Bandaríkjanna.

„Við erum ánægð með að áfýjunardómstóll Kaliforníu kemur með ákvörðun sinni í veg fyrir að Monsanto geti haldið almenningi í myrkri hvað varðar mögulega hættu sem stafar af þeirra framleiðslu.“ /HKr.

Slow Food-hreyfingin hélt Terra Madre Nordic í Kaupmannahöfn:

Íslenskum matarhefðum hampað

– á markaðstorgi og málstofum

Slow Food-hreyfingin heldur mikla matarhátíð sem heitir Salone del Gusto & Terra Madre í Tórínó annað hvert ár – og slík hátíð verður einmitt haldin í september næstkomandi. Á dögnum var Terra Madre hátíð í fyrsta skipti haldin á Norðurlöndum, nánar tiltekið í Kaupmannahöfn undir yfirskriftinni Terra Madre Nordic, þar sem Íslendingar létu að sér kveða.

Þátttakendur komu reyndar frá öllum Norðurlöndunum, auk þess sem Grænlandingar, Færeyingar, Álandseyjar og Sápmi (Lappland) áttu fulltrúa á hátíðinni.

Markmiðið með hátíðinni er meðal annars að tengja saman hin norrænu samfélög um sjálfbæra matvælaframleiðslu, en þar innanborðs eru smáframleiðendur, róttæklingar, fræðimenn og matreiðslumenn.

Fyrsti Terra Madre viðburðurinn var haldinn á Ítalíu árið 2004 en frá árinu 2007 hafa sambærilegir viðburðir verið haldnir til dæmis á Írlandi, í Tansaníu, Brasilíu, Argentínu, Rússlandi og fleiri löndum. Alltaf er um að ræða sama form á Terra Madre viðburðum; sýningar (sala og kynning á afurðum), smíðjur og fyrirlestrar.

Alls tóku 14 íslenskir smáframleiðendur þátt í hátíðinni, auk þess sem Íslendingarnir voru áberandi á málstofum um norrænan mat. Þá var dr. Ólafur Dýrmondsson frummælandi á málstofu um norræn búfjárfkyn, þar sem hann fjallaði sérstaklega um íslensku búfjárfkynin.

Dominique Plédel Jónsson, formaður Reykjavíkurdeildar Slow Food, segir að hátíðin hafi heppnast mjög vel – og eiginlega framar vonum því mikið var um að vera í Kaupmannahöfn þessa helgi. „Aðsókn var mjög góð og gestir komu víða að þannig að alþjóðlegur bragur var á hátíðinni. Norðurlandánágrannar voru áberandi og margir Ítalir voru að sjálfsögðu mættir. Þá fjölmenntu Íslendingar sem eru búsettir í Danmörku, höfðu mjög gaman af og birgðu sig vel upp. Að auki komu um 30–35 manns frá Íslandi sérstaklega til að fara á hátíðina. Almennt má



Dóra Valsdóttir frá Matis fræðir málstofugesti um eðlisgerð íslenska skyrins. Mynd / Dominique



Dominique Plédel Jónsson, formaður Slow Food Reykjavík. Mynd / smh

segja að góð sala hafi verið í íslensku sölubásunum,“ segir Dominique.

Hátíðin styrkt af Norrænu ráðherranefndinni

Að sögn Dominique styrkti Norræna ráðherranefndin verkefnið myndar-

lega, sem telst vera í beinu framhaldi af Ny Nordisk Mad-áætlunarinnar. „Þetta gerði þátttakendum kleift að setja upp sína bása þeim að kostnaðarlausu og þeir þurftu einungis að greiða fyrir flutninginn á þeirra vöru, ferðir og gistingu. Hóflengt gjald var tekið inn á svæðin og inn á



Dr. Ólafur Dýrmondsson, frummælandi á málstofu um norræn búfjárfkyn, þar sem hann fjallaði sérstaklega um íslensku búfjárfkynin. Mynd / Dominique

Íslensku smáframleiðendurnir og þátttakendur

Íslandsstofa styrkti verkefnið og Matarauður kostaði Gísli Matthías út.

Dóra Svavarsdóttir var verkefnastjóri fyrir hönd Slow Food og sá um framkvæmdina vegna markaðstorgsins, en Dominique sá um þátttöku í málstofum og smökkunum.

Á markaðstorginu voru eftirtaldir aðilar með bása:

- Saltverk
- Svövu sinnep
- Krus Islandus (mysa)
- Móðir Jörð
- Breiðdalsbiti
- Pure Natura
- Icelandic Lamb
- Bone & Marrow
- Reykjavík Foods
- Feed the Viking
- Klaustursbleikja
- Omnom
- Íslensk Hollusta
- Reykjavík Distillery

smakkanir en ókeypis var á málstofur. Hátíðarsvæðið var í Ködbyen – í hjarta Kaupmannahafnar – þar sem mikil fræðslustarsemi fer fram; þar er Köbenhavns Madhus, Børnernes Madhus, Copenhagen Food Space – allt í innan við 2–300 metra fjarlægð frá svæðinu. Þar eru líka margir tónlistar- og tómstundaskólar til húsa.

Af þeim um 5.000 manns sem komu á hátíðina voru um 80 sýnendur – þar af 14 íslenskir smáframleiðendur. Viðburðirnir voru alls um 200; smakkanir, smíðjur, málstofur af öllu tagi. Þar var ýmislegt mjög merkilegt og greinilegt að líffræðileg fjölbreytni (biodiversity) var efst í huga margra gesta. Meðal áhugaverðra málstofa má nefna málstofu um Norðurlönd og CAP, landbúnaðarstefnu Evrópusambandsins, málstofu um vernd vöruheita og upprunamerkingar þar sem við Svavar Halldórsson frá Icelandic lamb vorum í umræðum, málstofa um „heritage breeds“ eða gömul húsdýrakyn, þar sem Ólafur Dýrmondsson og ég tókum þátt. Umfjöllunarefnið var: hver er þeirra staða og er það þess virði að vernda þau – þar sem svarið var einmitt já. Það má gera mun betur í varðveislu þeirra, einkum í Svíþjóð, Danmörku og Finnlandi.“

Dominique tiltekur einnig málstofu um Slow Food Chef's Alliance, en það eru sérstök samtök innan Slow Food þar sem matreiðslumenn taka höndum saman um að verja líffræðilega fjölbreytni með sterku tengslaneti. Dóra Svavarsdóttir, matreiðslumeistari og eigandi Culina, og Gísli Matthías Auðunsson, matreiðslumeistari og eigandi Slippsins, stýrðu þeirri málstofu sem var þétt setin af matreiðslumönnum og ungu fólki.

Merkilegt samtal um lýðræðisvæðingu á gæðafæðu

„Merkilegt var líka samtal Dan Saladino, eins þekktasta blaðamanns hjá BBC 4 Food Channel, sem hefur komið til Íslands og hefur mikinn áhuga á því sem er að gerast hér, meðal annars varðandi skyr – við okkar, við Christian Pugliesi, frægan matreiðslumann um

„Market-Based Biodiversity and the Democratisation of Good Food“. Christian Pugliesi var matreiðslumeistari á hinum kunna veitingastað Noma í Kaupmannahöfn og á nú Relæ (sem er með eina Michelin-stjörnu) og Mannfred's. Hann er hugsjónamaður og varð fyrstur til að vera 100 prósent með lífrænt ræktað hráefni á sínum veitingastað og fá Michelin-stjörnu, en það gerði hann árið 2013 á Relæ.

Ég sá um smökkun og kynningu á gömlum íslenskum geymsluaðferðum; þurrkun, reykingu með taði og súrsun og gaf smakk af silungi, hangikjöti og mysu. Við Dóra Valsdóttir frá Matis stóðum fyrir ítarlegri kynningu á hefðbundnu íslensku skyrri (sem við fengum frá Erpsstöðum) og bárum saman við skyr frá Mjólkursamsölunni og tveimur dönskum skyrframleiðendum. Munurinn var sláandi og markmið okkar að sýna hvað skyr er í raun, ekki að skjóta niður það sem er dreift undir nafninu skyr annars staðar en er í raun bara jógúrtframleiðsla.

Íslensk Hollusta var líka með mjög flotta smökkun þar sem Gísli M. Auðunsson matreiðdi einn disk með sölvum og sjávarfangi. Omnom var líka með frábæra smökkun þar sem þeir lögðu áherslu á sjálfbærni og notkun á íslensku hráefni (byggi). Básar fylltust og síðan stóð fólki í röðum eftir að komast að.“

Sterk tengsl mynduð

„Allir komu heim ánægðir þó ekki hafi allir endilega selt mjög mikið, en flestir mynduðu sterk tengsl og lærðu af öðrum á markaðstorginu og á viðburðunum.

Það er alltaf spurning um hvað á að gera við það sem selst ekki á markaðstorginu því það er rándýrt að senda það heim aftur. Að þessu sinni var búið að ákveða að láta góðgerðarsamtök njóta góðs af og það var gert myndarlega. Þar að auki gaf Reykjavík Distillery ágóðann af sölu til Barnaheilla.

Þetta verður að öllu óbreyttu endurtekið að tveimur árum liðnum,“ segir Dominique Plédel Jónsson.

/smh

VANTAR ÞIG STARFSFÓLK

Við útvegum hæfa starfskrafta í flestar greinar atvinnulífsins

Markmið okkar er að spara viðskiptavinum tíma, fyrirhöfn og fjármuni.

Handafl er traust og fagleg starfsmannaveita með margra ára reynslu á markaði þar sem við þjónustum stór og smá fyrirtæki.



Suðurlandsbraut 6, Rvk. | Sími 419 9000

info@handafl.is | handafl.is

BÆNDUR!

SPARIÐ ÁBURÐARNOTKUN OG
NÁIÐ BETRI NÝTINGU MEÐ TRIMBLE

2017

GPS LEIÐSÖGUTÆKI
LANDBÚNAÐARINS

Trimble

...VIÐ MÆLUM MEÐ ÞVI BESTA

ÍS MAR

SEÐHJÓLA 20 / 108 RYKJÓLA
SÍMA 50800 / FÁHAFJÓLA

Er þetta ekki flott?



Til sölu hinar sérstöku súlu-Blæaspir, 2-3 m háar. 30 ára reynsla af þeim hér á landi. Þurfa lítið rými og henta vel sem stakstæð tré.

Einnig hengibirki og vörtubirki frá N-Noregi og ýmsar aðrar öðruvísi plöntur. Alaska aspir 2-3 m (Sælendsaspir, keisaraaspir og iðun). Íslenskt birki 2-3 m. Nú er góður tími til að planta. Grænt-Land Sími: 860-5570

Startarar og Alternatorar í flestar gerðir véla og tækja



Vélavit
Sala - Þjónusta
S: 5272600 - www.velavit.is

Tilboð!

Birkitré 2-3 m. á hæð.
Tilboðsverð v. magnkaup,
10 stk., 20 stk., 30 stk. eða fleiri

Grænt Land ehf. - Flúðum
Uppl. í síma 860-5570


Tilboð!

HÖFÐINGJATRÉ aspir 3-5 m til að setja
við heimreiðar og brjóta vindstrengi við
hús. Takmarkað magn, gott verð.

Grænt Land ehf. - Flúðum
Uppl. í síma 860-5570

Láttu dæluna ganga!

Hjá Dynjanda færðu öflugar
háþrýstidælar fyrir fjölbreyttar
aðstæður og verkefni.
Hafðu samband.
Við veitum þér faglega aðstoð.



DYNJANDI
allt fyrir öryggið

Skeifunni 3h || Sími: 588 5080 || dynjandi.is

baenda
FERÐIR

Jólaferð til Dublin

29. nóvember - 2. desember
Fararstjóri: Þórhallur Vilhjálmsson

Dásamleg jólaferð til Dublin, höfuðborgar Írlands. Hér er jólastemningin í hávegum höfð, borgin er ljósum prýdd og íbúar borgarinnar í hátíðarskapi. Við skoðum helstu kennileiti Dublinar, ásamt nokkrum jólamörkuðum og áhugasamir geta fræðst og smakkað framleiðslu Guinness.

Verð: 112.800 kr. á mann í tvíbýli.
Mjög mikið innifalið!



Bókaðu núna á baendaferdir.is
Sími 570 2790 | bokun@baendaferdir.is | Síðumúla 2, 108 RVK

SKÓGRÆKT & LANDGRÆÐSLA



Skógarbændur útskrifaðir af Græniskógum I vorið 2006. Efri röð frá vinstri: Björgvin Eggertsson, Jóhann F. Þórhallsson, Jóhann Gísli Jóhannsson, Halldór Sigurðsson, Björn Ármann Ólafsson, Pétur Elisson, Helgi Þorsteinsson, Karl Jakobsson, Hafliði Sævarsson, og Ásmundur Þórarinnsson. Neðri röð frá vinstri: Jón Loftsson, Baldvina Sigríður Stefánsdóttir, Ólöf Ólafsdóttir, Susan Ellendersen, Sigrún Erla Ólafsdóttir og Kolbrún Sigurðardóttir.

Félag skógarbænda á Austurlandi 30 ára:

Hafa gróðursett um 28 milljón plöntur í 11 þúsund hektara

Margrét Þóra Þórsdóttir
mth@bondi.is



„Krafa okkar skógarbænda er fyrst og fremst sú að ríkið standi við gerða samninga við bændur og að í fjárlögum ársins 2018 sem og í næstu fjármálaáætlunum til 5 ára verði gert ráð fyrir auknum framlögum til skógræktar.

Við leggjum líka áherslu á að gróðursetningu verði haldið áfram í samræmi við samninga og að hægt verði að fara í fyrstu gríðun skógaranna innan eðlilegra tímamarka,“ segir Jóhann F. Þórhallsson,

gjaldkeri Félags skógarbænda á Austurlandi.

Frumkvöðlar í skógrækt

Skógarbændur á Austurlandi fögnuðu nýlega 30 ára afmæli félagsins, en það var stofnað 3. maí árið 1988. Félagið hefur alla tíð síðan verið í fararbroddi við uppbyggingu og hagsmunagæslu varðandi bændaskógrækt. Um 180 samningar um skógrækt eru í gildi í fjórðungnum upp á um 18 þúsund hektara lands og er búið að gróðursetja um 28 milljón plöntur í alls 11 þúsund hektara

„Bændur á Austurlandi eru stoltir af framlagi sínu við að byggja upp

skógarauðlindina og að vera frumkvöðlar í skógrækt á Íslandi,“ segir Jóhann, en bændur eystra voru þeir fyrstu sem stofnuðu með sér félagskap um sína skógrækt og er félag þeirra því það elsta sinnar tegundar hér á landi.

Hugmyndin fæddist þegar erfiðleikar voru í landbúnaði

Þó nokkur undirbúningur lá að baki stofnun félags skógarbænda fyrir þremur áratugum. Erfiðleikar voru í landbúnaði á þeim tíma. Gripið var til allsherjar niðurskurðar sauðfjár á Héraði vegna riðu þannig að ekki blés byrlega fyrir austfirskum sauðfjárbændum, en þeir þurftu að vera



Myndir frá Skógargærði, þá fyrstu tók Skúli Björn árið 1995 og Jóhann tók hinar, þá fyrri árið 2005 og hinar síðari árið 2010.

fjarlausir í tvö til þrjú næstu ár á eftir. Til tals hafði komið á ráðstefnu um atvinnumál að eitthvað yrði að gera í málefnum landbúnaðarins og nefnt var að ef til vill væru sóknarfæri í skógræktinni. Fæddist sú hugmynd að fá ríkið til liðs svo greiða mætti úr þeim erfiðleikum sem bændur stóðu frammi fyrir og náðist það markmið með stofnun Héraðsskóga.

Tilgangur þess félags var fyrst og fremst að rækta nytjaskóg á Fljótsdalshéraði, sinna umhirðu þess skóglendis sem fyrir var og treysta með því byggð og efla atvinnulíf á Héraði. Í þá daga voru einungis örfáir birkiskógar til staðar auk ræktaðra skóga á stöku stað.

Héraðsskógar höfðu starfað um

sjö ára skeið þegar Suðurlandsskógar urðu til og síðan fylgdu önnur sams konar félög í kjölfarið í öðrum fjórðungum landsins. Landssamtök skógareigenda voru síðan stofnuð á Hallormsstað sumarið 1997, en þau halda m.a. utan um hagsmunamál skógarbænda og hafa hægt og bitandi gert sig meira gildandi í umræðunni.

Jóhann segir að verulega vanti upp á að staðið sé við samninga sem ríkið hefur gert við bændur, skortur sé á fjárveitingum til skógræktar á lögbýlum. Frá árinu 2008 hefur framlag til skógræktar dregist saman um meira en 40% og bendir hann á að samdrátturinn sé enn meiri þegar að Austurlandi kemur. Heildargróðursetning skógarbænda

SAVAGE ARMS®

SONIC

SONIC

Model: 93R17GVXP
Cal: 17HMR þungt hlaup og Bushnell sjónauki 3-9x40
kr. 74,900

MarkII FVXP
Cal: 22 LR Bushnell sjónauki 3-9x40
kr. 59,900

Trophy Hunter XP
Cal: 223 - 243 og 260 Bushnell sjónauki 3-9x40
kr. 125,900

110 Tactical Desert
Cal: 308 og 6,5 creedmoor snittaður stillanlegt skefti
kr. 159,900

Savage Axis II XP
Cal: 223 og 243 Bushnell sjónauki 3-9x40 stillanlegur gikkur og skefti
kr. 89,900

Sérverslun veiðimannsins - Laugavegi 178 - sími: 551 - 6770 - www.vesturroost.is

hefur hrapað úr 5 milljónum plantna niður í ríflega 2 milljónir árlega.

„Á tímabilinu frá 1990 til 2008 lögðu stjórnvöld metnað í fjárframlög til bændaskógræktar í landinu og lögðu þar með grunn að uppbyggingu skógarauðlindarinnar. Eftir hrun hefur kveðið við annan tón, fjárveitingar hafa dregist saman og hefur greinin svo sannarlega fengið að gjalda fyrir það,“ segir Jóhann.

Gróðursetning gengur of hægt

„Staðan sem við okkur blasir er sú að gróðursetning gengur alltof hægt og fjármagn dugir ekki til að standa við gerða samninga. Það hefur verið samið um ræktun skóga með stuðningi ríkisins á um 650 jörðum hér á landi í um 50 þúsund hektara lands, en aðeins er búið að gróðursetja í 22 þúsund hektara, tæpan helming. Stöðugt bætast við nýir samningar og það land sem samið er um stækkar,“ segir Jóhann.

Hann bætir við að markmið samninga sé að það taki 10 ár að gróðursetja í land sem samið er um til skógræktar, en þegar mið er tekið af fjárveitingum muni það taka um 40 ár að gróðursetja í það land sem þegar er búið að semja um.

Mikilvægt að grisja á réttum tíma

Jóhann segir grisjun skóga mikilvæga við uppbyggingu auðlindarinnar og auki verðmæti hennar.

„Það er mjög víða hér á



Umbreyting á landi með skógrækt. Efri myndina, sem sýnir skóglaut land á Hrafnkelsstöðum, tók Skúli Björn Gunnarsson 1995. Neðri myndin er tekin á sama stað af Jóhanni F. Þórhallssyni árið 2010.

Austurlandi sem komið er að fyrstu grisjun og biða nú um 3.700 hektarar grisjunar í fjórðungnum, þetta eru skógar frá árunum 1990 til 2005.



Tekin í Víðivallaskógi 1995 þegar haldið var upp á 25 ára afmæli Fljótsdalsáætlunar. Þeir sem standa og syngja frá vinstri: Sigurgeir Þorgeirsson, Hákon Aðalsteinsson, Jónas Magnússon, Sigurður Blöndal, Gunnar Guttormsson, Niels Árni Lund og Friðjón Jóhannsson.



Grisjunarmenn og tveir gestir í Víðivallaskógi í mars 2000, frá vinstri Rafn Óttarr Gíslason, Niels Árni Lund, Þórhallur Jóhannsson, Halgrímur Þórarinnsson, Helgi Hjalmar Bragason, Hákon Aðalsteinsson og Jón Þór Þorvarðarson. Myndina tók Jóhann F. Þórhallsson.

ÞITT KERFI



TILBOÐ
49.990.- m/vsk



Eftirlitskerfi t.d fyrir sauðburðinn

Tengist með 4G eða Wifi beint í símann eða tölvuna Gengur á 12 Vdc eða 240 Vac. Öflug innrauð næturlýsing. Hægt að setja út á tún, eða girðingarstaur. Tengja við sólarsellu og/eða rafhlöðu.

Sími 414 4400 - www.icecom.is - Lyngás 10 - 210 Garðabær

Bændablaðið

á bbl.is og líka á [Facebook](https://www.facebook.com/bbl.is)

ER ALLT KLÁRT FYRIR SUMARIÐ?





Framleiðum allar gerðir af skiltum fyrir landeigendur og ferðaþjónustuaðila



SB SKILTAGERÐ

merkingar - laserskurður - fræsingar

Þorlákshöfn – Sími 483 1955 – www.sbskilti.is



Beltone Trust™

Enn snjallari heyrnartæki

Nýju Beltone **Trust™** heyrnartækin tengjast þráðlaust í **iPhone**, **iPad** og **iPod touch**. Komdu í ókeypis heyrnarmælingu og fáðu heyrnartæki lánuð til reynslu.

**HEYRNARSTÖÐIN**

Kringlunni • Sími 568 7777 • heyra.is



Nautgripæræktarverðlaun BSE: Bændur á Hóli í Svarfaðardal hlutu viðurkenningu

Nautgripæræktarverðlaun Búnaðarsambands Eyjafjarðar (BSE) voru afhent í 15. skipti á aðalfundi sambandsins á dögunum. Þau fá þeir bændur sem hafa skarað fram úr í sem flestum þáttum búskapar.

Þar er helst litið til afurðasemi búans og þá gjarnan til lengri tíma en eins árs. Umhirðu og snyrtimennsku ásamt því hvort búið hafi lagt gripi til sameiginlegs ræktunarstarfs.

„Oft hefur vafist fyrir hver helstur skuli fá verðlaun af þeim mörgu góðu búum sem hér eru rekin,“ sagði Sigurgeir Hreinsson, framkvæmdastjóri sambandsins, á aðalfundinum.

Að þessu sinni lágu línur nokkuð ljósar þó aldrei hafi fleiri bú í héraðinu verið meðal efstu búa landsins. Á Hóli í Svarfaðardal búa Karl Ingi Atlason, heimaalinn, og kona hans, Erla Hrönn Sigurðardóttir. Þau tóku við búskap af foreldrum Karls Inga árið 2016 en þá höfðu þau starfað um árabíl við búið. Atli Friðbjörnsson og Halla Soffía Karlsdóttir höfðu þá rekið búið í aldarþriðjung og þar á undan foreldrar Atla og þannig hefur það verið koll af kolli síðan einhvern tímann á 19. öld.

Ljóst er samt að miðað við búskaparsögu á Hóli eiga fyrri



Karl Ingi Atlason, bóndi á Hóli í Svarfaðardal, tekur hér við nautgripæræktarverðlaunum BSE úr hendi Gunnhildar Gylfadóttur.

ábúendur mikinn hlut í þessum verðlaunum því svo lengi sem menn muna hefur þar verið rekið afar myndarlegt bú þar sem snyrtimennska hefur verið í hávegum höfð og einstakt heim að líta. Nýtt 860 fm fjós með mjaltþjóni og rúmri og góðri vinnuáðstöðu var tekið í notkun árið 2014 sem annálað er fyrir góða umgengni og skepnuhirðingu. Eftir að flutt var í nýja fjósið fóru afurðir búans ört vaxandi og á síðasta ári voru 50,7 árskýr með 8.356 kg af mjólk eftir hverja kú sem dugði til að vera efst í röð búa í Eyjafirði og í öðru sæti á landsvísi. Árið 2016 var búið í 5. sæti í héraðinu með 7.740 kg á kú.

/MPÞ

Sauðfjárræktarverðlaun BSE fyrir árið 2017: Vel staðið að búskap á Ytri-Bægisá 2

Sauðfjárræktarverðlaun BSE komu að þessu sinni í hlut hjónanna á Ytri-Bægisá 2, þeirra Stefáns Lárusar Karlssonar og Elisabeth Jóhanna Zitterbart, sem þar búa ásamt fjórum börnum sínum.

Verðlaunin voru nú veitt í 15. sinn samkvæmt nánast sömu reglum og áður. Byggt er á niðurstöðum skýrsluhalds hjá þeim búum sem hafa eitt hundrað eða fleiri fullorðnar ær á skýrslum. Tekið er tillit til þriggja þátta, reiknaðs kjötpunga eftir fullorðna kind, gerðarmats og hlutfalls milli vöðva- og fitueinkunnar. Einnig er litið til þess að búið sé á lista yfir úrvalsbú samkvæmt reglum RML þar um.

Stefán Lárus hóf búskap á Ytri-Bægisá árið 1987 ásamt Hermanní bróður sínum sem bjó með honum til 1992, en þá kom Elisabeth og gerðist frú á bænum. Hjá þeim er afar snyrtilegt heim að líta og vel staðið að búskap. Auk fjárbúskapar eru þau með nokkra ferðabjónustu og kýr til heimilisnota. Einnig er frúin afkastamikil hannyrða- og listakona og selur handverk.

Á Ytri-Bægisá 2 voru á síðasta vetri 303 vetrarfóðraðar ær sem skiluðu að meðaltali 31,2 kg af kjöti. Fædd lömb eftir hveja á voru 1,94



Lárus Karlsson, bóndi á Ytri-Bægisá tekur við sauðfjárræktarverðlaunum BSE úr hendi Gunnhildar Gylfadóttur.

og til nytja 1,83. Fallþungi 16,8 kg og gerðarmat 10,27, fita 6,23 sem gerir að hlutfall gerðar og fitu er einstaklega hátt, eða 1,65. Aldur lamba við slárun er lágur, eða 128, og vöxtur lífpunga í grömmum á dag er 307. 72 veturgamlar ær skiluðu 15,7 kg og þar er ær með lambi að skila 18,7 kg.

„Allar þessar tölur eru til fyrirmyndar og skila þeim hjónum á Ytri-Bægisá 2 efsta sæti á þeim lista sem ræður úrslitum við þessa verðlaunaveitingu,“ sagði Sigurgeir Hreinsson, framkvæmdastjóri BSE við afhendingu sauðfjárræktarverðlauna BSE fyrir árið 2017.

/MPÞ



Frá veitingu viðurkenninga Búnaðarsambands Eyjafjarðar. Valgeir Anton Þórisson hjá Búvís, Karl Ingi Atlason, bóndi á Hóli, Stefán Lárus Karlsson, bóndi á Yri-Bægisá og Gunnhildur Gylfadóttir, formaður BSE.

Búvís hlaut Hvatningarverðlaun Búnaðarsambands Eyjafjarðar

– Innkoma á markað hefur lækkað verð til bænda

Búnaðarsamband Eyjafjarðar veitir árlega viðurkenningu fyrir sérstakt framtak tengt landbúnaði og eða úrvinnslu landbúnaðarafurða sem stuttlega var greint frá í síðasta Bændablaði.

Miklar vangaveltur voru um hver skyldi hljóta hvatningarverðlaun Búnaðarsambands Eyjafjarðar þetta árið og varð niðurstaðan sú að viðurkenningin féll í skaut fyrirtækinu Búvís sem er til húsa í Grimseyjargötu 1 á Akureyri.

Viðurkenningin getur verið fyrir vel unnin störf, athyglisverða nýjung eða einstakan árangur. Viðurkenninguna geta einstaklingar, félög, fyrirtæki og stofnanir hlotið.

Verð á áburði lækkaði

Búvís var stofnað 2006 en í um það bil 2 ár áður höfðu eigendur þess verið að flytja inn og selja vörur til bænda undir nafninu Lambás

sem var fyrirtæki sem Gunnar Guðmundsson í Sveinungsvík í Þistilfirði var með fyrir sinn búrekstur, en ásamt honum er Einar bróðir hans eigandi Búvís.

Búvís hefur selt áburð frá árinu 2009 og ljóst er að með innkomu þeirra á þann markað hafi verð á áburði til bænda lækkað og þeir verið leiðandi á markaðnum í að reyna að halda áburðarverði lágu.

Byggðu nýtt hús undir starfseminu

Árið 2012 var núverandi húsnæði félagsins byggt undir starfseminu að Grimseyjargötu 1 en áður hafði hún verið í bílskúrnun hjá Einari og í Sveinungsvík.

Segja má að upp úr því hafi fyrirtækið tekið talsvert stökk og orðið mun sýnilegra og meira áberandi á markaði.

Allar götur síðan hafa þeir verið að auka umsvif í vörum til

nota í landbúnaði, gróflega áætlað skiptast sölupættir í þrjá hluta, þar sem áburður er stærstur, þá rúlluplast og síðan ýmiss konar vélar og tæki ásamt margháttari smávöru.

Alls starfa 6 manns hjá Búvís, en á álagstímum er starfsfólki fjölgað. Þá eru 22 söluaðilar eða lagerhaldarar á rúlluplasti víða um land.

Augljós áhrif

„Þeir bræður stofnuðu þetta norðenska fyrirtæki frá núllpunkti og hafa komið því í sterka stöðu á rúmlega áratug og ein aðalástæða þess að þeir hljóta Hvatningarverðlaun BSE er að augljós eru þau áhrif sem innkoma þeirra á landbúnaðarvörumarkað hefur haft á verð til bænda,“ sagði Sigurgeir Hreinsson, framkvæmdastjóri Búnaðarsambands Eyjafjarðar, við afhendingu viðurkenningarinnar.

/MPÞ

Höfði í Mývatnssveit fær góðan styrk til endurbóta

Framkvæmdasjóður ferðamanna- staða hefur samþykkt styrk að upphæð ríflega 9 milljónir króna til Skútustaðahrepps vegna verkefnisins „Gönguleið og fræðsluskilti í Höfða í Mývatnssveit: aðgengi fyrir alla“. Móttframlag sveitarfélagsins í verkefnið er 20%.

Í greinargerð framkvæmdasjóðsins segir að styrkurinn sé til að

endurgera og bæta ferðamannastaðinn Höfða í Mývatnssveit. Tilgangurinn er að efla áningarstaðinn með aðgengi fyrir alla og sjálfbærni að leiðarljósi, auka aðdráttarafl utan háannatíma og létta á nærliggjandi ferðamannastöðum. Verkefnið snúi einnig að náttúruvernd og öryggismálum á fornfrægum ferðamannastað.

Jafnframt sótti sveitarfélagið

um styrk í Framkvæmdasjóð ferðamannastaða vegna fyrsta áfanga göngu- og hjólréiðastígs umhverfis Mývatn en umsókninni var hafnað. Það segir sveitarstjóri í pistli á heimasíðu hreppsins að séu mikil vonbrigði þar sem um brýnt umferðaröryggismál sé að ræða. Sveitarstjórn mun halda áfram að sækja um styrk til þessa verkefnis til Vegagerðarinnar.

/MPÞ

Gámurinn er þarfaping



Til leigu eða sölu:

- Þurrgámar
- Hitastýrðir gámar
- Geymslugámar
- Einangraðir gámar
- Fleti og tankgámar
- Gámar með hliðaröpnun
- Gámahús og salernishús
- Færanleg starfsmannaðstaða
- Bos gámar og skemmur



www.stolpigamar.is

Stólpi Gámar

Klettagörðum 5 | 104 Reykjavík | Óseyrarbraut 12 | 220 Hafnarfirði



Hvers vegna er sjókvíaelði á norskum laxi svona skaðlegt fyrir íslenska náttúru?

UNDIR YFIRBORÐINU

SÝND 13. MAÍ Á RÚV KL 20.15

FRAMLEIÐT AF PÉTTLÍF, PÉTTLÍF EHF. Í SAMVIRKI VITJ. SAGA FILM
SAMANSETTUR ÓSKAR PALL SVEINSSON / HÖNNUNAR ÁÐRASKON / TOLLETTU PÉTUR GRÉTARSSON / HÖNNUNAR MÓRSTEINNI J. / JÓN STEFJANSSON
MÖNN ÓSKAR PALL SVEINSSON / ÞÓRA TÓMASTÓTTIR / MÓRSTEINNI J. / HÖNNUNAR THANK YOU LITLAHÖFUNG TRICKSHOT
SAGASTADUR PÓRSTEINNI J.



ÓDÝR

Margskipt gleraugu
Umgjörð og gler



Verð 39.900 kr

Margskipt gler frá Essilor (afgreiðslutími + / - tvær vikur)

Hamrahlíð 17
Hús Blindrafélagsins
Sími • 552-2002



Bændablaðið

Smáauglýsingar 56-30-300

Næsta blað kemur út 24. maí



KOSAN SMELLUGAS

Einfalt, fljótlegt
og öruggt



Vinur við veginn 



SELDU HRYSSUR TIL LÍFS

Hrossabændur óska eftir hryssum

Mega vera þriggja til fimmtán vetra

Sækjum frítt á Suðurlandi, Vesturlandi og Norðvesturlandi, austur í Eyjaförð.

Greiðum verulega hækkað verð á meðan pláss leyfir.

- » Afhending í febrúar 20.000,- án vsk.
- » Afhending í mars 26.000,- án vsk.
- » **Afhending í apríl og maí* 34.000,- án vsk.**

Upplýsingar: hryssa@isteka.com eða í síma **581 4138**.

Geymið auglýsinguna!

***Seinasti mögulegi móttökudagur er sunnudagurinn 20. maí.**

Hryssur eru greiddar eftir reikningi og eftir umskráningu í WorldFeng.

Husqvarna – Steinsagir, kjarnaborvélar, gólf- og vegsagir



**HUSQVARNA
FS 400 LV**
Sögunardýpt 16,5 sm

**HUSQVARNA
K 760**
Sögunardýpt 12,5 sm

**HUSQVARNA
K 3600 MK II**
Sögunardýpt 27 sm

**HUSQVARNA
K 2500**
Sögunardýpt 14,5 sm

**HUSQVARNA
DM 230**

HUSQVARNA
Steinsagarblöð
og kjarnaborar





ALLT FYRIR ATVINNUMANNINN

MHG Verslun ehf | Akralind 4 | 201 Kópavogi | Sími 544-4656 | www.mhg.is

Garðyrkjustöðin Espiflöt við Reykholt í Biskupstungum 70 ára:

Fjölskyldufyrirtæki sem ræktar blóm af ástríðu og mikilli alúð

– Nýtir íslenska orku, hreint vatn og leggur áherslu á umhverfismál og lífrænar varnir gegn sníkjudýrum

Garðyrkjustöðin Espiflöt við Reykholt í Biskupstungum átti 70 ára afmæli þann 1. maí. Var þeim tímamótum fagnað er eigendur og starfsfólk buðu gestum til veislu.

Grunnur að garðyrkjustöðinni Espiflöt var lagður þann 1. maí 1948, þegar hjónin Eiríkur og Hulda Sæland fluttust búferlum úr Hafnarfirði og settust að í Reykholti til að stofna þar garðyrkjubýli.

Nafn garðyrkjubýlisins var raunar Sjónarhóll allt fram til 1958, þegar því var breytt í Espiflöt.

Fram undir 1965 var eingöngu ræktað grænmeti á Espiflöt en á árunum 1965–1977 var blönduð ræktun blóma og grænmetis. Á þessum árum var garðyrkjustöðin um 1300 m² að flatarmáli.

Kaflaskil 1977

Árið 1977 hófst nýr kafli í rekstrinum er synir þeirra, Stígur og Sveinn, ásamt eiginkonum þeirra, Aðalbjörgu og Áslaugu, stofnuðu með þeim Félagsbúið Espiflöt sf.

Ákveðið var að sérhæfa sig í ræktun afskorinna blóma þar sem blandaða ræktunin gafst ekki vel, m.a. með tilliti til notkunar varnarefna.

Garðyrkjustöðin var stækkuð og endurnýjuð á næstu árum samhliða því að leigja garðyrkjustöðvarnar Friðheima og seinna Birkilund fyrstu sex árin.

Árið 1987 urðu enn þáttaskil í starfsemi þegar Stígur og Aðalbjörg stofnuðu sína eigin garðyrkjustöð á lóð Espiflatar og hurfu úr rekstrinum.

Stofnendur Espiflatar drógu sig í hlé 1998

Þann 1. maí 1998, eða nákvæmlega eftir 50 ára búsetu, hættu Eiríkur og Hulda þátttöku í rekstrinum og fluttu á Selfoss eftir langt og farsælt starf.

Hjónin Sveinn A. Sæland og Áslaug Sveinbjarnardóttir eignuðust þá stöðina að fullu og ráku hana áfram undir nafninu Espiflöt ehf.

Axel og Heiða Pálrún urðu meirihlutaeigendur 2013

Árið 2006 flutti sonurinn Axel Sæland, sem er menntaður íþrótt- og garðyrkjufræðingur, og kona hans, Heiða Pálrún Leifsdóttir hjúkrunarfræðingur heim á Espiflöt og komu þá smám saman inn í reksturinn. Var síðan haldið upp á það 1. maí 2013 að þau hafa eignast ráðandi hlut í stöðinni, eða 51%. Þá var ræktunarflatarmál garðyrkjustöðvarinnar rúmlega 6.300 fermetrar auk véla-, kæli- og þökkunarrými.

Nú er enn búið að bæta við vinnslurýmið með 480 m² fermetra nýbyggingu sem ber heitið Smiðjan að uppástungu Margrétar Sverrisdóttir sem á lengstan starfsaldur af starfsmönnum stöðvarinnar. Grunnur var steypdur í snjó og frosti á haustdögum 2017. Byrjað var að reisa húsið 8. desember og var búið að loka byggingunni á Þorláksmessu, 23. desember. Tvöfaldar nýja byggingin þökkunar- og frágangsrými stöðvarinnar. Hafa allar byggingar á svæðinu ýmist verið endurnýjaðar eða byggðar frá grunni eftir 1979.

Áhersla á lífrænar varnir gegn sníkjudýrum

Í ræðu sem Axel Sæland hélt á 70 ára afmælinu lagði hann m.a.



Eigendur Espiflatar á 70 ára afmælinu 1. maí 2018. Talið frá vinstri; Áslaug Sveinbjarnardóttir, Sveinn A. Sæland, Axel Sæland og Heiða Pálrún Leifsdóttir. Myndir / HKr.



Fjölskyldan á Espiflöt.



Margrét Sverrisdóttir (Maggý) hefur starfað í Espiflöt í 17 ár og er því elsti starfsmaður stöðvarinnar fyrir utan eigendur. Flutti hún tölu í afmæliskófinu og greindi frá því að starfsfólkið vildi færa stöðinni örbylgjuofn að gjöf til að nota á nýju kaffistofunni. Þá gat hún þess að Axel hefði mikinn áhuga á að eignast sturtukerru aftan í Avant liðléttinginn og færði hún honum gjafabréf frá starfsfólki með eitt þúsund króna innleggi inn í væntanleg kaup á sturtuvagni. Þá setti starfsfólkið upp söfnunarbauk á staðnum til að gestir gætu bætt um betur svo Axel gæti keypt leikfangið sitt.



Litadýrðin er með ólíkindum í gróðurhúsunum á Espiflöt.

áherslu á lífræna nálgun í öllum þáttum framleiðslunnar. Þannig nýti þau lífrænar varnir til að halda niðri sníkjudýrum í stað eitrefna eins og áður var algengt. Þar hafa eigendur Espiflatar verið í fararbroddi og fyrirmynd annarra garðyrkjustöðva sem fetað hafa í sömu spor.

Einn vandinn við ræktun matjurta og blóma er að margvísleg sníkjudýr, flugur og bjöllur sækja í hinar ýmsu tegundir og geta oft valdið miklum skaða. Lengi vel þótti þægilegast og öruggast að bregðast við ásókn skordýra með lyfjum og ýmsum varnarefnum. Á síðari árum hafa viðhorfin gagnvart slíkri efnanotkun verið að breytast mjög hratt enda aukin vitund um

skaðsemi þeirra á heilsu manna. Eru fluttar inn ákveðnar tegundir af flugum, bjöllum og maurum til að sinna því hlutverki að halda óæskilegum sníkjudýrum í skefjum.

Síðastliðin 17 ár hafa eingöngu verið notaðar lífrænar varnir á Espiflöt í ákveðnum tegundum og hafa eigendur verið að þróa sig í þá átt líkt og grænmetisframleiðendur, en þar eru nú einnig nær eingöngu notast við lífrænar varnir.

Mikill metnaður fyrir gæðaframleiðslu

„Okkar metnaður verður alltaf að skaffa eins mikil gæði og við mögulega getum. Einnig gott úrval og að vera á tánum gagnvart nýjungum. Þarna teljum við okkur vera á réttri leið inn í okkar framtíð. Umhverfismál er hlutur sem skiptir okkur alltaf meira og meira máli og fólk hugsar sífellt meira um. Þar erum við að sjálfsögðu alltaf að hugsa um hvað við getum gert betur. Lífrænar varnir teljum við okkur vera svolitla brautryðjendur í og margir hafa tekið upp. Í dag myndi ég segja að við séum að 99% hluta í lífrænum vörnum.“

Sérstaða Íslands og endurvinnsla á vatni

Feðgarnir Sveinn og Axel lögðu báðir áherslu á þá sérstöðu sem Ísland býður upp á með raforku frá endurnýjanlegum auðlindum, jarðhitavatni og hreinu íslensku vatni sem enn er gnægð af. Axel sagði að þrátt fyrir að mikið sé til af vatni, þá leggi þau áherslu á að næstu stóru skref garðyrkjustöðvarinnar séu að hreinsa og endurnýta allt vatn sem fer í gegnum stöðina.



Það var fjölmennt í 70 ára afmæli Espiflatar.



Nágrennar mættu að sjálfsögðu til að samfagna með eigendum og starfsfólki Espiflatar og þar voru Helena Hermundardóttir og Knútur Rafn Ármann í Friðheimum engin undantekning.

„Við höfum verið með það á tilraunastigi í sex ár að endurvinnna vatnið í hluta garðyrkjustöðvarinnar. Allt vatn sem plönturnar skila frá sér getum

við tekið til baka og notað aftur. Í nýja húsinu skapast ný tækifæri til þess. Það er bæði umhverfislega og sparnaðarlega mjög stórt skref,“ segir Axel.

Vilja losa sig við plast við pökkun blóma

Notkun á plasti við pökkun á blómum er þó sá þáttur sem Axel sagði að



Rósirnar gerast ekki mikið fallettri.



Gunnar Þorgeirsson, bóndi í Ártanga í Grímsnesi og formaður Sambands garðyrkjubænda, kom færandi hendi og afhenti Axel forláta klukku í tilefni afmælisins. Sagði hann það mikla áskorun fyrir garðyrkjubændur að keppa við stöðugt meiri innflutning. Það væri því ekki einfalt fyrir slíka starfsemi að ná 70 ára aldri eins og tekist hafi í Espiflöt.



Veitingar í veislunni voru reiddar fram af mikilli snilld af starfsfólki Mikakaffi í Reykholti.



Nýbyggingin er 480 m² og tvöfaldar pökkunar- og frágangsrými stöðvarinnar.



Blóm segja oft meira en mörg orð.

þau skömmuðust sín fyrir. Það væri þó sá veruleiki sem þau þyrftu að búa við þar til aðrar lausnir finnst.

„Við erum svolítið strand í þessum efnum, þannig að öll góð ráð eru vel þegin, því við höfum engar töfralausnir varðandi þetta eins og er.“

Garðyrkjan nýtur ekki ívilnunar í magnviðskipum með raforku

Gróðurhúsaræktun tekur til sín mikla orku og þá aðallega varðandi lýsingu í húsunum. Sveinn segir að garðyrkjustöðin Espiflöt sé alls ekki stærst hvað raforkukaup til lýsingar varðar. Á 65 ára afmælinu fyrir fimm árum sagði Sveinn að Espiflöt væri að kaupa hátt í fjórar milljónir kílówattstunda. Það væri um 15 til 20% af rekstrarkostnaði. Raforkukostnaður væri því verulegur þegar meðal kílówattstund kostaði tæpar 6 krónur. Sagðist hann á þeim tímamótum bera þá von í brjosti að það kæmi hér til valda fólk sem hafi meiri skilning á því að garðyrkjan sem heild fengi að njóta magnaþauka á raforku.

„Þessi grein er að kaupa ríflega 70 milljónir kílówattstunda á ári og á bak við þessi kaup eru innan við 30 framleiðendur á mjög afmörkuðum svæðum. Okkur þykir því hart að fá ekki að njóta stærðaráhrifanna betur en í dag. Sem dæmi þá eru þrjár garðyrkjustöðvar hér í Reykholti sem eru að nota álíka mikla raforku og öll heimili á Árborgarsvæðinu,“ sagði Sveinn fyrir fimm árum.

Vegna þessarar stöðu fengu garðyrkjubændur verkfræðistofu til að skoða arðsemi af uppsetningu á eigin dreifikerfi garðyrkjunnar á svæðinu í kringum Laugarás, Flúðir og Reykholt. Niðurstaðan var sú að slík veita myndi borga sig upp á fimm til sjö árum þannig að augljóst væri að RARIK myndi missa þar drjúgan spón úr aski sínum.

Frá því það var sagt hafa fjórar ríkisstjórnir setið við völd, raforkuverð hefur ekki lækkað, en búið að auka mikið við starfsemina í garðyrkjunni. Búið er að byggja við víða m.a. með um 7.000 fermetra nýbyggingu hjá gróðrarstöð Lambhaga í Reykjavík og um 2.000 fermetra á Hveravöllum sunnan við Húsavík. Mikil aukning hefur því orðið á orkunotkun garðyrkjunnar á Íslandi samfara aukinni erlendri samkeppni. Lítið virðist hins vegar enn vera að fréttu af auknum skilningi á þeirri ósk garðyrkjubænda að garðyrkjan fái notið magninnkaupa á raforku. Raforkudreifingin hefur að vísu verið greidd niður en með fastri krónutölu. Með auknum umsvifum og fjölgun í greininni eru hins vegar fleiri um hituna og hefur hlutfall niðurgreiðslunnar á dreifingu því lækkað að mati Axels Sæland, eða úr hátt í 90% í um 67%.

Samkvæmt heimildum Bændablaðsins munu einhverjir grænmetisframleiðendur hafa íhugað að draga úr lýsingu í gróðurhúsum yfir vetrartímann til að mæta auknum rekstrarkostnaði. Það gæti þýtt mikinn samdrátt í innlendri framleiðslu og aukinn innflutning með tilheyrandi gjaldeyrissóun fyrir þjóðarbúið.

/HKr.

Áfangastaðurinn Austurland

Verkefnið Áfangastaðurinn Austurland var sett af stað árið 2014 að frumkvæði Ferðamálasamtaka Austurlands en því hefur alla tíð verið stýrt af Austurbrú.

Verkefnið snýst um að þróa og hanna áfangastaðinn Austurland með það að markmiði að styrkja aðdráttarafl og samkeppnishæfni Austurlands, gera áætlun til lengri tíma með áherslu á sjálfbærar og arðbærar vöxt ferðaþjónustu og skapandi greina. Þessi vinna á Austurlandi fléttast inn í verkefni Ferðamálastofu um áfangastaðaaætlunir sem hefur verið í gangi undanfarið ár.

Fyrir austan hafa verið haldnir opnir fundir með hagsmunaaðilum á svæðinu. Hátt í tvö hundruð manns hafa komið að vinnunni í kringum Áfangastaðinn Austurland. Öllum hefur verið boðið á fundi frá upphafi; íbúum, sveitarfélögum, fyrirtækjum og öðrum áhugasömum. Fundir hafa verið auglýstir í héraðsmiðlum og á heimasíðum Austurbrúar og sveitarfélaga.

Ferðalag gestsins

Á fyrsta fundi verkefnisins Áfangastaðurinn Austurland, sem haldinn var í október 2014, var notuð sérstök aðferð til að sjá út styrkleika og veikleika svæðisins og tækifæri þess og ógnanir. Notast var við aðferð sem kallast ferðalag gestsins. Þar settu aðilar á fundinum sig í spor íbúa, nýrra íbúa og ferðamanna. Attu þátttakendur að lýsa hugsanlegum ástæðum þess að flytja til Austurlands eða ástæðum núverandi íbúa fyrir búsetu í fjórðungnum. Þá áttu aðilar að lýsa einum degi frá því þeir vakna og þar til þeir leggjast til hvílu.

Niðurstöður úr þessari vinnu gáfu tilefni til að velja fyrir sér því sem betur mætti fara og hvað það væri sem hefði áhrif á upplifun íbúa og ferðamanna á svæðinu. Það sem kom helst í ljós voru sterk tengsl íbúa við svæðið og hversu stórt hlutverk náttúran og kyrrðin spilar þar inn í. Þá hafði það mikið gildi fyrir ferðamenn að komast í samband við heimamenn og ferðast í náttúrunni. Veikleikar sneru að fáum nýjum atvinnutækifærum og lítilli



Hvannagil í Lóni.

Mynd / HKr.

þjónustu við ferðamenn fyrir utan sumarmánuði.

Áskoranir Austurlands

Í framhaldi var haldin opin vinnustofa þar sem leitast var við að svara því hvernig Austurland yrði þróað áfram og gert að öflugri áfangastað. Fundargestir komu sér sjálfir saman um umræðuefni og forgangs röðuðu þeim. Meðal þess sem var rætt var samstarf sveitarfélaga, stefnuyfirlýsing svæðisins, heilsársferðaþjónusta, innviðir, samgöngur, afþreying og vörubróun á svæðinu. Hóparnir fóru yfir þessi umræðuefni og listuðu upp helstu áskoranir svæðisins.

Í framhaldinu fór fram mikil vinna tengd áherslusviðum Austurlands hvað varðar þróun áfangastaðarinnar. Fjöldmargir hagsmunaaðilar tóku þátt, víðruðu skoðanir sínar og veltu fyrir sér í sameiningu hverjar áherslur fjórðungsins væru.

Framtíðarsýn Austurlands

Á næsta fundi var framtíðarsýn svæðisins rædd og greind. Meðal þess sem rætt var á fundinum voru þau loforð sem hægt væri að gefa ferðamönnum og nýjum íbúum, gildi svæðisins, persónuleiki svæðisins og hvaða minningar gestgjafarnir vildu skapa hjá gestunum.

Í lok þessa fundar voru áherslur Austurlands skilgreindar og sérfræðingar á hverju sviði kallaðir til svo vinna mætti stefnuyfirlýsingu fyrir fjórðunginn. Sem dæmi má nefna að kokkar og rekstraraðilar veitingahúsa á Austurlandi voru fengnir til að vinna yfirlýsingu í tengslum við mat og matarmenningu svæðisins. Svipuð aðferð var notuð til að vinna yfirlýsingu fyrir aðrar áherslur landshlutans. /MPD



Spatt í íslenska hestinum

– Staða þekkingar og áframhaldandi rannsóknir


Spatt hefur lengi verið þekkt í íslenska hestinum og raunar fylgt kyninu alla tíð. Undanfarnir ár hefur verið unnið að rannsóknum á sjúkdómnum með það að markmiði að finna leiðir til fyrirbyggjandi aðgerða.

Í fyrsta hluta rannsóknarinnar, sem framkvæmdur var á árunum 1995-1996, kom fram að tíðni sjúkdómsins var í kringum 30% hjá reiðhestum á aldrinum 6-12 vetra. Sterk tengsl voru milli röntgenbreytinga og helti eftir beygipróf á hækli. Sýnt var fram á að sjúkdómurinn dregur úr endingu hrossa. Ekki varð séð að aldur við tanningu, notkun í sýningum eða keppni né aðrir umhverfisþættir hefðu marktæk áhrif á tíðni sjúkdómsins. Erfðir reyndust mikilvægasti áhættuþátturinn þar sem hross sem greinast með röntgenbreytingar við ungan aldur eru líklegust til að bera sjúkdóminn til næstu kynslóðar.

Meinafræðileg skoðun á hækklum yngri hrossa, sem safnað var á slátrahúsum, sýndi að brjóskeyðingin byrjar hjá ungum trippum, áður en þau eru tamin og tekin í þjónustu mannsins. Sjúkdómsferillinn er í mörgum tilfellum mjög hægur og getur stöðvast áður en breytingar koma fram í aðlægu beinvef. Algengara er þó að brjóskeyðingin þróist áfram og kalkanir (sem er viðleitni líkamans til að gera við skaðann) komi fram með tímanum.

Í kjölfar þessara niðurstæðna ákvað Fagræð í hrossarækt árið 2005 (FEIF 2006) að gera kröfu um röntgenmyndatöku af öllum graðhestum sem koma til kynbótadómsdóms, frá 5 vetra aldri, og birta þær upplýsingar í WF svo ræktendur geti tekið tillit til þessa þáttar við val á stöðhestum og dregið þannig úr tíðni sjúkdómsins.

Áframhaldandi rannsóknir hafa það að markmiði að auka skilning á eðli og orsökum brjóskeyðingarinnar og fyrstu breytingunum sem verða í aðlægu beinvef. Í þeim tilgangi voru 38 hross ræktað sérstaklega



Hækli hestsins. (A) Vinstri hækliinn markaður með hvítum hring. (B) Samsett tölvusneiðmynd af hækliðunum. TCCQJ = efsti liður; CDJ = miðliður; TMTJ = neðsti liður; CT = miðbein; T3 = þriðja hækilbein; T4 = fjórða hækilbein; MT3 = leggur; MT4 = ytra griffilbein. Talus = völu-bein; Calcaneus = hælbein; Tibia = sköflungur.


og haldin við sömu umhverfisaðstæður í rúm tvö ár. Ítarlegar rannsóknir á hækklum þeirra með tölvusneiðmynda-töku, segulömun og meinafræðilegum aðferðum, auk hefðbundinnar röntgenmyndatöku, gáfu mikilvægar upplýsingar um fyrstu stig slitgigtar almennt; hvar í liðnum og hvernig hún byrjar.

Út frá núverandi þekkingu má telja líklegast að orsakir slitgigtar í flötu liðum hækilins megi rekja til óheppilegs forms eða lögunar á liðflötunum, sem aftur leiðir til þess að ákveðnir hlutar hans verða fyrir of miklu álagi (stöðugum þrýstingi) strax frá unga aldri. Þrýstingurinn veldur því að brjósfrumur á afmörkuðum svæðum deyja úr súrefnisskortri. Þessi breytileiki í formi liðanna virðist þó minni en svo að hann hafi áhrif á fótstöðu eða réttleika hæklaða sem hægt er að mæla eða greina með berum augum.

Þessar niðurstöður vekja spurningar um eðlilegan þroska á beinum og brjóski í flötu liðum hækilins, sem ekki hefur verið lýst ítarlega hingað til. Um er að ræða samsetta liði þar sem fremur litlum, flötum beinum er rætt saman og þau tengd saman með liðböndum og liðpoka. Liðirnir leyfa litla hreyfingu en eru undir miklu álagi og gegna umfram allt hlutverki dempara.

Kallað eftir efniviði úr sjálfdauðum folöldum til rannsókna á þroska hækliðanna

Næsta verkefni gengur út á að skoða þroskun liðanna frá fæðingu og fram að endanlegri mótun þeirra,



Myndin sýnir þann hluta afturfótanna sem þarf að varðveita. Ætlunin er að koma skyggingarefni (contrast) í æðakerfið til að geta myndað blóðflæði til hæklaða og því þarf allur neðri hluti fótanna að fylgja með.

Æskilegt er að hengja afsöguðu hlutana upp á höfunum í nokkrar klst. til blóðtæmingar, en svo þarf að koma þeim í frysti.

Óskað er eftir neðri hluta beggja afturfóta. Aðeins er hægt að nýta hæklaða ef komið er að dauðum folöldum tiltölulega ferskum.

sem ætla má að verði við þriggja mánaða aldurinn.

Sem efniviði í þessa rannsókn kalla ég nú eftir hækklum af folöldum sem drepast eða þarf að aflífa á þessu aldursskeiði, þ.m.t. folöldum sem kastað er fyrir tímann. Saga þarf þvert yfir sköflunginn (tibia) fyrir ofan hækilinn og varðveita neðri hluta afturfótanna í heilu lagi.

Þeir sem verða fyrir því óláni að missa folald í vor og sumar, og geta hugsað sér að það nýtist til rannsókna, eru vinsamlegast beðnir um að hafa samband við undirritaða - eða starfandi dýralækna - varðandi frekari upplýsingar um frágang og geymslu.

Sigríður Björnsdóttir
Sérgræinadýralæknir hrossa hjá Matvælastofnun og gestaprófessor við Landbúnaðarháskóla Íslands
Netfang: sigridur.bjornsdottir@mast.is
Sími: 8930824

HÁGÆÐA SMUROLIUR Á GÓÐU VERÐI



Tunguhálsi 10
Sími 415 4000 | www.kemi.is
kemi@kemi.is

Viðhald - Nýsmíði - Breytingar



JV hús ehf

Jón Vigfússon - löggiltur húsnámsdameistari
Sími: 6613700 - hafnarsport@simnet.is





Endurmenntun atvinnubílstjóra

Námskeið í maí 2018

Lau.12.maí kl.09:00 - 16:00 > Vistakstur - öryggi í akstri
Lau.12.maí kl.09:00 - 16:00 > Lög og reglur

Lau.19.maí kl.09:00 - 16:00 > Umferðaröryggi - biltækni
Lau.19.maí kl.09:00 - 16:00 > Farþegaflutningar

Lau.26.maí kl.09:00 - 16:00 > Umferðaröryggi - biltækni
Lau.26.maí kl.09:00 - 16:00 > Vistakstur - öryggi í akstri

Námskeið í júní 2018

Lau.2.júní kl.09:00 - 16:00 > Vörufutningar
Lau.2.júní kl.09:00 - 16:00 > Lög og reglur

Lau.9.júní kl.09:00 - 16:00 > Vistakstur - öryggi í akstri
Lau.9.júní kl.09:00 - 16:00 > Farþegaflutningar

Lau.23.júní kl.09:00 - 16:00 > Lög og reglur
Lau.23.júní kl.09:00 - 16:00 > Umferðaröryggi - biltækni

Lau.30.júní kl.09:00 - 16:00 > Vörufutningar
Lau.30.júní kl.09:00 - 16:00 > Farþegaflutningar

Gert er ráð fyrir að haustnámskeið hefjist í lok ágúst 2018

Fyrirtæki geta óskað eftir sérnámskeiðum fyrir hópa

Skráning á námskeið fer fram á bilprof.is

Ökuskólinn í Mjódd - Þarabakka 3 - 109 Reykjavík - s:567 0300 - mjodd@bilprof.is




Getum við orðið að liði?

Við erum með allar lausnir fyrir þvottahús,
Hótel, Gistiheimili og Sjúkrastofnanir.

þurrkarar

þvottavélar




Strauvélar

Hótellín, þvottagrindur, taupokar ofl.



Kirkjustétt 2-6, 113 Reykjavík
Símar: 567 4577 / 892 8925
icefakta@icefakta.is / www.icefakta.is



STÁLGRINDARHÚS

frá  **HEXAGON**


Stálgrindarhús hafa
fyrir löngu sannað
notagildi sitt við
íslenskar aðstæður

Mynd tekin í nýju fjósi að Búrfelli í Svarfaðardal

Hafðu samband: bondi@byko.is



GERUM PETTA SAMAN




6,500 lítra
9,500 lítra
11,000 lítra
13,500 lítra

HAUGSUGUDÆLUR



Er haugsugudælan í lagi?

Eigum til og getum útvegað varahluti
í flestar gerðir haugsugudæla

Eigum einnig til gott úrval
af haugsuguhlutum





www.VBL.is

REYKJAVÍK
Krókháls 5F
110 Reykjavík
Sími: 414-0000

AKUREYRI
Baldursnes 2
603 Akureyri
Sími: 464-8600



NÝJAR VÖRUR ÍSLENSK HÖNNUN







SMÁRATORGI | GLERÁRATORGI | KRINGLAN | LINDSIGN.IS

Trefjar úr ananaslaufblöðum í nytjahluti

Erla Hjördís
Gunnarsdóttir
ehg@bondi.is



Frumkvöðullinn og doktorinn Carmen Hijosa þróaði vörumerkið Piñatex® fyrir sjö árum í rannsóknarskyni. Hún er sérfræðingur í leðurvörum og var við ráðgjöf á Filippseyjum upp úr 1990 þegar henni blöskraði umhverfisáhrifin sem leðurframleiðsla og litun með kemiskum efnum höfðu.

Carmen vissi að PVC-efni voru ekki lausnin svo hún var staðráðin í að kanna sjálfbærari aðferðir. Áður en langt um leið hafði hún þróað náttúrulega vefnaðarvöru sem búin er til úr trefjum ananaslaufblaða og má því segja að um hliðarafurð í landbúnaði sé að ræða.

Fyrirtæki Carmen, Ananas Anam, er nú þekkt víða um heim og þá sérstaklega innan tisku- og húsgagnageirans. Þegar hún hóf þessa ferð var Carmen innblásin af gnægð náttúrulegra auðlinda, þar á meðal notkun á plöntutrefjum í hefðbundnum vefnaði eins og í hinum finofna Barong Tagalog-fatnaði. Carmen leitaðist því við að hanna nýja vefnaðarvöru



Trefjar úr laufblöðum ananasplöntunnar eru hengdar upp og þurrkaðar áður en þær fara í lokavinnsluferli til Spánar.

sem var ekki ofin sem væri hægt að framleiða í viðskiptalegum tilgangi, skapa jákvæð félagsleg og efnahagsleg áhrif og viðhalda lágu umhverfisfótspori í gegnum líftíma þess.

Notað í skó, fatnað og áklæði í bíla

Eftir mikla hugmyndavinnu og þróun komst Carmen að því að trefjar í laufblöðum

ananasplöntunnar var það sem hún var að leita að. Úr þeim gat hún framleitt leðurlíki á sjálfbæran hátt til viðbótar við það sem fyrir var á markaði. Hráefni sem áður var hent en er nú hægt að nýta og



Úr Piñatex® eru ýmsar vörur framleiddar úr þessari náttúrulegu vefnaðarvöru, skór, tiskufylgihlutir og fatnaður eru gott dæmi.

skapar störf í samfélögum þar sem landbúnaður er enn á þróunarstigi. Hér náði Carmen því að samhæfa sýn sína í eitt fyrir sjálfbærari framtíð sem tengir saman fólk, umhverfi og hagkerfi. Carmen hefur hlotið fjölda verðlauna um allan heim fyrir uppgötvun sína og er þekktur fyrirlesari. Í dag heldur hún áfram að þróa Piñatex®-vörulínu sína.

Piñatex® er sem fyrr sagði búið til úr trefjum laufblaða ananasplöntunnar. Þessum laufblöðum var áður fyrr hent í ananasuppskerunni og er því hliðarafurð í landbúnaði. Hinum löngu trefjum úr blöðunum er náð út með sérstakri vél sem bændur á hverjum stað sinna og fá aukalega greitt fyrir. Þegar búið er að ná trefjunum úr laufblöðunum eru þau notuð sem næringarrikur áburður eða í lífildsneyti svo ekkert fer til spillis við framleiðsluna. Trefjarnar fara í áframhaldandi vinnsluferli þar sem þeim er rúllað upp í stóra möskva sem unnið er frekar úr í þar til gerðum verksmiðjum á Spáni. Lokavaran, leðurlíkið Piñatex®, er mjúkt og sveigjanlegt efni en um leið varanlegt. Frá Spáni er vörunni dreift frá fyrirtæki Carmen til hönnuða sem nota hana meðal annars í skó, tiskufylgihluti, fatnað, í húsgagnaframleiðslu og sem áklæði í bíla sem dæmi.



Bóndi á Filippseyjum ánægður við ananastrefjastafu, hliðarafurð í landbúnaði sem áður fyrr var hent.



Frumkvöðullinn og hugmyndasmiðurinn að ananasleðurlíkinu, doktor Carmen Hijosa, við fullunna vöru úr trefjum laufblaða plöntunnar en vörumerkið kallast Piñatex®.

Miðstöð matvælaöryggis og sjálfbærni

Fyrir þremur árum var miðstöðin Foods of Norway opnuð, sem er samstarfsverkefni 18 fyrirtækja og stofnana í Noregi sem tengjast matvælum á einn eða annan hátt.

Miðstöðin er starfrækt við Norska umhverfis- og lífvísindaháskólann (NMBU) og er aðaláherslan á að þróa ný fódurhræfni úr endurnýjanlegum lífmassa. Einnig að þróa aðferðir til að geta framleitt meira af svæðisbundnum hráefnum í fódur fyrir búfænað og fisk.

Matvælaöryggi og aukin sjálfbærni

„Þetta er átta ára tilraunaverkefni og er aðaláhersla miðstöðvarinnar á matvælaöryggi og aukna sjálfbærni. Aðalverkefni okkar eru að þróa ný fódurhræfni úr endurnýjanlegum lífmassa, uppfæra næringargildi núverandi fódurhræfna og að þróa aðferðir til að geta framleitt meira af svæðisbundnum hráefnum í fódur fyrir búfænað og fisk. Einnig eru hér gerðar ítarlegar tilraunir á búfænaði og fiski til að kortleggja hvernig hin nýju fódurhræfni hafa áhrif á vöxt dýranna, lífeðlisfræði þeirra og heilbrigði ásamt því að kanna hvernig hráefnið stenst gæðakröfur,“ segir Margareth Øverland, framkvæmdastjóri miðstöðvarinnar.



Margareth Øverland, framkvæmdastjóri Foods of Norway-miðstöðvarinnar, segir að ef auka eigi norska matvælaframleiðslu verði að framleiða meira af svæðisbundnu fódri.

Mikilvægi svæðisbundinna fódurúrreða

Mannfjöldaspár sýna að árið 2050 verði um 9 milljarðar manna á jörðinni sem krefst mikillar matvælaframleiðslu alla daga allt árið um kring.

„Á sama tíma stöndum við frammi fyrir miklum loftslagsbreytingum og vegna þeirra er erfðara að búa til meiri mat, það er einnig meiri pólitískur óróleiki í heiminum og þess vegna verður aukin sjálfbærni stöðugt mikilvægari. Í Noregi hefur

búfænaður mikilvægt hlutverk þegar hugsað er til sjálfbærni en hér erum við berskjölduð vegna þess að mikið af fódri eða hluti af því sem búfænaður hérlandis fær byggist á innfluttum hráefnum. Það á sérstaklega við um prótínrik hráefni eins og sojamjöl. Ef við ætlum að auka norska matvælaframleiðslu verðum við að framleiða meira af svæðisbundnu fódri,“ útskýrir Margareth og segir jafnframt:

„Foods of Norway hjálpar til við að þróa tækni sem tryggir aukna sjálfbærni í Noregi. Miðstöðin leiðir einnig til aukinnar áherslu á að nýta svæðisbundin fódurúrreði í auknum mæli með notkun á nýrri tækni. Foods of Norway er eins konar blágræn miðstöð sem vinnur þvert á nokkra geira með þáttöku bæði úr sjávarútvegi, landbúnaði og skógræktinni. Til að mynda getur notkun á lífmassa úr trjám til að framleiða hágæða prótínrik fódurhræfni tryggt aukinn vöxt í hinum bláa geira. Í dag er sem dæmi aðgangur að hágæða fódurhræfni einn af flöskuhálsunum fyrir frekari vexti í eldisframleiðslu.“

Unnið úr fjölvörðingum og grenitrjám

Rannsóknarvinnan sem á sér stað



Við norska umhverfis- og lífvísindaháskólann (NMBU) er miðstöðin Foods of Norway starfrækt þar sem meðal annars eru þróað ný fódurhræfni úr endurnýjanlegum lífmassa með nýrri tækni.

í miðstöðinni fjallar um að auka verðmætasköpun sem byggist á að nota endurnýjanlegan lífmassa og að nota nýja tækni.

„Þetta gefur okkur nýjar aðferðir og verkfæri sem eru mikilvæg fyrir hina grænu byltingu. Eitt af mikilvægustu rannsóknarþemum er að þróa svæðisbundið fódurhræfni bæði fyrir eldisfisk og búfænað sem byggist á lífmassa bæði úr hafi og af landi. Mikilvægur lífmassi sem við vinnum með eru fjölvörðingar og grenitré. Með því að nota nýja tækni er hægt að göfga þennan lífmassa í hágæða fódurhræfni. Nú um mundir vinnum við að því

að brjóta niður þennan lífmassa og vinna úr honum sykur og önnur næringarefni með hjálp af ensímum sem er meðal annars þróað hér við Norska umhverfis- og lífvísindaháskólann (NMBU). Þetta er síðan sett í gerjunartank með örverum eins og til dæmis geri sem vex á þessum næringarefnum. Síðan er gerið uppskorið og verður að prótínríku mjóli sem hægt er að nota í fódur til búfænaðar og fisks. Við höfum séð að lax sem fær fódur með germjóli vex vel og er heilbrigður. Þannig að starfið sem hefur verið unnið hér síðustu þrjú ár hefur skilað góðum árangri og lofar góðu fyrir framtíð.“ /ehg



Það voru þær Guðrún Sveinsdóttir og María Jónsdóttir sem aðstoðuðu Ólöfu Guðbjörgu hjúkrunarforstjóra við að klippa á borðann inn í nýju bygginguna en báðar eru þær 100 ára gamlar.

Myndir / Magnús Hlynur Hreiðarsson

Ný og glæsileg viðbygging við Kirkjuhvol á Hvolsvelli

– Tveir 100 ára heimilismenn klipptu á borðann

Þriðjudaginn 1. maí fór fram vígsluathöfn vegna nýrrar viðbyggingar við hjúkrunar- og dvalarheimilið Kirkjuhvol á Hvolsvelli.

Ísólfur Gylfi Pálmason sveitarstjóri, Lilja Einarsdóttir oddviti, og Ólöf Guðbjörg Eggertsdóttir hjúkrunarforstjóri fluttu ávörp í tilefni dagsins. Kvenfélagið Eining færði heimilinu hjól þar sem tveir geta hjólað en einnig er hægt að hafa það rafknúð. Kvenfélagið Hallgerður færði



Agnes M. Sigurðardóttir, biskup Íslands, blessaði nýju bygginguna. Hér er hún, ásamt tveimur prúðbúnum stúlkum.

heimilinu sjúkrarúm og náttborð sem nú þegar er búið að setja upp í herbergi í nýju viðbyggingunni.


Frú Agnes M. Sigurðardóttir, biskup Íslands, blessaði nýju viðbygginguna. Tólf ný herbergi eru í nýju viðbyggingunni, ásamt nýjum matsal og eldhúsi svo eitthvað sé nefnt. Kostnaður við bygginguna var um 600 milljónir króna. /MHH



Barnakór Hvolsskóla flutti tvö lög við athöfnina undir stjórn Ingibjargar Erlingsdóttur.



Um 300 manns mættu á athöfnina á Kirkjuhvoli 1. maí til að fagna nýju viðbyggingunni.



TINDAR OG HNÍFAR

Eigum til tinda og hnífa í flestar gerðir heyrinnuvéla
Leitið upplýsinga hjá sölumönnum



www.VBL.is

REYKJAVÍK
Krókháls 5F
110 Reykjavík
Sími: 414-0000

AKUREYRI
Baldursnes 2
603 Akureyri
Sími: 464-8600




REKI EHF ER STOLTUR UMBODSAÐILI
DONALDSON Á ÍSLANDI. EIGUM HVERS
KYNS SÍUR FYRIR TÆKI Í LANDBÚNAÐI
Á LAGER.

Reki ehf. Höfðabakka 9 110 Reykjavík
Sími: 562 2950 Fax: 562 3760
E-mail: kristinn@reki.is Vefsíða: www.reki.is

bbl.is

Gólfhitakerfi

Ekkert brot ekkert flot



- Þægilegur hiti góð hitadreifing
- Hitasveiflur / Stuttur svörunartími
- Aðeins 12mm þykkan hitadreifiplötur
- Fljótlegt að leggja
- Ekkert brot ekkert flot
- Dreifiplötur límdar beint á gólf
- Gólfefni lagt beint á dreifiplötur (flisar, parket)
- Hentar vel í eldra húsnæði jafnt sem ný hús og sumarhús
- Flooré gólfhitakerfi er einfalt, fljótlegt og þægilegt



Skemmuvegur 10 (blá gata) 200 Kópavogur
Sími 567 1330 Fax 567 1345 www.hringas.is

Hringas ehf.



HAGKVÆM DEKK FYRIR ALVÖRU KRÖFUR

Þegar velja skal vinnuvéla- og landbúnaðardekk skipta gæði, ending og áreiðanleiki höfuðmáli. Maxam dekkinn eru hagkvæmur kostur og hafa reynst vel við krefjandi aðstæður.

Gerðu kröfur — hafðu samband við sölumenn okkar í síma 590 5280 og kynntu þér kosti Maxam dekkjanna.



KLETTUR / SALA OG ÞJÓNUSTA / KLETTAGARÐAR 8-10 / 104 REYKJAVÍK / 590 5280 / klettur.is

Gamli traktorinn



Bubba dráttarvélar

Stofnandi ítalska dráttarvélaframleiðslu-fyrirtækisins Bubba hóf afskipti sín af landbúnaði skömmu fyrir lok þarsíðustu aldar með því að taka að sér að þreskja kornakra fyrir bændur í norðursveitum Ítalíu. Seinna bættust við ýmiss konar vélaviðgerðarverkefni.

Árið 1886 stofnaði Pietro Bubba, ásamt sonum sínum þremur, fyrirtæki sem framleiddi þreskivélar og vélar til að brjóta hnetur. Næstu árin þróuðu feðgarnir tækin sem þeir framleiddu og á öðrum áratug tuttugustu aldarinnar voru þau samkeppnishæf við þau bestu á markaði á þeim tíma. Á þeim tíma hafði framleiðslan aukist og fyrirtækið stækkað talsvert og komið með formlegt nafn, Pietro Budda & Co.



tjörueimi. Slíkt er mögulegt þar sem glóðarhausavélar ganga á hlutfallslega lágu snúningshraða og litlu innsprautunarþrýstingi og geta því brennt þungu eldsneyti hægt.

Kreppa og fjárhagserfiðleikar

Pietro Bubba lést 1927 og tveimur árum seinna skall heimkreppan á. Í kjölfarið lenti það í fjármálakröggum og árið 1930 tók fyrirtæki sem hét Bubba S.A. það yfir. Nýju eigendurnir héldu áfram framleiðslu á dráttarvéllum undir heitinu Bubba um tíma.

Árið 1938 setti Bubba S.A. á markað dráttarvél sem fékk heitið Ariete og var 37 til 47 hestöfl. Þróunin hélt áfram og 1943 kom Ariete D42 fram á sjónarsviðið en í kjölfar heimsstyrjaldarinnar seldist sú vél illa.

Fyrirtækið var þrátt fyrir mótbýr ekki af baki dottið og hóf framleiðslu á beltavélum sem kölluðust Centauro og voru 45 til 55 hestöfl. Árið 1948 setti Bubba



Fyrsta dráttarvélin

Bubba & Co hófu hönnun á fyrstu dráttarvélinni um 1920 og byggðist hönnunin á þeim traktorum sem höfðu komið best út við plægingar á dráttarvélasýningum á árunum milli 1915 og 1920.

Bubbaféðgar lögðu mikið upp úr því að dráttarvélnar yrðu auðveldar í notkun og að viðhald yrði sem minnst. Árið 1923 settu þeir á markað eins strokks dísildráttarvél með glóðarhaus. Bubba-fyrirtækið smíðaði mótörinn fyrstu árin en yfirbyggingin var frá Case þar til 1926 þegar Bubba hóf framleiðslu á eigin yfirbyggingum og framleiddi 100% sinn eigin traktor.

Næstu árin fylgdu svo fleiri týpur í kjölfarið sem fengu heitin UTC 3 til UTC 6. UTC var 25 til 30 hestöfl og urðu dráttarvélnar öflugri eftir því sem týpunúmerið hækkaði.



Í umfjöllun staðhæfði framleiðandinn að UTC6, sem var þrír girar áfram og einn aftur á bak, að dráttarvélin gengi jafnt fyrir olíu úr leirseti, svartolíu eða

A.S. á markað fyrstu ítölsku sjálfknúnu þreskivélina. 1950 kom á markað frá Bubba A.S. dráttarvél sem kallaðist LO5 og var það sú síðasta sem fyrirtækið framleiddi með glóðarhaus. Sama ár framleiddi fyrirtækið frumtýpu af LO6 en sá traktor fór aldrei í framleiðslu.

Áhersla á þreskivélar

Við upphaf sjötta áratugar síðustu aldar lagði fyrirtækið sífellt meiri áherslu á framleiðslu þreskivéla. Nafni fyrirtækisins var breytt í Arbos-Bubba skömmu efir lok heimsstyrjaldarinnar síðari og árið 1954 var Bubba heitið fellt út og hét fyrirtækið eftir það Arbos sem var heiti á reiðhjólaverksmiðju sem eigendur Arbos-Bubba áttu á þeim tíma. /VH

UTAN ÚR HEIMI

Viðskiptabann ESB og NATO hefur stóreflt rússneskan landbúnað:

Ofgnótt orðið af svínakjöti á Rússlandsmarkaði

– Danskt fyrirtæki fjárfestir fyrir 100 milljónir evra í rússneskri svínarækt

Rússar hrintu af stað heljarmiklum áformum um að verða sjálfum sér nægir um landbúnaðarvörur fyrir 2020. Var það gert í kjölfar viðskiptabanns sem ESB og ýmis ríki innan NATO kynntu gegn Rússlandi 2014.

Þóttu orð Pútíns í þessa veru ansi djörf, en ekki er annað að sjá en að áform Rússa séu að ganga upp og jafnvel fyrr en áætlað var. Þannig er nú orðin offramboð á svínakjöti. Hafa rússnesk yfirvöld því ákveðið að hætta lánveitingum á lágu vöxtum til uppbyggingar í svínaræktinni að því er fram kom á vefsíðu Pig Progress í febrúar. Í raun hafa engin svokölluð „mjúk lán“ verið veitt af hálfu ríkisbanka til svínaræktar í landinu frá því á árinu 2016. Uppbyggingin hefur þó ekki alveg verið vandræðalaus því upp hafa komið ítrekuð tilfelli um svínapest í landinu á liðnum misserum.

Þrátt fyrir að það horfi fram á ofmettun markaðarins hafa Rússar fram til þessa verið að flytja inn um 300.000 tonn af svínakjöti á ári. Með því að hætta þessum innflutningi felast aukin tækifæri fyrir svínaræktina í Rússlandi. Virðist því ljóst að erlendir bændur komi til með að finna verulega fyrir allt að 300.000 tonna samdrætti í innkaupum Rússa á svínakjöti þegar frá líður. Bætist það ofan á mikinn skaða sem bændur í löndum Evrópusambandsins hafa orðið fyrir vegna afleiðinga af viðskiptabanni þeirra eigin stjórnvalda. Hefur það m.a. haft veruleg áhrif á danska bændur.

Þessi mikla svínakjötsframleiðsla rússnesrar bænda er þegar farin að hafa áhrif á verðlag svínakjöts í landinu. Þannig lækkaði kílóverð á svínakjöti á Leningrad-svæðinu á tveim mánuðum síðastliðið haust úr 110 rublum (1,57 evrum) í 90 rublur (1,28 evrur).

Danir misstu svínakjötsmarkað en fjárfesta nú í rússneskum landbúnaði

Það sérkennilega í þessu öllu saman er að í kjölfar þess að danskir framleiðendur töpuðu drjúgum hluta af sínum markaði í Rússlandi, þá er danska fyrirtækið Idavang nú farið



Eitt af svínabúum Idavang í Litháen.



að fjárfesta grimmt í rússneskri svínarækt.

Idavang er ekki heimilt að kaupa svínarækt í rekstri í Rússlandi og hafa menn því farið þá leið sem eignarhaldsfélag að leggja stórfé í uppbyggingu á nýju svínabúi frá grunni. Þannig hefur Idavang safnað 3 milljörðum rublna (um 85 milljónum evra) í formi skuldabréfa Eruobonds. Þá er haft eftir Tatiana Sharinguna, rússneskum framkvæmdastjóra Idavang Agro JSC, í dagblaðinu Delovoi Peterburg, að fyrirtækið hafi einnig útvegað venjuleg lán hjá rússneskum banka upp á 1 milljarð rublna, eða sem nemur 15 milljónum evra. Hyggst Idavang með þessum fjármunum reisa nýjan svínabúgarð á Leningrad-svæðinu, eða í Luga sem er um 150 km suður af Pétursborg. Eiga framkvæmdir að hefjast á þessu ári.

Að mestu í eigu Dana

Idavang er að 80% hlut í eigu Jast Holding A/S í Danmörku en fjárfestingafélag Alþjóðabankans, (The World Bank - International Corporate Finance - IFC) á 20% hlut í fyrirtækinu. Stjórnin er öll skipuð Dönum, þ.e. Niels Hermansen, sem er formaður, Jytte Rosenmaj, varaformaður, auk Claus Baltersen, Ole Bjerremund Hansen og Carsten Lund Thomsen.

Hóf að fjárfesta í landbúnaði 1999

Fyrirtækið hóf að fjárfesta í

landbúnaði 1999 með 800.000 evra eigið fé í vasanum. Var fyrsta bújörðin keypt það sama ár eða það sem þeir skilgreina sem „Brown fields“, en það er þegar þeir kaupa bújörð í rekstri með húð og hári, eða með beinum eignarhlut. Í Rússlandi eru slík kaup útlendinga á bújörðum í rekstri ekki leyfð. Því er þar farin sú leið að byggja upp búrekstur frá grunni eða það sem þeir kalla „Green fields“. Til þess verða menn að hafa aðgang að jarðnæði til að losna við allan svínaskítinn í áburð sem til fellur af starfseminni. Á nýja rússneska svínabúinu þyrfti að öllu jöfnu 6.000 hektara land til að dreifa öllum svínaskítinum sem þar mun falla til. Til að minnka landþörfina hefur fyrirtækið fengið leyfi til að forvinna skítinn í sérstakri umhverfisverksmiðju (Environmental Processing Plan - EPP) sem byggð er á tækni Nutriflow. Er fosfór og köfnunarefni þá unnið úr skítinum til að minnka áburðarinnihaldið í fastaefninu sem eftir er. Þannig dugar þeim 600 hektara land til að losna við sinn svínaskít án þess að fara yfir leyfileg mörk sem sett eru vegna mengunar grunnvatns.

Hefur starfsemin vaxið ört frá 2011 og er Idavang nú leiðandi framleiðandi á svínakjöti í Litháen og stefnir hátt í Rússlandi. Árið 2011 tryggði Alþjóðabankinn uppbyggingaráform fyrirtækisins í Rússlandi með því að gerast 20% hluthafi.

Mestum nettótekjum náði fyrirtækið 2014, eða 18,8 milljónum evra, en þá var veltan 115,3 milljónir evra. Á árinu 2016 var veltan 95,1 milljón, en nettótekjurnar 14,2 milljónir evra. Miðað við það hlýtur fjárfesting nú upp á 100 milljónir evra í Rússlandi að teljast ansi mikil. /HKr.

Rússar með mesta hveitiútflutning nokkurrar þjóðar frá 1993

– Búist er við að heildarútflutningur nú muni nema 36,6 milljónum tonna

Rússland flytur út meira af hveiti á yfirstandandi tímabili 2017-2018 en nokkur önnur þjóð hefur gert í 25 ár samkvæmt tölum markaðsfrétta Bloomberg. Er búist við að hveitiútflutningurinn á yfirstandandi tímabili muni nema 36,6 milljónum tonna.

Engin önnur þjóð hefur náð að flytja út jafn mikið af hveiti síðan Bandaríkin slógu síðast met á tímabilinu 1992 til 1993 með 36,8 milljónum tonna. Það var þó mun lægra en mesti hveitiútflutningur Bandaríkjamanna í sögunni. Það var á árunum upp úr 1980 þegar þeir fluttu út 48,2 milljónir tonna af hveiti á einu uppskerutímabili. Mikill útflutningur Bandaríkjamanna á hveiti á þeim árum byggði að verulegum hluta á mikilli innflutningsþörf gömlu Sovétríkjanna. Þar hefur dæmið algjörlega snúist við eftir fall þeirrar ríkjasamsteypu og áætlunar um að



Rússar verði sjálfum sér nægir með landbúnaðarvörur.

Auk mikils hveitiútflutnings hafa Rússar verið að flytja út umtalsvert af korni sem hefur lækkað verð í framvirkum viðskiptum um 50% síðan á miðju ári 2012. Hafa Rússar verið að ná sífellt stærri markaðshlutdeild

af Bandaríkjamönnum og Kanada-mönnum. Samkvæmt tölum bandaríska landbúnaðarráðuneytisins er gert ráð fyrir að hveitiútflutningur Bandaríkjamanna á yfirstandandi tímabili muni verða litlu minni en Rússa, eða 35 milljónir tonna.

/HKr.

Nýir Dieci
lyftarar á
leiðinni til
landsins með
2,5 – 4 tonna
lyftigetu

Margar
útfærslur
í boði.



VÉLAFL

Uppl. í síma
893-8424 / set@velafl.is
og á 694-3700 / gk@velafl.is

Bændablaðið

á bbl.is og líka á Facebook



RÚÐUR Í MIKLU ÚRVALI

EIGUM TIL Á LAGER RÚÐUR Í FLEST ALLAR
GERÐIR DRÁTTARVÉLA – **FRÁBÆR VERÐ**

John Deere
Zetor
Case IH
McCormick
Steyr
Claas

Ford
Fiat
New Holland
Deutz-Fahr
Massey Ferguson

SÉRPÖNTUM RÚÐUR Í ALLAR GERÐIR
DRÁTTARVÉLA MEÐ SKÖMMUM FYRIRVARA



www.VBL.is

REYKJAVÍK
Krókháls 5F
110 Reykjavík
Sími: 414-0000

AKUREYRI
Baldursnes 2
603 Akureyri
Sími: 464-8600

AKUREYRI
Baldursnes 2
603 Akureyri
Sími: 464-8600



HVAMMSHÓLAR

ROTÞRÆR ÁN SITURLAGNA
SITURTANKUR Í STAD SITURLAGNA
SKOLPHREINSISTÖÐVAR

FYRIR:
HÓTEL
HEILSÁRSHÚS
SUMARHÚS



GRÆNT ALLA LEIÐ

SIGURÐUR VIGGÓ HALLDÓRSSON PÍPULAGNINGAMEISTARI ☎ +354 660 4085 ✉ SIGGI@HVAMMSHOLAR.IS



dott.gallina

Polycarbonate gróðurhúsaklæðning

- ✓ Einangrandi
- ✓ Reyklúgur
- ✓ Birtuop
- ✓ Sterkar



P. ÞORGRÍMSSON & CO

Ármúli 29 • 108 Rvk • 512-3360 • korkur.is

Verk: Gróðrarstöð Lambhaga
Reykjavík
4000m²



Magnús Leópoldsson lögg. fasteignasali

FASTEIGNAMIDSTÖÐIN



Hlíðasmára 17, 201 Kópavogur - Sími 550 3000 - Gsm 892 6000

Gott framboð af áhugaverðum jörðum
og tækifærum í ferðapjónustu.

fasteignamidstodin@fasteignamidstodin.is - www.fasteignamidstodin.is

María Magnúsdóttir hdl. lögg. fasteignasali - Sjöfn Ólafsdóttir lögg. fasteignasali



Vinnufatnaður



Hífilausnir



Kranar og taliur



Snjókeðjur



Pökkunarlausnir



Fallvarnarbúnaður



Höfum á lager mikið úrval af alskyns vinnufatnaði, hífi- og festingabúnaði, krönum og talíum, snjókeðjum, pökkunarlausnum og fallvarnarbúnaði. Í vörulistanum á www.isfell.is er að finna ítarlegar upplýsingar um allar vörur.

**Hafðu samband og kynntu þér
vöruúrvalið og þjónustuna!**



ÍSFELL

Ísfell ehf, Óseyrarbraut 28
220 Hafnarfjörður, Sími 5200 500
www.isfell.is, isfell@isfell.is

HELSTU NYTJAJURTIR HEIMSINS



Ferskar döðlur á markaði.

Döðlur í paradís

Vilmundur Hansen
vilmundur@bondi.is



Döðlur hafa í aldaraðir verið undirstöðufæða íbúa í löndunum við botn Miðjarðarhafs og tengjast eflaust í huga margra ævintýrunum í þúsund og einni nótt. Döðlur eru orkuríkar og um leið einstaklega losandi.

Árið 1962 var heimsframleiðsla á döðlum áætluð tæp 1,8 milljón tonn, 2005 er hún rúm 6,9 milljón tonn og árið 2016 er heimsframleiðslan talin vera rúm 8,4 milljón tonn.

Samkvæmt tölum frá Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna, FAO, eru Egyptar stórtækastir þegar kemur að ræktun daðla og framleiddu rétt tæplega 1,7 milljón tonn árið 2016. Það ár framleiddi Íran rúm milljón tonn og Alsír svipað magn en aðeins minna. Í Sádi-Arabíu var framleiðslan rúm 960 þúsund tonn, í Sameinuðu arabísku furstadæmunum 670 þúsund tonn, 615 þúsund tonn í Írak og tæp 500 þúsund tonn í Pakistan. Framleiðslan í Súdan var 440 þúsund tonn, 340 þúsund tonn í Óman og 241 þúsund tonn í Súdan árið 2016.

Egyptaland er stærsti útflytjandi daðla í heiminum og flytja þeir mest út til Marokkó, Indónesíu og Malasíu. Íran flytur megnið af sinni framleiðslu til Indlands, Malasíu og Rússlands en Sádi-Arabía til Jórdan, Jemen og Kúveit.

Samkvæmt vef Hagstofu Íslands voru árið 2016 flutt inn tæp 59 tonn af ferskum döðlum til landsins og



Döðlupálmar eru sígrænir og ræktaðir vegna ávaxtanna sem kallast döðlur. Þeir geta ná allt að 40 metra hæð.



Áætluð heimsframleiðsla á döðlum árið 2016 er talin vera rúmar 8,4 milljónir tonna.

þar af mest frá Túnis, rúm 19 tonn, og tæp 19 tonn frá Bandaríkjunum Norður-Ameríku. Innflutningur á þurrkuðum döðlum var sama ár 191

tonn. Mest frá Íran, 146 tonn. Alls 205 tonn af döðlum fyrir utan það sem er flutt inn í tilbúnum réttum eða annars konar varningi.

Ættkvíslinni Phoenix

Milli 12 og 19 tegundir pálma tilheyra ættkvíslinni Phoenix. Náttúruleg heimkynni þeirra eru á Kanaríeyjum í vestri, meðfram norðurströnd Afríku á eyjum í Miðjarðarhafinu, í Tyrklandi og við botn Miðjarðarhafsins um Litlu Asíu til Kíma og Malasíu. Kjörlendi þeirra er fjölbreytt og nær yfir eyðimerkur, fenjasvæði og niður að sjó. Eyðimerkurpálmar vaxa aðallega þar sem grunnvatnsstaða er há við vinjar eða við uppsprettur í eyðimörkinni.

Tegundir innan ættkvíslarinnar eru frá því að vera dvergvasnar í nokkurra metra há tré með allt að sex metra löng blöð.

Margar tegundir Phoenix eru þekktar sem skrautplöntur, bæði innan dyra og utan. Allir pálmar eru einkimblöðungar.

Tegundin *P. dactylopera* kallast döðlupálmi og gefur af sér döðlur.

Döðlupálmar

Döðlupálmar eru sígrænir og ræktaðir vegna ávaxtanna sem kallast döðlur. Plantan er með víðfeðma og stundum djúpvaxandi trefjarót. Eina eða margstofna og getur náð allt að 40 metrum að hæð. Stofninn er jafnbreiddur, um metri í þvermál, frá rót og upp í krónu og hrjúfur viðkomu.

Blöðin margskipt, fjórir til átta metrar að lengd á löngum stilk með löngum og mislægum þyrnum. Hvert blað skiptist í um 150 smáblöð, 15 til 100 sentímetra að lengd og tveir til sex sentímetra breitt. Líftími blaða er þrjú til sjö ár. Í blöðunum eru langar trefjar.



Þroskaðar döðlur á döðlupálma.

Pálmar eru einkynja og ber því hver planta annaðhvort karl- eða kvenkynsblóm. Einstaka plöntur geta verið tvíkynja en það er sjaldgæft. Blómin eru lítil og mynda nokkur þúsund saman stóran, hvítan eða gulan vönd. Vindfrjóvgandi.

Eitt aldin myndast af hverri frjóvgaðri frævu og þroskast þau saman í hnapp. Aldinið er ber með einu fræi.

Í ræktun eru karlplönturnar einungis notaðar til frjóvgunar og í sumum tilfellum eru karlplöntur aðfluttar þegar kvenplönturnar blómstra. Frjóvgun fer þá fram með hjálp vindvéla eða þá að frjóði er penslað á frævurnar með höndum þjálfaðra frjómeistara.

Stærð, litur og bragð þroskaðra aldina er misjafnt eftir kvæmum, afbrigðum og staðbrigðum döðlupálmanna sem hafa þróast ólíkt í mörg þúsund ár. Lengd aldinanna þrír til sjö sentímetra að lengd og

tveir til þrír sentimetrar í ummál, rauð, brún og gul að lit. Fræið í aldininu tveir til þrír sentimetrar að lengd og sex til átta millimetrar í þvermál. Fræin spíra auðveldlega en það tekur sjö til tíu ár fyrir fræplöntur að mynda æt aldin.

Langstærstur hluti döðlupálma í ræktun er ræktaður af græðlingum enda plöntur af græðlingum fljótari að gefa af sér aldin en fræplöntur.

Aldingæfar plöntur við góð skilyrði gefa af sér allt að 140 kíló af aldinum yfir vaxtartímann. Döðlupálmar í ræktun kjósa vel framræstan, kalkríkan og sendinn jarðveg með pH 8 til 11.

Líftími döðlupálma er 200 og 300 ár og plantan getur gefið af sér aldin í hátt í 200 ár.

Alls konar döðlur

Döðlupálmar eins og við þekkjum þá í dag finnast ekki villtir í náttúrunni og upprunalegur vaxtarstaður fyrstu döðlupálmanna er óþekktur en flest bendir til að hann hafi verið í frjósama hálfmánanum milli Egyptalands og Mesópótamíu. Einnig hafa verið leiddar að því líkur að döðlupálmar séu ræktunarfbrigði P. sylvestris sem vex villtur og er ræktaður á Indlandi.

Í dag eru döðlupálmar ræktaðir á pálmabeltinu sem liggur frá Norður-Afriku um Mið-Austurlönd til Suður-Asíu og í Kaliforníuríki í Bandaríkjunum.

Döðlum er skipt í þrjár meginræktunargerðir eftir mykt og sætleika. Mjúkar döðlur, 'Barhee', 'Halawy', 'Khadrawy' og 'Medjool', hálfþurrar 'Dayri', 'Deglet Noor', 'Zahdi', og þurrar 'Thoori'. Skiptingin fer eftir innihaldi aldinsins af sykrum sem gefur 75% af þurrefni þeirra og eru því döðlur disætar.

Ólík kvæmi, afbrigði og staðbrigði döðlupálma skipta þúsundum og hvert þeirra aðlagð sínum vaxtarstað og aldin þeirra ólíkt að stærð, áferð, lögun, lit og bragði.

Dæmi um ólíka döðlur eru Aabel sem eru algengar í Líbíu, Amir Hajj frá Írak sem eru þéttar í sér með þunna húð. Barhee eru hnöttóttar, dökkbrúnar að lit og bragðmiklar. Derrie frá suðurhluta Írak eru svartar, langar og mjóar og mjúkar undir tönn. Khastawi, sem einnig koma frá Írak, eru fremur smáar en sætar og þykja góðar sem eftirrétur. Sayer döðlur eru appelsínugular, mjúkar og sætar. Aftur á móti eru Thoori döðlur, sem eru vinsælar í Alsír, rauðbrúnar að lit, krumpaðar og sagðar sætar með hnetukeim.

Fræ- eða steinlaus döðluafrbrigði þekkjast en þykja lakari að gæðum en aldin með fræi.

Fuglinn Fönix

Latneska ættkvíslarheitið Phoenix vísar til egypska goðsagna eldfuglsins sem kastar sér í eldinn á 500 ára fresti og ris endurfæddur. Líkt og fuglinn Fönix spretta pálmar auðveldlega upp aftur lendi þeir í bruna.

Döðlupálmar eru stundum nefndir Methúsalem-pálmar eftir elsta manni Biblíunnar sem sagt er að hafi orðið 969 ára gamall.

Tegundarheitið dactylifera er dregið af gríska orðinu daktulos eða hebreska orðinu dashel sem bæði merkja finger og vísar til lögunar aldinsins. Það var Sviinn Carl von Linné sem gaf plöntunni latínunafn auk þess sem hann sagði hana prinsinn meðal plantna.

Orðið date á ensku á uppruna sinn í frönsku. Á spænsku kallast döðlur fecha de la fruta, data di frutta á ítölsku og dadlar á sænsku.

Gömul nytjajurt

Steingervingar benda til að frumpálmar hafi vaxið á jörðinni fyrir að minnsta kosti 50 milljón árum.

Fornleifarannsóknir sýna að döðl-



Múslímar enda oft föstur með því að borða döðlur þar sem þær eru sagðar hreinsandi.



Döðlur eru yfirleitt tindar með höndum og stundum einnig frjögvaðar með höndum.



Ólík kvæmi, afbrigði og staðbrigði döðlupálma skipta þúsundum og hvert þeirra aðlagð sínum vaxtarstað og aldin þeirra ólíkt að stærð, áferð, lögun, lit og bragði.

ur hafa verið hluti af fæðu fólks í Mið-Austurlöndum og Indusdalnum í þúsundir ára og minjar sýna að þær voru ræktaðar á austanverðum Arabíuskaga 5500 árum fyrir Kristsburð. Fornleifarannsóknir þar sem í dag er Pakistan benda einnig til ræktunar á döðlupálmum á þeim slóðum fyrir um 7000 árum.

Forn-Egyptar brugguðu döðluvin sér til hressingar á meðan þeir voru að byggja pýramídana og fræ döðlupálma voru meðal þess sem fannst í gröf Tutankhamus faraós. Egyptar litu á döðlupálma sem tákn um langlífi.

Döðlur geymast vel og því upplögð fæða fyrir kaupmenn sem fóru með úlfaldalestir yfir eyðimörkina. Þar sem döðlufra spíra auðveldlega við réttar aðstæður er líklegt að þeir hafi sett þau niður við vinjar í eyðimörkinni til að eiga til góða seinna á ferðalögum sínum. Einnig voru fræin notuð sem getnaðarvörn, bæði fyrir konur og úlfaldakýr með því að koma þeim fyrir í leginu og þannig fyrirbyggja getnað. Disæt getnaðarvörn það.

Einnig eru döðlur notaðar sem dýrafóður.

Greinar döðlupálma voru sigur-

tákn rómverska hersins. Í því ljósi er skiljanlegt að farið hafi um rómversku landsstjórnina í Gyðingalandi þegar Jesús kom ríðandi á ösnu inn í Jerúsalem á pálmásunnudag í upphafi páskahátíðar Gyðinga og múgurinn lagði fyrir hann pálmagreinar og hrópaði „Hósanna syni Davíðs! Blessaður sé sá sem kemur, í nafni Drottins! Hósanna í hæstum hæðum!“ Lýðurinn sá Jesúm sem veraldlegan sigurvegara sem mundi hrinda hernámi Rómverja.



Undirbúningur fyrir döðluhátíð í Sádi-Arabíu.



Rómversk mynt slegin með mynd af pálda.

Líklegt er að Márar hafi fluttu hann til Suður-Spánar þar sem hann getur borið aldin.

Talið er að Spánverjar hafi flutt með sér fræ döðlupálma til Mið-Ameríku 1765 og að Fransiskan munkar hafi ræktað þá þar sem nú er Kaliforníuríki árið 1770.

Pálmi Heródesar

Skömmu eftir síðust aldamót tókst grasa- og garðyrkjufraðingum í Ísrael að rækta upp döðlupálma af fræi sem fannst í rústum sumarhallar Heródesar konungs. Fræið hafði varðveist í 2000 ár A síðasta ári náði pálminn, sem er karlplanta, þriggja metra hæð, blómstraði og gaf af sé frjó.

Leitin að döðlunum

Árið 1898 var sett á laggirnar sérdeild innan landbúnaðarráðuneytis Bandaríkjanna sem ætlað var að leita uppi nýjar ræktunartur fyrir bændur í Bandaríkjunum. Starfsmenn deildarinnar voru sendir út um heim og leituðu uppi áhugaverðar ræktunaplöntur og sendu eða fluttu með sér fræ eða græðlinga til Bandaríkjanna. Meðal nytjajurta sem fluttar voru til Bandaríkjanna vegna starfa þessara manna eru mangó, avokadó og mörg ólík yrki sítrusáavaxta og daðla.

Grasafræðingurinn David Fairchild var einn þeirra sem sendur var út af örkinni til að leita uppi efnilegar nytjaplöntur í Mið-Austurlöndum. Sagan segir að Fairchild hafi kosið að fara til Mið-Austurlanda vegna þess að hann hafi verið heillaður af ávintýrunum í Þúsund og einni nótt frá því að hann var barn.

Fairchild og samstarfsmaður hans, Walter Swingle, kynntu sér döðlurækt í Alsír og komust að þeirri

niðurstöðu að döðlur þaðan mundu henta vel til ræktunar á þurrum svæðum í Kaliforníu. Í fyrstu sendu þeir heim fræ en þau spíruðu illa. Næst söfnuðu þeir græðlingum af pálmum og sendu heim. Þeir döfnuðu vel og eru móðurplöntur döðluræktunar í Bandaríkjunum í dag.

Döðlur í trúarbrögðum

Döðlupálmar skipa ríkan sess í trúarbrögðum gyðinga, kristinna og múslima og eru nefndir í helgiritum þeirra. Pálmar eru nefndir í bæði Gamla og Nýja testamenti Biblíunnar og í 17 súrur Kóransins.

Pálma er víða getið í Biblíunni. Í sjöunda kafla Ljóðaljóðanna þegar fegurð konu er mædd segir meðal annars: „Vöxtur þinn er eins og pálmatré, brjóst þín sem klasarnir“, og í 12. kafla Jóhannesarguðspjalls segir: „Múgur, sem enginn gat tölu á komið, af öllum þjóðum og kynkvíslum, lýðum og tungum, stóð frammi fyrir hásetinu og frammi fyrir lambinu, skryddur hvítum skikkjum og hafði pálmagreinar í höndum.“

Sé fylgstu skynsemi gætt má með góðum rökum álykta sem svo að lífsins tré og skilningstréð í paradís Adams og Evu hafi verið döðlupálmi en ekki eplatré.

Spámaðurinn Múhameð á að hafa sagt að döðlupálmar væri sú besta eign sem nokkur maður gæti átt og hann hvatti alla múslima til að rækta þá. Döðlupálmi er sú planta sem oftast er getið í Kóraninum. Múhameð ráðlagði múslimum að enda föstur með því að borða döðlur þar sem að þær væru hreinsandi. Samkvæmt Kóraninum eru döðlur ávextir í paradís.

Súlur í byggingarlist Egypta, Grikkja og Rómverja byggja á vaxtarlagi pálmatrjáa.

Nytjar

Daðla er víða getið í fornum ritum sem læknaði, til dæmis við ýmiss konar bólgum, höfuðverk, maga- og lifrarverk. Þær eru einnig losandi eins og margir eldri borgarar og aðrir sem þjást af harðlífi vita.

Döðlur eru lostæti hvort sem þær eru borðaðar einar sér sem snakk eða með öðru. Þær eru góðar í salat, brauð, pottrétti, fyllingar, grauta og eftirrétti. Döðlur eru eitt af undirstöðuhræfunum í HP-sósu.

Laufblöðin eru notuð í stráþök og ofín í margs konar nytja- og listmuni eins og hatta, gróft vaðmál, mottur, reipi, körfur og báta. Eftir að aldinin eru tind af vöndunum sem þau vaxa í eru vendirnir notaðir sem sópar.

Döðlufra sem eru mykt í vatni eru gefin sem fóður en séu þau þurrkuð eru þau brennd til húshitunar eða nýtt í skrautmuni. Döðlufra má mylja og sjóða úr þeim döðlukaffi.

Safa er tappað úr stofnum döðlupálma og úr honum unninn pálmasykur og pálmasyróp og pálmavín.

Döðlur á Íslandi

Lítið fer fyrir gömlum frásögnum um döðlur á Íslandi en greinilegt á auglýsingu í tímaritinu Ísafold frá því í nóvember 1892 að þær eru þá þekktar hér. Í auglýsingunni, sem er frá Verslun W. Christensens, segir að nýkomnar séu til landsins með millilandaskipinu Laura miklar birgðir af nauðsynjavörum eins og „ekta schweitzer ostur, meieriostur, spegepölse, kartöflur, laukur stór spanskur, citronur, bananar, epli, vínber, kandiseraðir ávextir, krakmönndlur, confect rúsínur, döðlur, valdhnetur, heslihnetur o. m. fl.“

Fram til þessa hefur úrval af mismunandi döðlum í háum gæðaflokki þótt vera takmarkað hér á landi. Því hefur verið gantast með að þetta væri hálfgeft úlfaldafóður. Sagt er að aðalbrandarinn í eyðimörkinni sé því hvort mikið sé um úlfalda á Íslandi.

MENNING & MINNINGAR

Sumardvöl Kristbjörns Egilssonar í Langeyjarnesi og Efri-Langey í Klofningshreppi í Dalasýslu 1958–1961:

Sjálfspurftarþúskapur í sátt við náttúruna fyrir sex áratugum

Kristbjörn Egilsson líffræðingur hefur gefið út endurminningar drengs sem galvaskur vildi fara í sveit 9 ára gamall og fékk pláss á smábýli við Breiðafjörð. Þetta er fágæt lýsing og myndir Kristbjörns á lífi og starfi á smábýli við sjóinn á 6. áratug 20. aldar. Horfinn heimur sem segir frá sjálfspurftarþúskap í sátt við náttúruna.

Ritið heitir Sumardvöl í Langeyjarnesi og Efri-Langey, Klofningshreppi Dalasýslu 1958–1961. Kristbjörn segir á titilsíðu að ritið sé tileinkað Elínu í Langeyjarnesi. „Hún var mín fyrsta húsmóðir og ævinkona.“

Ritið hefur vakið mikla athygli á þeim slóðum þar sem Kristbjörn var í sveit, enda einstök lýsing af lífinu í sveitinni samkvæmt minningum ungs drengs úr borginni sem hafði auk þess meðferðis myndavél til að festa á filmu það sem fyrir augu bar í sveitinni. Hefur hann gefið Bændablaðinu heimild til að birta hluta úr ritinu ásamt nokkrum myndum lesendum til fróðleiks. Í inngangi þessa rúmlega 80 síðna rits segir:

Það sem hér fer á eftir eru minningar úr sumardvöl minni í Langeyjarnesi á árunum 1958–1961. Árin frá níu til tólf ára aldurs eru sterk í minningunni. Ýmislegt rifjaðist enn fremur upp við skoðun á ljósmyndum sem ég, Logi bróðir minn og Egill faðir okkar tókum á þessum tíma og nokkrum árum seinna. Logi, sem var í Langeyjarnesi þrjú sumur á eftir mér (1962–1965) las allan textann yfir og lagfærði margt og í samræðum milli okkar varð ýmislegt skýrara og vonandi nær sanni. Ég hef leitast við að segja sem réttast frá án þess að ýkja eða draga úr neinu. Hins vegar verður að hafa í huga að textinn er minningar manns sem sá hlutina sínum augum sem ungur drengur og síðan eru liðin nærri sextíu ár. Ég held þó að þetta yfirlit gefi nokkuð rétta heildarmynd af heimilinu, verklaginu og andanum sem ríkti í Langeyjarnesi á þessum árum. Ég var svo lánsamur að ná að kynnast lífi og búskaparhátum sem voru að hverfa á tækniold. Nytsemin, nægjusteimin, lífsbaráttan og lífsviðhorfin voru af allt öðrum heimi en varð á síðari hluta 20. aldarinnar.

Undirbúningur og ferðalagið í sveitina

Ég fór fyrst í sveit til vandalausra níu ára gamall, hinn 3. júní 1958, og dvaldi þar fjögur sumur í góðu yfirlæti. Alltaf var farið vestur í lok maí eða byrjun júní og dvaldi ég þar til ágústloka. Bærinn heitir Langeyjarnesi í Klofningshreppi í Dalasýslu. Þar bjuggu hjónin Elín Elímundardóttir (Ella), 59 ára, og Jóhannes Þórður Jónsson, 58 ára, með syni sínum, Bergi Jóhannessyni, 29 ára. Ástæðan fyrir því að ég fór í sveit var sú að mig langaði í sveit.

Ekki var mikið um að vera í Reykjavík yfir sumartímann, skólinn var ekki starfræktur frá júní til ágústloka fyrir sjö til níu ára börn og frá og með tíu ára bekk hófst skólinn ekki fyrr en 1. október svo nægur var tíminn. Mér fannst gaman að vera í sumarþúskap fjölskyldunnar, en þar hafði maður takmarkaðan aðgang að skepnum. Tíðarandinn var einnig sá að það þótti gott að börn kynntust sveitalífi, lærðu til verka og að umgangast menn og málleysingja. Eldri systir mín, Auður, fór einnig í



Kristbjörn Egilsson (9 ára) í ágúst 1958 með fjósköttinn framan við fjósið í Langeyjarnesi. Nautkálfur undan Lukku. Gúmmiskór, Wrangler-gallabuxur og eyrnaskjól, enda drengurinn eyrnabólgbarn. Mynd / Egill Kristbjörnsson


sveit, norður að Söndum í Miðfirði. Logi bróðir minn tók við af mér í Langeyjarnesi og var þar þrjú sumur. Guðbjörg systir mín sinnti hins vegar barnapössun hjá ungum hjónum sem áttu nýtt hús, Eik í Mosfellsveit, en þau unnu bæði á Reykjalundi.

Eitt var ég viss um. Mig langaði ekki í sumarþúskap, t.d. Vatnaskóg, eða skátáþúskap. Mér leiddust allar hópíþróttir og fannst slík dvöl ekki henta mér. Þar að auki var slík vist aldrei meira en vika til hálfur mánuður. Strax á unga aldri var ég

sem sagt með ákveðinn vilja og sýn á sumt.

Ef til vill hefur líka þótt ágætt að létta á álaginu heima. Við vorum fjögur systkinin, fædd á fimm árum, og pabbi hafði verið mikið veikur nokkrum árum áður og átti að taka lífinu frekar rólega.

Fyrir dvölinu í Langeyjarnesi hafði ég farið í sumardvöl og ferðalög. Sumarið 1955 fór ég með stjúpu pabba, ömmu Söru (Sara D.W. Kristjánsdóttir 1895–1990) norður í Húnavatnssýslu í heimsókn á bæ



Kort af Klofningshreppi og nágrenni. Klippit úr Herforingjaráðskorti. Blað nr. 24. Fellsströnd N. Mælt 1911 og prentað 1913. Mynd / Kortasafn Landmælinga Íslands.



Horft heim að Langeyjarnesi að sunnan í ágúst 1978. Fremst eru fjárhúsin. Fjær eru íbúðarhús, fjóshlaða og gamli bærinn. Klofningsfjall og hreppstjórasetrið Hnúkur í baksýn. Þarna er búið að mála öll húsin og túnhliðið. Einstök snyrtimennska var keppikefli þeirra hjóna Elínar og Jóhannesar. Mynd / Kristbjörn Egilsson



Í skotinu við Laugaveg 58b þann 31. maí 1958 þegar drengurinn varð 9 ára og átti að leggja af stað með rútunni vestur í Langeyjarnesi þrem dögum síðar. Mikil tilhlökkun. Amma Sara þrjónaði vestið sem var grátt með dökkgrænum röndum. Sara Kristjánsdóttir og Kristbjörn Egilsson. Mynd / Egill Kristbjörnsson,



Kristbjörn Egilsson (10 ára) sinnir heimalningum (Blettæti og Tinnu) í Langeyjarnesi. Elín þrjónaði lopapeysuna. Hún var ljósblá með hvítu munstri, ermarnar ísaumaðar, og þæfð. Mynd / Elínborg L. Jónsdóttir,

sem heitir Skarð og hefur það líklega kveikt áhuga minn á sveitadvöl. Sumarið 1956 vorum við fjögur systkinin með ömmu og pabba, systur pabba og manni hennar og syni í tveim vinnuskúrum frá Rafveitunni uppi við Elliðavatn, en pabbi og mágur hans unnu þá báðir hjá Rafmagnsveitu Reykjavíkur. Sumarið þar á eftir var fjölskyldan í sumarþúskap sem heitir Bjartholt sem faðir minn keypti sama ár og var rétt ofan við Gunnarshólma.

Ég fór í sveit til vandalausra að eigin ósk og með fullu samþykki mínu. Foreldrar mínir eru báðir Reykvíkingar og höfðu engin sérstök tengsl við tiltekna sveitir eða landshluta. Ég er sem sagt hreinræktaður Reykvíkingur því síðan á fyrri hluta níjándu aldar hefur ætt mín átt heima í Reykjavík. Það að vera Reykvíkingur í húð og háir þýddi að við systkinin vissum t.d. í hvað húsum í Reykjavík foreldrar okkar, afar og ömmur, langafar og langömmur fæddust eða létust. Mér fannst alltaf að flestir sem fjölskyldan kynntist í þá tíð væru utan af landi, öflugt við okkur.

Amma Sara, sem var stjúpa pabba tók að sér að finna sveitabæ fyrir drenginn. Hún hafði kynnst stúlku að nafni Agnes Pétursdóttir, sem bjó í Stóru-Tungu á Fellsströnd, en þær höfðu verið stofufélagar á Landakoti árið áður. Hún bað Agnesi að spyrjast fyrir um pláss í Stóru Tungu eða nágrenni. Þá vildi svo vel til að hjónin í Langeyjarnesi vildu fá strák til að snúast lítilega, eins og að sækja kýrnar, og ég sló til.

Fyrir sveitadvölinu var keypt ferðataska í Geysi í Aðalstræti. Til dvalarinnar var valinn hentugur fatnaður, svo sem gallabuxur, skyrtur, peysur, nærföt og sokkar til skiptanna, ásamt vettlingum og húfu. Skóplögg voru vaðstígvél, gúmmiskór (þessir tékknesku með hvíta botninum) og strigaskór

sem náðu upp á ökkla, einnig frá Tékkóslóvakíu, og svartir með hvítum botnum og reimum. Þessi fótabúnaður þótti bráðnaðsýnlegur í sveitina. Einnig voru í farangrinum sokkahlífar, gerðar úr þunnu leðri. Í þær var farið utan yfir ullarsokkana og síðan farið í gúmmiskóna. Þannig slitnaðu sokkarnir minna og svo gekk maður í sokkahlífum innandyr og þurfti því enga inniskó. Þar sem ég var eyrnabólgbarn var ég látinn taka með mér eyrnaskjól til að þurfa ekki að vera með húfu niður fyrir eyru alla daga. Ekki þurfti ég að hafa með mér sæng, koddar, rúmföt og handklæði. Tannbursti og tannkrem var helsta snyrtivaran og lofaði ég ömmu hátiðlega að burstu tennurnar á hverju kvöldi áður en ég færi að sofa. Það loford efndi ég, þótt fólkinu á bænum þætti þetta skrytinn síður, en það notaði hvorki tannbursta né tannkrem.

Einnig var ég með Nivea-krem til að bera á andlit ef ég sólbrynni. Svo lét ég að sjálfsögðu snoða mig fyrir sumardvölinu, burstaklipning var það sem gildi. Myndavél var með í förinni. Pabbi gaf mér kassavél, sem hann hafði fengið í feringargjöf. Hún var merkt ljósmyndavörversluninni Amatör sem var til húsa á Laugavegi 55.

Að morgni 3. júní 1958 lagði ég af stað í sveitina. Farið var með rútú sem fór klukkan átta að morgni frá BSÍ við Kalkofnsveg. Foreldrar mínir fylgdu mér niður eftir. Mig minnir að við færum gangandi, þar sem ekki var til bíll á heimilinu og ekki langt að fara, en við bjuggum á Laugavegi 58b. Við kvöddumst svo við rútuna og ég lagði einn af stað. Ég man að konan sem sat fyrir framan mig var Margrét Guðmundsdóttir (1903–1988), húsfreyja á bænum Á á Skarðsströnd, og held ég að hún hafi verið beðin um að hafa auga með mér á leiðinni. Ferðin vestur tók tólf tíma.

Fyrst var stoppað eftir tvo tíma í Hvalfirði, síðan í Borgarnesi og Búðardal auk nokkurra annarra staða sem ég kann ekki að nefna, en þá var verið að henda út pósti, pökkum og farþegum. Ég man að ég var ekki bílveikur á leiðinni, en ég hafði hálfkvíðið fyrir því, og ekki man ég eftir að ég hefði áhyggjur af öðru hvað varðaði ferðalagið.

Um klukkan átta um kvöldið stansaði rútuna svo á Hnúki, en þar var Póst og símstöð. Jóhannes Sigurðsson (1908–1984), hreppstjóri á Hnúki, skutlaði mér síðan niður í Langeyjarnesi sem er næsti bær, líklega þrír til fjórir km á milli.

Þegar ég kom niður í Langeyjarnesi var mér vel tekið, þó



Elín Elimundardóttir mjólkar Ljómalind utan við túnhliðið í Langeyjarnesi í ágúst 1960.

Mynd / Egill Kristbjörnsson,



Elín Elimundardóttir mjólkar Ljómalind utan við túnhliðið í Langeyjarnesi í ágúst 1965. Kýrin gæðir sér á fódurbæti. Elín klæðist sérstökum utanyfirflíkum við mjaltirnar: mjaltapílsi og mjaltatreyju, og ber skuplu.

Mynd / Egill Kristbjörnsson,

Þar væri mikið um að vera því Elín, nýja húsmóðirin mín, var að sjóða hval í þvottapottinum sem kyntur var með mó. Á þessum árum fór hvalbíll frá Hvalstöðinni í Hvalfirði um hérað og seldi bændum hval. Hvalbillinn hafði farið um daginn áður en ég kom. Ég gleymi aldrei fýlunni af hvalsuðunni, hélt að svona yrði lyktin alltaf í bænum.

Samskiptin við mömmu og pabba voru bréfléiðis. Ég skrifaði tvö til þrjú bréf yfir sumarið og fékk senda pakka með smá sælgæti, stundum ávöxtum, og teiknimyndablöðum, ásamt bréfi. Aldrei var hringt, enda randýrt, nema þegar leið að hausti og verið var að skipuleggja ferð til að sækja mig í sveitina, sem var heilmikið ferðalag. Pabbi átti ekki bíl en fékk lánaða bíla hjá vinum sínum. Oftast var það bíll sem Guðmundur Jónasson rútbílstjóri átti, en þeir voru ævivilnir.

Vinnuframlag

Þar sem ég var eina barnið á bænum var ekki um neina verkaskiptingu að ræða. Öll störfin voru jafngild hvað mig varðaði. Hins vegar var verkaskipting milli hjónanna skýr. Jóhannes tók engan þátt í innanhússverkum og fór aldrei í fjósið. Elín vann og stjórnaði öllu innanstokks og vann sum verk utanhúss, tók í hrifu þegar heyannir voru mestar, mjólkaði nær alltaf og tók þátt í dúnhreinsuninni. Hún vann aldrei verk utan heimatúnsins. Bergur gekk hins vegar í flest verk foreldra sinna.

Ég vaknaði venjulega um svipað leyti og annað heimafolk, man ekki til þess að ég væri vakinn, líklega var ég frekar morgunsprækur. Ég get ekki sagt að mér fyndist ég þurfa að vinna mikið, þótti yfirleitt gaman að taka þátt í verkunum með öðru heimilisfólki eftir því sem getan leyfði. Ég minnst þess ekki að hafa þurft að vinna meira en góðu hófi gegndi.

Mitt fyrsta verk var að reka kýrnar á morgnana eftir mjaltir. Ég þurfti aldrei að sækja þær á morgnana þær voru alltaf við túnhliðið og þar voru þær mjólkaðar nema veður væri mjög vont.

Kúahjörðin var ekki stór. Forustukýrin Hryggja gamla og Svört ásamnt kvígunum Lukku og Ljómalind, einum veturgömlum tudda og tveim kálfum. Kúareksturinn var alltaf mjög auðveldur því Hryggja gamla, sem stjórnaði hjörðinni, var oftast á leiðinni eða komin heim til að láta mjólka sig á réttum tíma á kvöldin. Eftir að Hryggju var lógað tók



Jóhannes Jónsson brýnir vasahníf framan við Hvíta húsið í Efri-Langey í ágúst 1965.

Mynd / Egill Kristbjörnsson



Elín Elimundardóttir í sínu fínasta þússi á bæjarhólnum í Langeyjarnesi í ágúst 1959. Gamli bærinn í baksýn.

Mynd /Kristbjörn Egilsson

Ljómalind við forustunni. Kúasvipa fylgdi kúrekaembættinu. Bergur tálgaði til bút úr hrífuskaftri, skar í hann fangamarkið mitt og á fremri endann var borað gat og í það bundinn reipisspotti. Með svipunni var hægt að gera hvin til að hvetja kýrnar áfram. Einnig var mér kennt að nota skaftið til að ýta á síðuna á kúnum og þá beygðu þær í þá átt sem kúasmalinn vildi.

Kýrnar voru aldrei barðar með svipunni, enda voru þær vinkonur mínar og söng ég oft fyrir þær. Einnig var mér trúað fyrir því ábyrgðarmikla verkefni að þvo skilvinduna á morgnana, en því hafði öðrum krökkum á mínum aldri ekki verið trúað fyrir og þótti mér það mikill heiður og vandaði mig mjög við uppvaskið. Meðan á uppvaskinu stóð söng ég stundum nýjustu dægurlögin, en textarnir voru oft birtir í Tímanum og lærði ég þá þær. Ég kann þá flesta ennþá. Ég hafði það einnig til síðs að hella smá kaffitári í rjómahólf skilvundunnar og drekka rjóma blandið.

Stundum fékk ég að skilja mjólkina, en til þess þurfti maður að geta haldið réttum hraða á snúningnum, sem gat verið vandasamt. Smjör var strokkað við og við. Ég fékk að prófa að strokka síðasta sumarið mitt, en það þótti of þungt verk fyrir krakka. Stundum dældi ég vatni úr heimabrunninum í stóra vatnstunnu sem hékk hátt uppi í þvottahúsinu.

Skemmtilegt var þegar kaffibaunir voru brenndar. Þá ilmaði bærinn og síðan var ég stundum látinn mala nýbrenndar baunirnar í litill handkvörn, sem gat verið erfitt fyrir



Flekkur rifjaður framan við gamla bæinn í Langeyjarnesi í ágúst 1969. Frá vinstri Kristbjörn Egilsson, Sara Kristjánsdóttir, Ingigerður Jónsdóttir, Logi Egilsson og Jóhannes Jónsson bóndi. Spýtt selskinn er á bæjarþili. Gamalt refabúr er við bæjarvegginn t.h.

Mynd / Egill Kristbjörnsson



Feðgarnir Bergur og Jóhannes slá há í Langeyjarnesi í ágúst 1969. Fjárhúshlöðupakið ber við himin. Jóhannes klæðist vaðmálsbuxum, þæfðri lopapeysu og er með „hrepstjóraráhúfu“. Bergur er í vinnuslopp.

Mynd / Egill Kristbjörnsson

bæinn og blanda við það mjöli til að gefa hænunum. Þangið þótti gera eggjarauduna rauðari. Öll hænuegg voru seld út í Stykkishólm. Heima voru einungis etin æðaregg, krúeegg og svartbaksegg.

Um sláttinn var ég oft sendur heim í bæ til að sækja drukk fyrir sláttumennina, en það var mysan oft kölluð, sem er afbragðsgóð til að slökkva þorsta ásamt því að vera næringarrík. Ef mysan var búin að standa lengi í kerinu og farin að súrna var hún þynnt með vatni.

Á seinni árum mínum tók ég virkan þátt í dúntekjunni. Ég fór þá með Bergi og tíndi dún í Efri - Langey, einkum þegar farin var hroðaleitin, sem var seinni leitín eftir að allar kollurnar höfðu leitt út, þ.e. yfirgefið hreiðrið og komið ungunum til sjávar. Jóhannes sá um varpið í Langeyjarnesi en ég fór aldrei með honum í það [...].

Mér finnst merkilegt, þegar ég lít til baka, hversu vel var hugsað um öryggi mitt á bænum, þó ég áttaði mig ekki á því þá. Ég fékk aldrei að fara með á minkaveiðar, en þar voru notuð skotvopn, og ég fékk aldrei að skjóta af byssu. Ég fékk ekki að slá með orfi og ljá, nema aðeins að prófa undir eftirliti þegar ég var á tólfta ári. Ég fékk heldur ekki að fara með þegar vitjað var um selanet. Ég fór heldur aldrei einn að sækja vatn í brunninn. Þá var ég aldrei sendur einn út í Efri-Langey, þó að ég rataði leiðina vel, en þangað var hægt að ganga á fjöru. Ástæðan var sú að þegar byrjaði að falla að varð straumurinn í Pokarífi eða Þröskuldunum sterkur og vaðið dýpkaði fljótt.

Búskaparhættir

Búskaparhættir voru að mestu leyti eins og þeir voru stundaðir á 19. öld og á fyrri hluta 20. aldar. Heimatúnið var lítið og mishæðótt. Búið var að slétta það mestallt, en skákirnar voru fremur litlar og sumar varla véltækar. Allar skákirnar höfðu sitt nafn. Dæmi: Hlaðvarpinn, Sjónarhóll, Hesthúsballi og Fjárhúslöt. Hluti

túnsins var í lægðum þar sem hafði verið mýri og var hún ræst fram með handgröfnum skurðum, sem bæði voru mjóir og grunnir, en dugðu þó. Snemmsumars skartaði hófsóleyin gulum blómum í sumum skurðanna, en hvítur kollur klóffunnar gladdi augað í ágúst.

Á vorin, oftast áður en ég kom vestur, var borinn kúaskítur og stundum sauðatað á hluta túnsins, einkum harðbala, t.d. við Bæjarhólinn. Ég man að eitt vorið sáum við Elín um að raka skítinn af túninu, eftir að það hafði verið slóðadregið. Ekki þótti gott að láta skít blandast við heyið. Þetta var kalt vor og við kappklædd við verkið, en karlarnir voru að veiða mink og nutu aðstoðar hundsins Hjeppa.

Fyrsta sumarið mitt var engin dráttarvél á bænum. Þá fékk Jóhannes Gest á Ormsstöðum eða Ólaf Kristjánsson, bónda á Melum, sem var næsti bær, til að slá það sem véltækt var af túninu. Annað var slegið með orfi. Ólafur á Melum, en hann var mágur Elínar, brá búi haustið 1961 og þá keypti Jóhannes gráa Fergusoninn af honum og dráttavélaöldin hóf innreið sína í Langeyjarnes. Bergur sá alveg um traktorinn. Jóhannes kom aldrei nálægt honum. Jóhannes bar hins vegar ábyrgð á ljósavélinni og mátti enginn annar þar nálægt koma. Ljósavélarskúrinn var ávallt læstur og geymdi húsbóndinn lykilinn.

Jóhannes sló með orfi mest af heimatúninu sem ekki var véltækt, en Bergur sló allt túnið í Efri-Langey einn, með orfi, enda ekki hægt að koma dráttarvél út í eyjuna. Fyrsti sláttur var alltaf á flötinni milli bæjarhlaðsins og sjávar. Reynt var að byrja slátt þegar von var á þurrki og ég held að reynt hafi verið að byrja hann á laugardegi til lukku. Síðan var nýslegnu grasinu dreift úr sláttumúgunum og búnir til flekkir. Töðunni var síðan snúið og flekkurinn rifjaður með hrífum.

Þurrt heyið var síðan tekið saman. Það var saxað í fang og borið upp í litla galta. Hæra úr striga, eða gömlum strigapokum, var sett á topp galtanna. Í horn hærunnar var bundið snæri og á festir steinar til að koma í veg fyrir að hæran fyki. Galtarnir voru látnir standa nokkurn tíma á túninu, til að síga og þéttast, en þegar færi gafst var kaðall lagður

kringum galtann og dráttarvél dró hann heim í fjóshlöðu.

Heyið úr Efri-Langey var bundið í sátur. Notuð voru hefðbundin reipi, annaðhvort úr kaðli eða hrosshárum, ásamt tögum og höglum. Síðsumars voru sáturnar fluttar heim með bátum og heyið sett í fjárhúshlöðuna, en fjárhúsin voru nálægt lendingunni.

Oft var há slegin á hluta heimatúnsins eftir miðjan ágúst. Þá var stundum farið og slegið brok (klóffifa) og gulstör í Grafarflóa. Útheyið var sett ofan á góðu töðuna í fjóshlöðunni til hlífðar.

LESENDABÁS

Sorporka – Tillögur skoðaðar um allsherjarlausn sorphirðumála landsmanna:

Fullkomin sorpbrennslustöð verði reist til orkuframleiðslu á Vestfjörðum

– Í takti við tilskipun EES um að ekki megi urða meira en 10% af sorpi árið 2030

Sorphirða, það er að segja móttaka og förgun úrgangs frá heimilum og iðnaði, hefur reynst sveitarfélögum á Íslandi erfitt viðfangsefni. Ekki er svo langt síðan, að öllu sorpi var ekið á sorphauga í nágrenni byggðar. Þar hrúgaðist það upp, og reynt var að brenna það sem hægt var. Af þessu stafaði mikil mengun. Bæði loftmengun vegna brunareyks og útgufunar ýmiss konar lofttegunda svo og jarðvegs- og grunnvatnsmengun frá haugunum sjálfum.

Þegar umhverfisráðuneyti var stofnað á Íslandi í febrúar 1990, voru sorphirðumál landsmanna í miklum ólestri og förgun sorps langt að baki því sem gerðist í nágrennalöndum okkar og flestum vestrænum ríkjum. Töluvert hefur áunnist í þessum efnunum síðan þá. Munar þar mest um tilkomu Sorpu 1991, byggðasamlags sveitarfélaganna sex á höfuðborgarsvæðinu um móttöku og förgun sorps með kerfisbundnum og umhverfisvænni hætti en áður.

Evrópusambandið samþykkti nýlega tilskipun (9. júní 2016) sem gerir ráð fyrir, að 2030 megi sveitarfélög á Evrópska efnahagssvæðinu ekki urða meira en sem nemur 10% af tilfallandi úrgangi. Jafnframt er gert ráð fyrir, að um 65% sorps skuli endurunnið. Samkvæmt upplýsingum frá Umhverfisstofnun mun þessi tilskipun brátt fá ígildi reglugerðar á öllu evrópska efnahagssvæðinu og taka því gildi á Íslandi. Sveitarfélögin fá þannig einhvern frest, ekki mjög langan, til þess að urða ekki meira en sem nemur 10% af úrgangi.

Tillögur til úrbóta

Mörg sveitarfélög ásamt Fjórðungs-sambandi Vestfjarða hafa um nokkurt skeið verið að athuga tillögur um allsherjarlausn sorphirðumála landsmanna, sem Bragi Már Valgeirsson, vélfræðingur, Stefán Guðsteinsson, skipatækni-fræðingur og Júlíus Sólmes, prófessor emerítus, settu fram í skýrslu snemma árs 2017. Verkfræðistofan Verkis hefur einnig komið að þessu verkefni. Í skýrslunni er lagt til, að byggð verði fullkomin sorporkustöð við Ísafjarðardjúp, hugas-lega í Bolungarvík, sem taki á móti



Sorporkustöðin á Amager, ekki langt frá Óperuhúsinu í Kaupmannahöfn. Hún var tekin í notkun í apríl 2017 og þýkir ein fullkominasta stöð sinnar tegundar í Evrópu. Á veturna er skíðabrekka ofan á þaki stöðvarinnar til ánægju fyrir Kaupmannahafnarbúa.

Mynd / B&W Vølund.

80–100 þúsund tonnum af brenn-
anlegum úrgangi frá öllum sveitar-
félögum landsins.

Sorporkustöð

Stöðin yrði mjög tæknilega fullkomin, byggð skv. ströngustu reglum Evrópusambandsins í líkingu við þær stöðvar, sem nýlega hafa verið teknar í notkun á Norðurlöndunum, m.a. á Amager nærri miðborg Kaupmannahafnar (sjá mynd). Um er að ræða háhitabrennslu (um 1100 til 1200°C) með mjög fullkomnum mengunarvarnabúnaði, þannig að loftmengun er nánast engin.

80 þúsund tonna stöð á Vestfjörðum mun framleiða um 7,5 MW af raforku og 23 MW af hitaorku, eða um 260 gígavattstundir af orku á ári. Með henni færi raforkuþörf Vestfirðinga um Vestfjarðalínu úr 150 MW/klst í u.þ.b. 15 MW/klst á ári miðað við óbreytt ástand, en næg hitaorka yrði til húshitunar í byggðarlögum við Djúp, og til margs konar atvinnustarfsemi. Stöðin kæmi til með að veita um 15 manns atvinnu, og að auki yrði um önnur afleiðd störf að ræða. Talið er að stöðin muni kosta um 10 milljarða

króna með tengdum mannvirkjum, skip og hafnaraðstaða um 6 milljarða króna, þannig að heildarkostnaður þessa verkefnis gæti numið 16 milljarðum króna. Næsta skref verður að gera nákvæmar rekstrar- og kostnaðaráætlanir, þannig að hægt verði að taka ákvörðun um þessa framkvæmd á traustum grunni.

Við brennslu á sorpi í háhitaoftum, þar sem hitastig er um og yfir 1100°C, eyðast öll lífræn efni. Úrgangur sem venjulega er ekki gott eldsneyti, eins og t.d. hræ og sláturhúsaúrgangur, verður nothæft brennsluefni við þessar aðstæður, þegar mesta vatnsefnið er farið, en í honum er mikil fita og trefjar sem brenna vel. Annar brennanlegur úrgangur skilur eftir sig skaðlaus steinefni sem liggja eftir á brunaristinni og nota má sem fyllingarefni við byggingarframkvæmdir. Nokkuð magn af finösku verður til við brennsluna. Hafa Norðmenn viljað taka á móti henni. Það sem fer upp með reykgasinu er leitt gegnum margs konar hreinsisíur, sem skilja frá efni eins og þungmálma og önnur eiturefni. Þess ber að geta, að ekkert „díoxín“ lifir af brennslu við hitastig sem er yfir 800°C.

Það sem eftir verður á brunaristinni, eru að langmestu leyti skaðlaus steinefni sem geta nýst í uppfyllingar hvar sem er, til dæmis í vegagerð eða húsagrunna. Það sem kemur frá hreinsibúnaðinum, sem fjarlægir finöskuna og önnur óæskileg mengandi efni úr reykgasinu, er sekkjað sérstaklega og sent úr landi (til Noregs). Þessi búnaður notar mikið af kalki við hreinsunina, en úrganginn frá honum er hægt að nota í allskonar iðnaði, til dæmis til að eyða sýrum, lækka sýrustig og einnig sem bindiefni í malbik.

Sumir halda að sorporkuver þurfi olíu, rafmagn eða gas, til þess að halda sér gangandi. Svo er ekki. Ofninn brennir sorpið án utanákomandi eldsneytis, þ.e. hann gengur eingöngu á því sorpi, sem lagt er á brunaristina. Þegar ofninn er ræstur í upphafi og síðan einu sinni á ári vegna viðhalds og þjónustu (þá er slökkt á þeim), eru sérstakir brennarar notaðir til að hita ofninn upp aftur, sem getur tekið 15–24 klst. Þegar ofninn er orðinn 800 gráðu heitur, er slökkt á brennurunum, og

ofninn hitar sig síðan sjálfur (með sorpbrennslunni) upp í kjörhita, u.þ.b. 1100°C.

Sorpflutningar

Allt sorp og allur úrgangur fyrir utan gler og steinefni, sem nota má í uppfyllingar, yrði flutt frá flokkunarstöðvum sveitarfélaga í gámum til næstu hafnar. Gámarnir yrðu síðan fluttir með tveimur sérútbúnum gámaskipum frá öllum aðgengilegum höfnum umhverfis landið (25–30 talsins) til áfangastaðar, brennanlegur úrgangur til sorporkustöðvar, en annað til móttökustöðva fyrir t.d. málma og endurvinnslu. Skipin gætu einnig flutt hvers konar annan varning í gámum milli hafna, meðal annars olíu og benzín ásamt frystigámum (fiskafurðir).

Skipin þurfa að vera frekar grunnrist til að geta lagst að bryggju á minni stöðum, þar sem aðdýpi er lítið. Þau verða útbúin með stórum krana, þannig að ekki sé þörf fyrir mikla landaöstöðu (krana) til að umskipa gámum í hverri höfn. Skipin geta því komið og farið hvenær sem er sólarhringsins og áhöfn þeirra afgreitt sig að mestu sjálf. Skipin er hægt að gera mjög umhverfisvæn. Þau verða knúin með þremur aflvélum, sem gætu notað lífrænt gas, t.d. metan að hluta eða öllu leyti. Til fróðleiks má geta þess, að öll fyrirhuguð metanframleiðsla Sorpu í Álfsnesi mun rétt nægja til þess að knýja eina vél í hvoru skipi.

Með skipunum mætti taka upp almenna strandflutninga á nýjan leik. Það myndi hafa veruleg jákvæð umhverfisáhrif, þar sem t.d. losun koltvíoxíðs er talin sjö sinnum minni við að flytja eitt tonn af varningi einn kílómetra sjóleiðina en landleiðina með flutningabílum. Einnig myndi slit á þjóðvegum landsins minnka verulega, en einn stór flutningabíll er talinn valda sambærilegu sliti á vegum landsins og 9000 einkabílar.

Að lokum er rétt að nefna aðrar helstu mögulegar lausnir á förgun á þeim úrgangi, er ekki verður endurnýttur eða telst nothæfur til endurvinnslu. Það er vart raunhæft, að endurvinnna 65% af úrgangi á Íslandi. Svo fámenn þjóð getur ekki ráðist í mikinn endurvinnsluðnað. Í lögum um meðhöndlun úrgangs frá 2003 með áorðnum breytingum

er eftirfarandi forgangsöröðun um förgun hans: 1) Dreigið skal úr myndun úrgangs (með öllum tiltækum ráðum), 2) endurvinnsla, 3) lífræn vinnsla, 4) endurnýting, m.a. með orkuvinnslu, og að síðustu 5) urðun. Að lokum er í þessari lagagrein ákvæði, sem segir, að vikja megi frá þessari forgangsöröðun út frá hagkvæmnisjónarmiðum (endurvinnsla óhagkvæm!).

Moltugerð (3) er alltaf möguleg eftir vandaða flokkun. Moltugerð er frekar viðkvæmt ferli, og verður að vanda til verks, en rétt er að taka fram, að moltugerð getur verið æskileg aðferð samhliða öðrum lausnum.

Lífræn orkuvinnsla (3). Það að vinna lífrænt eldsneyti eins og metan úr lífrænum úrgangi, t.d. úr heimilissorpi og sláturhúsaúrgangi, hefur sýnt sig vera góð lausn, þar sem næg aðföng eru af úrgangi sem henta til vinnslunnar. Þó er bannað að nota margvislegan lífrænan úrgang til slíkrar vinnslu. Ber þar helst að nefna alla taugavefi úr klaufdýrum, og öll sýkt dýr sem hefur verið slátrað. Hér sem fyrr er spurning um hagkvæmni. Metanvinnsla í fámennum byggðarlögum getur varla verið raunhæf.

Að þessum aðferðum ólöstuðum hefur fullkomin sorpbrennsla náð hvað mestri útbreiðslu í flestum ríkjum Evrópusambandsins og raunar mjög víða um heim allan. Ástæðan er sú mikla varmaorka sem skapast í brunafærlinu og hægt er að nýta. Þá er umtalsverð raforka framleidd í slíkum stöðvum. Nútíma sorporkuver eru hvað minnst mengandi miðað við allar aðferðir við að eyða eða farga sorpi. Og skipaflutningar á sorpgámum hafa umtalsvert minni mengun í för með sér en flutningar á þeim landleiðina. Það sem kemur upp um reyksháfinn frá slíkum orkuverum eru einungis vatnsgufur og koltvíoxíð (CO₂). Þess ber að geta, að allar aðferðir við eyðingu lífrænna efna, sem innihalda koltvíoxíð, skila frá sér sama magni af því við eyðingu. Einnig er vert að nefna, að umframhitaorku í slíkum orkuverum er hægt að nýta til þess að safna saman CO₂ frá útblæstrinum, koma því á fljóttandi form, setja það á þrýstikúta og nota til dæmis í gróðurhúsum.

Evrópusambandið gerir þá kröfu, að sé sorpi eytt með brennslu í sorporkuverum, verður að selja 75% af þeirri orku sem framleidd er, til þess að starfsemin falli undir flokkinn endurnýting. Ef ekki fer sorporkuverið í flokk 5, þ.e. verður lægst í forgangsöröðuninni.

Það er nokkuð ljóst, að erfitt verður að bregðast við hinum nýju reglum ESB, um að aðeins 10% úrgangs verði urðaðir eftir 2030. Gera má ráð fyrir, að margir urðunarstaðir muni verða notaðir áfram einhver ár fram yfir 2030, þar sem víðast hvar er ekki farið að vinna að öðrum viðurkenndum lausnum.

Að byggja fullkomna sorporkustöð á Vestfjörðum, þar sem orkuskortur hefur verið viðvarandi og leysa sorphirðuvandamál landsmanna í leiðinni, svo að ekki sé talað um að koma strandflutningum á að nýju og losa vegakerfið við talsverðan hluta af þungaflutningunum, hlýtur að vera áhugaverður kostur.

Bragi Már Valgeirsson,
Júlíus Sólmes
Stefán Guðsteinsson

Nýr vörulisti kominn í hús

praxis
...Þegar þú vilt þægindi

Við sendum vörulistann heim þér að kostnaðarlausu



Mikið úrval af fatnaði sem þolir hátt hitastig í þvotti, ótrúlega góð efni.

Bonito ehf. • Praxis • Faxafen 10 • 108 Reykjavík • sími 568 2870 • www.praxis.is
Opíó mán. og mið. 11-17, fim. 16-18.

AUÐLINDIR & UMHVERFISMÁL

Hvert er ástand gróður- og jarðvegsauðlindanna?

Bekking á ástandi gróður- og jarðvegsauðlindanna og skilningur á því hvaða þættir hafa áhrif á ástandið er forsenda fyrir ábyrgri nýtingu. Nauðsynlegt er að fylgjast með ástandinu svo hægt sé að komast að því hvort breytingar eigi sér stað, ákvarða hvaða þættir það eru sem ráða þar mestu og grípa til viðeigandi aðgerða ef þörf krefur.

Að frumkvæði Landssamtaka sauðfjárbænda var kveðið á um það í búvörusamningum sem undirritaðir voru 2016, að 300 milljónir króna yrðu lagðar í sérstakt 10 ára verkefni til að vakta og meta ástand gróður- og jarðvegsauðlinda landsins. Gengið var frá samningi um verkefnið í mars 2017 á milli Landssamtaka sauðfjárbænda, Landgræðslu ríkisins, atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins og Bændasamtaka Íslands.

Mat á ástandi landsins tilbúið í lok árs

Landgræðslu ríkisins var falin yfirumsjón með verkefninu en jafnframt skipaði sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra fimm manns í faghóp, undir formennsku fulltrúa Landssamtaka sauðfjárbænda. Verkefnið fékk nafnið GróLind og er markmið þess að gera reglulega heildarmat á ástandi gróður- og jarðvegsauðlinda landsins og þróa sjálfbærnivísa fyrir nýtingu auðlindanna. Ýmsar upplýsingar sem lúta að þessu eru til og er áætlað að í lok árs 2018 verði tilbúið mat á ástandi landsins á grófum kvarða byggt á þeim gögnum. Skipulögð vöktun á ástandi auðlindanna hefst árið 2019, en verið er að þróa aðferðafræði þeirrar vöktunar.



Að frumkvæði Landssamtaka sauðfjárbænda var kveðið á um það í búvörusamningum sem undirritaðir voru 2016, að 300 milljónir króna yrðu lagðar í sérstakt 10 ára verkefni til að vakta og meta ástand gróður- og jarðvegsauðlinda landsins.

Mynd / Áþ

Samstarf er lykillinn

Lykillinn að verkefninu GróLind er samstarf. Margir aðilar ráða nú þegar yfir upplýsingum um ástand lands og eru að safna frekari upplýsingum á því sviði. Mikilvægt er að þessar upplýsingar séu samþættar til að gera verkefnið hagkvæmara og koma í veg fyrir óþarfa skörun. Þá er mikið lagt upp úr góðu samstarfi við alla hagsmunaaðila, m.a. landnotendur, fjallskilaneindir, sveitarfélög, svo og við vísindasamfélagið og opinberar stofnanir. Þannig er tryggt að verkefnið nýtist sem best til að bæta landnotkun; það sé byggt á traustum vísindalegum grunni og unnið á skilvirkan hátt.

Vöktun á ástandi auðlindanna

Til að þekkja ástand auðlindanna og vita hvort þær eru í fram- eða afturför (hnignun), er nauðsynlegt að meta ástand þeirra reglulega og á skipulagðan hátt. Einnig þarf að leita skilnings á því hvernig mismunandi þættir, t.d. nýtingar- og umhverfisþættir hafa áhrif á ástandið. Í verkefninu verður ástand vistkerfanna vaktað með notkun fjarkönnunargagna frá drónum og gervitunglum, í neti fastra mælireita og með einföldum punktamælingum. Leitað verður til bænda og annarra landnotenda um að gera einfalt ástandsmat. Skipulag vöktunarinnar verður

unnið í samstarfi við aðrar stofnanir sem vakta náttúru Íslands og niðurstöður samræmdar og samnýttar þar sem það á við.

Áhersla á afreittir og úthaga

Verkefnið mun ná til alls landsins en í upphafi verður lögð áhersla á að meta ástand afrétta og úthaga. Eitt af fyrstu verkefnum GróLindar er að kortleggja mörk þeirra til að hægt sé að leggja betra mat á landnýtinguna. Nú þegar er byrjað að afla upplýsinga hjá m.a. bændum og fjallskilaneindum um hvar sauðfé gengur og hvar eru stór óbeitt svæði. Þessum upplýsingum hefur ekki áður verið safnað á

markvissan hátt. Gert er ráð fyrir að kortlagningunni ljúki vorið 2019.

Er landnýting sjálfbær?

Við þróun einfaldra vísa til að meta sjálfbærni landnýtingar er nauðsynlegt að hafa skilning á áhrifum mismunandi landnýtingar á uppbyggingu og virkni vistkerfa. Í verkefninu er stefnt að því að auka þennan skilning með því að a) tengja saman niðurstöður vöktunar og landnýtingar b) safna saman þeirri þekkingu sem þegar er til staðar og c) auka þekkingu með rannsóknum. Þegar eru hafnar rannsóknir til að m.a. skoða beitaratferli sauðfjár í sumarlögum og fylgjast með því hvort og þá hvernig gróður þróast með mismunandi hætti á beittu og friðuðu land.

Hvaða vinnst með GróLind?

Þau gögn sem safnast í GróLind verða opin og öllum aðgengileg. Niðurstöður verkefnisins munu gefa yfirlit um ástand auðlindanna og breytingar á þeim. Jafnframt verða þróaðir mælikvarðar (sjálfbærnivísar) sem nýta má til að leiðbeina um landnotkun. Þannig sé tryggt að sú mikilvæga auðlind sem felst í gróðri og jarðvegi rými ekki og verði áfram uppspretta margvíslegra gæða fyrir komandi kynslóðir.

Frekari upplýsingar um verkefnið er að finna á grolind.is.

F.h. starfshóps Landgræðslu ríkisins um GróLind, Bryndís Marteinsdóttir (verkefnisstjóri) og Sigprúður Jónsdóttir.

LESENDABÁS

Landbúnaðurinn skotinn úr hendi stjórnarráðsins 2007

Nokkrir áhrifamenn hafa verið að velta fyrir sér stöðu og áhrifum landbúnaðarins og hversu öll umgjörðin bæði í stjórnarráðinu og félagskerfi bænda virðist hafa veikt á síðustu árum. Höfum samt eitt á hreinu að núverandi forystumannum bænda og nýr landbúnaðarráðherra, Kristján Þór Júlíusson, eru ekki viðriðnir þessar miklu kerfisbreytingar sem ég tel að hafi verið skaðlegar fyrir málefni bænda og landbúnaðarins.

Ég tel eitt stærsta verkefnið meðal forystumanna bænda nú vera að leita leiða til að laga þessa stöðu í samræði við stjórnmalamenn, þar eru ráðherrarnir Kristján Þór Júlíusson, Bjarni Benediktsson, Sigurður Ingi Jóhannsson og Katrín Jakobsdóttir lykilmenn ásamt alþingismönnum úr öllum flokkum.

Landbúnaðurinn smátt og smátt settur í rassvasabókhald

Ég tel að landbúnaðurinn hafi smátt og smátt verið settur í rassvasabókhald með stjórnarráðsbreytingunum miklu árið 2007. Þá tók við völdum ríkisstjórn Geirs H. Haarde og Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur en þá var tekið að hræra einhliða í stjórnarráðinu með óljósum tilgangi. Þá var ákveðið meðal annars að setja í eitt ráðuneyti landbúnað og sjávarútveg.

Sigurgeir Þorgeirsson, þá framkvæmdastjóri Bændasamtakanna, var gerður að ráðuneytisstjóra hins nýja ráðuneytis, vænn og öflugur maður landbúnaðarins. Hann átti að vera svona smá brjóstsykur í muninn á bændum sem sýndu góðan vilja. Síðan komu kerfisbreytingar frá ESB sem kröfðust breytinga á

félagskerfi bænda, með afleitum afleiðingum.

Landbúnaðurinn hornreka í ráðuneytinu

Ég og fleiri vörudum við þessari stefnumörkun á Alþingi 2007 og gagnrýndum þessa breytingu hart á þeirri forsendu að þessir mikilvægu atvinnuvegir ættu ekki vel saman í einu ráðuneyti, afleiðingin yrði sú að landbúnaðurinn yrði hornreka. Sjávarútvegurinn, með þeim stærstu sinnar tegundar í veröldinni en hinn, þ.e. landbúnaðurinn, smár í sniðum.

Sjávarútvegurinn og kvótakerfi hans er umdeilt og alltaf uppi harðvítugar deilur um þennan mikilvæga atvinnuveg.

Landbúnaður á Íslandi er mjög einstakur og var í mjög góðri stöðu þá meðal þjóðarinnar, og þjóðin styður enn sinn góða landbúnað. Landbúnaðurinn er styrktur hér sem annars staðar en sjávarútvegurinn sterkur hér án allra styrkja, en nýtur styrkja víðast í Evrópu.

Landbúnaðurinn hefði farið betur með t.d. samgöngu- og byggðamálum eins og í tíð landbúnaðarráðherranna Ingólfs Jónssonar, Halldórs E. Sigurðssonar, Steingríms J. Sigfússonar og Halldórs Blöndals. Að auki voru hrein landbúnaðarverkefni færð annað eins og Skógrækt og Landgræðsla undir umhverfisráðuneyti, en hvort tveggja tilheyrir landbúnaðarmálum um víða veröld.

Landbúnaðarháskólarnir á Hvanneyri og Hólum voru



Guðni Ágústsson.

settir í menntamálaráðuneytið, Rannsóknarstofnun landbúnaðarins (RALA) var sömuleiðis færð frá atvinnuveginum, vísindin og rannsóknirnar, sem eru grunnur framfara í landbúnaði.

Búnaðarstofan sett undir MAST, hvers vegna?

Ekki batnaði staða landbúnaðarins og bænda þegar nýja Búnaðarstofan eða stuðningskerfi landbúnaðarins, fjöreggið, var sett undir Matvælastofnun, eftirlitsstofnun ríkisins, þegjandi og hljóðalaust. Nú heyrja stuðningsgreiðslur bænda og hagtölusöfnun landbúnaðarins, og svo margt, margt fleira undir þessa stofnun, sem er komin langt út fyrir sitt fagsvið.

Búnaðarstofan hefði átt að vera sjálfstæð stjórnsýslustofnun og heyrja beint undir ráðuneyti landbúnaðarmála.

Mikill vafi er á því hvort þetta fyrirkomulag stenst góða stjórnsýsluhætti þar sem illa fer saman að hafa eftirlit með bændum og á sama tíma greiða þeim stuðningsgreiðslur.

Að mínu áliti er mjög brýnt að breyta þessu fyrirkomulagi án tafar því með þessu eru hagsmunir bænda fyrir borð bornir.

Svo má ekki gleyma því að ríkisstjórn Jóhönnu Sigurðardóttur og Steingríms J. Sigfússonar steig nýtt risaskref og bjó til atvinnuvegaráðuneytið og bætti við málaflokkum og hengdi svo einn ráðuneytisstjóra yfir tvo ráðherra og nokkur ráðuneyti, það stærsta í sögu stjórnarráðsins. Það er skrátin stjórnsýsla, en sýnir kannski best hvernig er komið fyrir stjórnsýslu í landbúnaði, þegar best menntaði embættismaðurinn í þessu risavaxna ráðuneyti, Sigurgeir Þorgeirsson, doktor í búvísindum og sérfræðingur í sauðfjárrækt, var færður úr landbúnaðarmálum og settur yfir feitan makríl sjávarútvegsmeigin í ráðuneytinu.

90% allra matvæla koma frá bændum

Það sjá allir að þessar miklu breytingar gera það að verkum að landbúnaðurinn fær minni og minni athygli ráðherra síns og stjórnvalda og starfsfólks í stjórnsýslunni.

Faglærðu starfsfólki sem sinnir landbúnaðinum hefur fækkar með markvissum hætti og rödd landbúnaðarins innan stjórnarráðsins verður sífellt lágværari – og hverfur að lokum.

Auðvitað mátti breyta einhverju og nýir tímar kalla á breytingar en þessi umbylting öll var óvirding við einn aðal höfuðatvinnuveg landsins; landbúnaðinn, og „Matvælalandið Ísland“.

Munum að 90% allra matvæla koma frá bændum og landbúnaðarráðuneyti er aðalsmerki matvælaþjóðar. Ég kynn timerkri hlið landbúnaðarmála í Noregi á minni tíð sem landbúnaðarráðherra, þar var Per Harald ráðuneytisstjóri. Hann hafði lifað 18 landbúnaðarráðherra og var einstakur embættismaður sem kunnir sitt fag.

Ég tel að gott væri fyrir okkur Íslendinga að kynna okkur stöðu landbúnaðarins í Noregi og reyndar víðar. Málefni landbúnaðarins innan stjórnarráðsins eru ekki í brennidepli lengur og félagskerfi bænda er alltof veikt.

Bændablaðið er vinsælt og mikilvægt sem sverð og skjöldur sveitanna. Bændaforystan og öflugir félagsmálamenn, bæði frá bændum og stjórnámálamönnum, eiga að meta þessa stöðu upp á nýtt, gera það án allra ásakana horfa beint fram og draga nýjar línur í sandinn, með framsækinn og öflugan landbúnað á Íslandi að leiðarljósi. Við eigum frábæran landbúnað og eigum að framleiða sem mest af okkar matvælum í okkar landi.

Guðni Ágústsson fyrrverandi lanbúnaðarráðherra

UTAN ÚR HEIMI



Donald Trump Bandaríkjaforseti hefur þurft að draga í land í yfirlýsingagjöf um að banna mexíkóskum verkamönnum að koma til Bandaríkjanna.

Bandarískir bændur svínbeygja forsetann:

Mega fá farandverkamenn tímabundið frá Mexíkó

Donald Trump Bandaríkjaforseti olli uppnámi meðal þarlandra bænda strax eftir embættistöku sína með háværum yfirlýsingum um að reka ólöglega innflytjendur úr landi og stöðva flóð farandverkamanna yfir landamærin frá Mexíkó. Nú virðist annað hljóð komið í strokkinn í Hvíta húsinu.

Bændur víða í Bandaríkjunum sem stunda ávaxta- og bómullarrækt hafa mjög reitt sig á tímabundna vinnu farandverkafólks og þá einkum frá Mexíkó. Sáu bændur fram á það að lenda í stórkostlegum vandræðum ef forsetinn ætlaði að standa fastur á sínu. Laugardaginn 28. apríl gaf Trump út yfirlýsingu til að friða bandaríska bændur og sagðist vilja heimila fleiri farandverkamönnum (guest workers) að koma til Bandaríkjanna til að hjálpa bændum sem geti verið að bíða tímabundinn skaða af hans eigin áætlunum um að endursemjja við fjölda erlendra samstarfsaðila.

Þetta verður allt í lagi

„Bændur, þetta verður allt í lagi,“ sagði forsetinn á pólitískum fundi sínum sem haldinn var skammt norður af Detroit.

„Við munum leyfa ykkar farandverkamönnum að koma til landsins.“

Þetta kann að virka eins og köld gusa í andlit harðlinumanna í innflytjendamálum í Bandaríkjunum. Mánuðum saman hefur forsetinn og ráðgjafar hans í Hvíta húsinu rembt eins og rjúpur við staur við að endurskrifa innflytjendalögin til að gera það erfiðara fyrir lítt

menntaða verkamenn að koma til landsins.

Ákvörðun Trump nú á að koma í veg fyrir vandræði sem bændur hafa lent í vegna stefnu hans. Fær ódýrt vinnuafl nú náðarsamlegast að koma til landsins samkvæmt H2B visa reglum sem heimilar tímabundna komu til Bandaríkjanna. Segir Trump að það muni ekki skaða bandaríska verkamenn þar sem skortur sé á vinnuafli í landbúnaði.

„Góð atvinnuleysismynd“

„Atvinnuleysismyndin er svo góð, svo sterk, að við verðum að leyfa fólki að koma til okkar,“ sagði forsetinn. „Þeir munu koma sem farandverkamenn, þeir munu koma og þeir munu vinna á ykkar bújörðum... en svo verða þeir að fara,“ sagði Trump.

Vilja útlendinga en vilja samt byggja múrinn

Engu var líkara en margir ættingjar Ragnars Reykás væru á fundinum ef marka má þversagnakennd viðbrögð. Mæltust orð forsetans um heimild til að flytja inn farandverkafólk vel fyrir meðal áheyrenda sem fögnuðu einnig orðum hans um aukið landamæraeftirlit og hrópuðu; „Byggjum múrinn!“ Voru það viðbrögð við áformum forsetans um að reisa múr á landamærum Bandaríkjanna og Mexíkó.

Þegar Trump spurði fundarmenn hvað þeim fyndist um þetta tímabundna leyfi fyrir farandverkamenn uppskar hann klapp og húrrahróp. /HKr.

Bandarískir svína- og sojabændur óttast útflutningshömlur

Nú stefnir í að skelli á verslunarstríð milli Kína og Bandaríkjamanna þar sem amerískir svína- og sojabændur geta farið illa út úr þeim pólitíska leik.

Donald Trump lofaði því í kosningabaráttu sinni að koma á uppgjöri með því sem hann kallar óréttlátar verslunaraðferðir frá meðal annars Kína og í mars lagði hann út á tvístinu að það væri auðvelt fyrir Bandaríkjamenn að sigrast verslunarstríð og telja margir að um beina hótun hafi verið að ræða af hans hálfu.

Bandarísk stjórnvöld hafa gefið út þá viðvörn að þau muni koma á 25% tolli á fjölda kinverskra vara. Nú hafa stjórnvöld í Beijing svarað í sömu mynt. Einn af þeim vöruflokkum sem er mikið flutt út frá Bandaríkjunum til Kína eru landbúnaðarvörur og eru bændur vestanhafs ugðandi yfir þessari þróun.

Bandaríkjamenn flytja inn vörur fyrir 500 milljarða dollara meira en þeir flytja út og sé lítið á samband þeirra við Kína er hallinn á

verslunarjafnvæginu 375 milljarðar dollara.

Kínverjar eru í þriðja sæti yfir þær þjóðir sem borða mest af svínakjöti en aðeins Serbar og íbúar Svartfjallalands eru duglegri við það á hvern íbúa. Í Kína er rúmur milljarður manna sem borðar svínakjöt og því mikilvægur neytendamarkaður fyrir svínabændur. Samtök svínabænda í Bandaríkjunum sem hafa um 60 þúsund meðlimi hræðast að þeirra skjólstaðingar muni verða illa fyrir barðinu á verslunarstríðinu þar sem flutt er út töluvert magn af svínakjöti til Kína.

Kína er þriðji mikilvægasti útflutningsmarkaðurinn fyrir ameríska svínabændur og fyrir sojabændur er Kína mikilvægasti markaðurinn en þeir flytja þangað rúmlega 60% af framleiðslunni sem er að mestu notað í kjúklinga- og svínaframleiðslu í Kína. Stríðið er þó ekki almennilega skolið á ennþá og eiga nú bandarísk stjórnvöld í viðræðum við þau kínversku í von um að ná sanngjörnum samningum milli landanna þar sem allir aðilar verði sáttir við málalok. /ehg

Á FAGLEGUM NÓTUM



Þangtegundin *Asparagus taxiformis* hefur reynst gefa undraverðan árangur við að minnka metangasmyndun hjá jörturdýrum samkvæmt rannsóknum sem gerðar voru í Commonwealth Scientific and Industrial Research í Astralíu og greint var frá í 21. tölublaði Bændablaðsins 2016. Sérfræðingar frá háskólanum í Kaupmannahöfn telja nú að vert sé að rannsaka málið betur og segja ákveðnar gerðir af þangi geta nánast komið í veg fyrir metnalosun nautgripa við jótun.

Fagbing nautgriparæktarinnar í Danmörku 2018 – síðasti hluti:

Er þang framtíðarfóður mjólkurkúa?

Snorri Sigurðsson
snsig@arlafoods.com



Hið árlega fagbing nautgripa-ræktarinnar í Danmörku var haldið um þarsíðustu mánaðamót og fer hér síðasti hluti umfjöllunar um „Kvægkongres“, eins og fagbingið heitir á dönsku. Líkt og undanfarin ár var haldin tveggja daga ráðstefna samhliða aðalfundi kúabænda og var ráðstefnan með 11 ólíkar málstofur.

Í síðustu tveimur blöðum hefur verið fjallað um flestar af þessum málstofum og fer hér síðasti hluti umfjöllunarinnar.

10. Starfsmannastjórnun

Dönsk kúabú eru að jafnaði með þeim stærstu í Evrópu og er meðalbúið nú með rúmlega 200 árskýr. Stækkandi kúabúum fylgir aukinn fjöldi starfsmanna og hefur góð starfsmannastjórn reynst mörgum dönskum kúabændum nokkuð erfið. Sérstaklega á búum sem eru að stækka og breytast úr því að vera bú með einungis fjölskyldumeðlimum yfir í að vera með nokkra ráðna starfsmenn.

Það getur verið vandasamt verk bæði að treysta öðrum fyrir verkunum en einnig að fá starfsfólkið til þess að vera áhugasamt um verkin og var þessi málstofa því sett sérstaklega upp með þetta í huga.

Áhugaverð erindi

Alls voru 6 erindi flutt í málstofnunni og erindi Helle Hein, sem er sérfræðingur og sjálfstæður ráðgjafi í starfsmannastjórnun, var afar áhugavert en hún útskýrði í erindi sínu hvernig atvinnurekendur geta greint starfsmenn sína í fjóra grófa flokka og hvernig best er að ná til og stjórna þessum fjórum starfsmannagerðum ef svo má að orði komast. Hún telur að starfsfólk hafi almennt nokkuð ólíkar þarfir og á meðan sumir nærast á hrósi þá



Helle Hein flutti afar gott erindi um það hvernig bændur geta lært að þekkja mismunandi manngerðir og með þá vitneskju náð meiru út úr sínu starfsfólki.

finnst öðrum það alls ekki jákvætt.

Aðrir telja sig oftast vita allt betur og vilja fara eigin leiðir, þá eru aðrir afar framagjarnir og líta á hvert starf sem stökkpall yfir í eitthvað annað betra og að síðustu eru svo þeir sem hún kallar einfaldlega launþega. Sá flokkur hóps sækir vinnuna einungis til þess að fá launin sín og hafa í raun lítinn áhuga á að sækja fram á við.

Til þess að ná því besta út úr hverjum starfsmanni þarf því, að mati Helle, fyrst að átta sig á því hvernig grunnmanngerð viðkomandi persóna er og síðan móta starfsmannastjórnunina eftir því hvað það er sem örvar og hvetur þann einstakling. Of langt mál væri að útskýra hér nánar hvernig þetta er gert en með því að kynna sér þessa greiningaraðferð telur hún að stjórnendur fyrirtækja geti náð mun betri árangri. Rétt er að geta þess að hægt er að lesa margskonar fróðleik um þessi mál á heimasíðu fyrirtækis Helle: www.hellehein.dk.

Starfsfólk er mismunandi

Íslandsvinurinn Vibeke Fladkær,

sérfræðingur SEGES í bústjórn, flutti einnig mjög gott erindi í þessari málstofu en hún fór svolítið inn á svipaða braut og Helle Hein þ.e. hvernig maður á að nálgast starfsfólk út frá mismunandi forsendum. Hún sagði að algengustu mistök bænda, þegar þeir eru með starfsfólk í vinnu, er að gera ráð fyrir því að viðkomandi starfsmenn dragi sömu ályktanir út frá sömu forsendum og bóndinn. Hver og einn er ólíkur að eðlisfari og því þurfi bændur að vera tilbúnir að stjórna með ólíkum hætti eftir því hvaða starfsmaður á í hlut. Að hennar mati má skipta fólki gróflega upp í fjóra ólíka hópa eftir því hvernig fólk lítur á breytingar:

Hinir hversdagslegu:

Til þessa hóps heyrir 50% fólks og það vill helst að morgundagurinn verði eins og dagurinn í dag og að sem minnstar breytingar verði.

Hinir svartsýnu:

Til þessa hóps heyrir 15% fólk og það vill helst, líkt og hinir hversdagslegu, að sem minnstar breytingar verði en um leið er það heldur svartsýnt á þessa niðurstöðu. Þannig trúá þeir sem



tilheyra þessum hópi að ef afar vel gengur í dag, þá hljóti það að ganga verr á morgun svo dæmi sé tekið.

Hinir óttaslegnu:

Að sögn Vibeke tilheyra 15% Dana þessum hópi og í honum er fólk sem sér miklu frekar neikvæða hluti en jákvæða. Tala um óhöpp eða ófarir og virðast dragast að neikvæðum frekar en jákvæðum þáttum eða umfjöllunum.

Hinir hjartsýnu:

Þá er það síðasti hópurinn og til hans segir hún að 20% Dana tilheyri. Þetta fólk er mjög jákvætt og hjartsýnt og trúir á morgundaginn þar sem það sér tækifæri í hlutum frekar en ógnanir.

Vibeke Fladkær fór svo yfir það hvernig bændur ættu að stjórna fólki sem tilheyrir ólíkum flokkum en fyrsta skrefið væri að gera sér grein fyrir því að fólk er mismunandi. Ef maður gerir það, er maður í raun kominn afar langt og á auðveldara með að takast á við starfsmannastjórnina.

Kostnaður sem fylgir nýráðningum

Af öðrum áhugaverðum erindum í þessari málstofu má nefna erindi þeirra Camilla Louise Bak og Inger-Marie Antonsen en báðar eru þær héraðsráðunautar í bústjórn. Þær beindu spjótum sínum sérstaklega að þeim kostnaði sem fylgir nýráðningum og þjálfun starfsfólks. Flestir bændur þekkja vel kostnaðinn við það að endurnýja í kúastofninum sínum en flestir virðast þekkja til þess kostnaðar sem felst í því að ráða nýtt starfsfólk. Kostnaðurinn er mikið til dulinn en þær stóllur gerðu áheyrendum grein fyrir honum og felst hann í atriðum eins og minni afköstum nýrra starfsmanna í upphafi, aukinni vinnu við að kenna nýju starfsfólki, þekkingartapi þegar reynt starfsfólk hverfur á braut og auknum mistökum vegna vanþekkingar nýs starfsfólks. Þá kostar það einnig töluvert að segja upp fólk en þær færðu rök fyrir því að þegar að þeim tímarpunkti er komið, þá hafi þegar orðið til töluvert tap á búinu þar sem viðkomandi hefur væntanlega dregist aftur úr í afköstum eða vinnugleði – sem svo leiddi til uppsagnar. Þær hafa reiknað út hvað það kostar í raun að skipta um fólk og tóku dæmi um kúabú með 5 starfsmenn. Ef miðað er við að meðallaunin á búinu séu 26.500 danskar krónur á mánuði, eða um 430 þúsund íslenskar krónur, þá kostar það búið í raun rétt rúmlega 2 milljónir íslenskra króna að skipta einum starfsmanni út með öðrum vegna framangreindra þátta. Öll bú geta hins vegar dregið úr þessum mikla kostnaði að þeirra sögn og mæltu þær sérstaklega með því að standa skipulega að sem flestum verkþáttum svo líkurnar myndu minnka á mistökum. Þá væri mikilvægt að vera með skýrar og góðar reglur um vinnubrögð, vinnulag og ábyrgð á einstökum vinnuþáttum. Að nota einhvers konar gæðakerfi eins og t.d. LEAN væri einkar eftirsóknarvert þar sem slíkt kerfi ber með sér bestun á verkferlum og ýtir undir góð vinnubrögð. Þess má geta að hjá RML eru ráðgjafar sem hafa fengið þjálfun í LEAN í Danmörku svo hægt er að leita til þeirra ef einhver vill kynna sér LEAN kerfið nánar.

11. Framtíðarsýnin

Síðasta málstofan á Fagþinginu tók svo sérstaklega á framtíðinni og hvað hún gæti borið í skauti sér og voru alls sjö erindi sem tóku á þessu áhugaverða efni. Tvö þeirra sneru sérstaklega að notkun á fóðri.

Annað tók á því sígilda efni hvort nota ætti fóður sem kæmi frá plöntum sem hefði verið erfðabreytt en erfðabreytt afbrigði bæði af soja, maís og repju eru víða ræktaðar. Þessar erfðabreytingar gera það að verkum að til eru afbrigði af plöntum sem sýkjast síður en aðrar plöntur og einnig eru til sérstök afbrigði sem þola plöntueitur þannig að þegar eitrað er, þá drepst bara illgresið.

Kostir þessara plantna eru, að mati Erik Steen Kristensen sem er sviðsstjóri hjá háskólanum í Árósum, að þær spara verulega þörf fyrir notkun á eitri, draga úr umferð véla um flög með tilheyrandi sparnaði auk þess að uppskeran verður meiri og betri. Gallarnir væru hins vegar m.a. siðferðislegs eðlis, þ.e. hvort stuðla ætti að því almennt í landbúnaði að færa erfðæfni á milli tegunda. Auk þess væri framleiðslan í dag á höndum örfárra stórra alþjóðafyrirtækja sem stýrðu markaðinum og þá sagði Erik ákveðna hættu á því að illgresi myndi þróast í þá átt að þola einnig eitrið með sama hætti og plönturnar og þá væri lítið unnið. Almennt var Erik þó á því að bændur ættu að nota þessi afbrigði þar sem þau stuðluðu að auknum afköstum og draga úr umhverfisáhrifum landbúnaðar. Þá ættu danskir bændur og vísindamenn í auknum mæli að leita leiða til þess að framleiða prótein á eigin ökrum í stað þess að flytja það inn og eiga þessi rök einnig vel við hjá okkur.

Ákveðnar gerðir af þangi geta nánast komið í veg fyrir metanlosun nautgripa

Hitt erindið fjallaði um möguleika á því að nota þang sem fóður fyrir mjólkurkýr en þang getur stórlega dregið úr kolefnisfótspori greinarinnar sem heimaþenginn próteingjafi.

Það voru þrír sérfræðingar frá háskólanum í Kaupmannahöfn sem kynntu þetta áhugaverða efni og ræddu kosti og galla við þangnotkun í fóðri. Þang er afar fjölbreytt að gerð og sumt er próteinríkt en annað ekki. Þá getur þang innihaldið þungmálma, eiturefni og stundum afar mikið af steinefnum svo það er ekki augljóst að hægt sé að nýta þangið beint í kúafóður.

A móti kemur að ákveðnar gerðir af þangi geta nánast komið í veg fyrir metanlosun nautgripa við jórtrun, sem er afar eftirsóknarverður eiginleiki!

Helstu niðurstöður sérfræðinganna voru að það geti falist miklir kostir í þangframleiðslu fyrir nautgriparækt en rannsaka þurfi betur raunverulegt fóðrunarvirði fódurs sem framleitt er úr þangi.

Að lokum er gaman að geta þess að kúabændahluti dönsku bændasamtakanna, L&F, kynnti í þessari málstofu hver staðan væri með stefnumörkun félagsins, en í henni eru lögð afar metnaðarfull markmið sem stefnt er að ná fyrir árslok árið 2020. Stefnumörkunin er afar löng og ekki til neins að fara yfir hana hér í smáatriðum en þó má geta hér nokkurra atriða. Þannig er t.d. stefnt að því að meðalnýtin verði komin í 12 þúsund lítra og að lágmarki 900 kg verðmætaefna á hverja árskú, meðalfrumutalan að vera komin undir 150.000 frumur/ml og þá skuli lyfjanotkun að hámarki vera 7 grömm af virku efni á hverja árskú svo dæmi séu tekin.

Athygli skal vakin á því að bæði údrættir og flest erindi, þ.e. afrit af glærum og vefræðsluerindum margra fyrirlesara, má hlaða niður af heimasíðunni www.kvaegkongres.dk með því að smella á forsiðuhlekkinn „Dias og video fra Kongressen – se dem her“. Þá fylgja auk þess faglegar greinar sumum erindunum, sem bæta enn frekar við fróðleiksgildi efnisins. Rétt er að geta þess að mest allt efni er á dönsku, en þónokkur erindi og efni eru á ensku.

SKÓGRAÆKT & LANDGRAÆDSL



Þróunarverkefni hjá Austurbrú í samstarfi við Lbhí og Fræðslumiðstöð atvinnulífsins:

Raunfærnimat í skógrækt

Raunfærnimatið hafði verið í þróun víða um heim m.a. í Bandaríkjunum, Kanada, Ástralíu og Hollandi sem voru leiðandi lönd í þróun raunfærnimats. Þróun þess byrjaði á Íslandi rétt eftir síðustu aldamót.

Árið 2004 komu fyrstu leiðbeiningarnar frá Evrópu-sambandinu „European Center for the Development of Vocational Training.“ Þetta voru fyrstu leiðbeiningar um hvernig átti að vinna með raunfærnimatið – að meta raunfærni einstaklings innan ákveðins verksviðs. Evrópuleiðbeiningarnar mynda ramma um raunfærnimatið en síðan getur hvert land fyrir sig ákveðið útfærslu og áherslur. Fræðslumiðstöð atvinnulífsins (FA) tók verkefnið að sér í samstarfi við ýmsa hagsmunaaðila á Íslandi (www.frae.is/raunfaernimat).

„Raunfærnimat er staðfesting og mat á raunfærni einstaklings án tillits til þess hvernig eða hvar hennar hefur verið aflað. Markmiðið er að einstaklingur fái viðurkennda raunfærni, sem hann býr yfir á ákveðnum tíma, þannig að hann þurfi ekki að sækja nám í því sem hann kann eða öðlist framgang í starfi.“ „Raunfærnimat byggist á því að mögulegt sé að draga fram og lýsa raunfærni sem er fyrir hendi

og skilgreina, meta og viðurkenna hana“ (www.frae.is/raunfaernimat).

Skilyrði fyrir þátttöku í raunfærnimati, án þess að þátttakendur greiði fyrir það, eru að hafa unnið við viðkomandi fag í meira en þrjú ár, vera 23 ára eða eldri og hafa ekki lokið formlegri menntun í faginu eða þá með aðra framhaldsmenntun. Raunfærnimat var fyrst þróað fyrir ýmsar iðngreinar t.d. húsasmíði, rennismíði, málsuðu, pípulagningar, blikksmíði og vélstjórn en fleiri greinar hafa bæst við og er nú hægt að fá raunfærni metna í um 50 greinum.

Árið 2016 fékk Austurbrú fjármagn frá Fræðslusjóði til að þróa raunfærnimat í skógrækt í samstarfi við LBHÍ á Reykjum og FA. Verkefnið hófst með gerð gátlista (alls 24) yfir allar námsgreinar námsbrautarinnar Skógur og náttúra. Listarnir voru unnir hjá skólanum en teknir saman og gengið frá hjá Austurbrú. Þá hófst leit að fólki úr skógargeiranum sem var til í að taka þátt í tilraunaverkefninu. Alls fengust 8 þátttakendur af öllu landinu, 2 konur og 6 karlar. Tvö voru starfsmenn einkafyrirtækja en sex störfuðu hjá Skógræktinni. Þeim var boðið í viðtal og kynningu hjá náms- og starfsráðgjafa á vegum Austurbrúar. Eftir nokkur viðtöl

gerðu þátttakendur færnimöppu með ferilskrá, námskrá, viðurkenningarskjöl o.fl. til að undirbúa raunfærnimatið. Síðan fóru þau yfir gátlistana til að undirbúa sig fyrir matsviðtalið.

Raunfærnimatið fór fram á Reykjum í maí 2017. Kennari frá skólanum, þ.e. LBHÍ, ásamt matsaðila frá atvinnulífinu (Skógræktinni) sáu um matsviðtalið. Sjö þátttakendur fóru í viðtal á Reykjum en einn tók það í gegnum Skype. Þau fengu að meðaltali 29 einingar metnar til náms (mest 48, minnst 11) sem samsvara rúmlega einni önn (eitt skólaár = 60 einingar).

Ávinningurinn af raunfærnimati í skógrækt er að það gefur starfsfólki án formlegar menntunar tækifæri til að láta meta reynslu sína og kunnáttu, hvatningu til að sækja sér nám og möguleika á styttri námstíma.

Aukin menntun meðal verkafólksins eykur menntunarstig og þar með eykst skilningur á verkinu sem og vinnugleði og ánægja í starfi.

Else Möller,
verkefnastjóri Austurbrú
Heimild: Fræðslumiðstöð
atvinnulífsins. Raunfærnimat
(sótt 21.03.2018 af www.frae.is/raunfaernimat)



VÖNDUÐ JEPPADEKK Á FRÁBÆRU VERÐI

STÆRÐ 315/70R17
49.600,- kr.

STÆRÐ 285/70R17
46.900,- kr.



ÞÚ FÆRÐ JEPPADEKKIN HJÁ OKKUR!

ARCTIC TRUCKS | KLETTHÁLSI 3 | 110 REYKJAVÍK | 540 4900
WWW.ARCTICTRUCKS.IS



Á FAGLEGUM NÓTUM

Samrekstur í mjólkurframleiðslu

Gunnar Guðmundsson
fyrirverandi ráðunautur
hjá Ráðgjafarmiðstöð
landbúnaðarins



Samvinna í mismunandi formum hefur tíðkast í landbúnaði, bæði hérlandis og erlendis, um langa hríð. Það hefði vart orðið nema því fylgdu kostir. Fyrirbærið samyrkjubú þekkist og er víða að finna.

Í Noregi fór að þróast formleg, afmörkuð samvinna í rekstri kúabúa upp úr miðjum áttunda áratug síðustu aldar. Eftir 1990 þróaðist hún býsna hratt. Ástæðurnar voru ýmsar en e.t.v. var megin ástæðan sú á þeim tíma að auka mjólkurframleiðslu og að gera norsku þjóðina sjálfbæra um framleiðslu mjólkur.

Í ljósi reynslunnar af samrekstri í mjólkurframleiðslu hafa norsku Bændasamtökin látið útbúa ítarlegt „samningsform“ ásamt handbók, í þeim tilgangi að auðvelda þeim sem hyggja á samrekstur að ganga þannig frá málum að vel til takist. Reynslan sýnir að samrekstur sem stofnað er til í fljótræði og þegar „vel viðrar/árar“ er ekki líklegur til að halda þegar í harðbakkann slær á einhvern hátt og á móti blæs.

Vandaður og vel ígrundaður undirbúningur, sem allir hlutaðeigandi, bæði makar bænda og afkomendur taka virkan þátt í, er líklegri til að leiða til árangursríks samstarfs en ella. Samstaða og virk samvinna er mikilvæg forsenda samrekstrar.

Honum má á vissan hátt líkja við hjónaband, „þú stofnar ekki til þess með hverjum sem er“?

Er samrekstur í mjólkurframleiðslu fýsilegur valkostur við okkar aðstæður?

Á síðasta ári kviknaði hugmynd um að kanna áhuga bænda og fýsileika



Á síðasta ári kviknaði hugmynd um að kanna áhuga bænda og fýsileika samrekstrar í mjólkurframleiðslu við okkar aðstæður, á svipuðum nótum og þróast hefur í Noregi.

samrekstrar í mjólkurframleiðslu við okkar aðstæður, á svipuðum nótum og þróast hefur í Noregi. Leitað var upplýsinga hjá norsku Bændasamtökunum og létu þau fúslega af hendi ýmsar gagnlegar upplýsingar um hvernig að samrekstri er staðið hjá þeim.

Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins (RML) fékk aðgengi að gögnum og búíð er að þýða samningasettið og það er nú aðgengilegt fyrir þá sem kunna að hafa áhuga á að kynna sér málið. Fagráð í nautgriparékt styrkti þýðingu samningsdraganna af fagfæ nautgriparéktar.

Hver eru markmið samrekstrar í mjólkurframleiðslu?

Markmið samrekstrar eru, eða eigum við frekar að segja geta verið, eftirfarandi:

- Formfastara vinnufyrirkomulag; möguleg verkskipting samrekstraraðila
- Aukinn frítími, umfram það sem ella væri
- Betri fjárhagsleg afkoma
- Aukin tækifæri opnast til

annarear framleiðslu hjá hverjum aðila s.s. nautaeldi, ferðapjónusta, heimavinnsla afurða o.fl.

Út á hvað gengur samreksturinn?

Eins og áður segir hafa Norðmenn stillt saman ítarlegu samningssetti, eða viðmiðunarformi, sem tekur á nánast öllum þáttum sem lúta að samrekstri. Samningsdrögin ber að líta á sem leiðbeinandi og innan ramma þeirra geta samstarfsaðilar síðan gert sinn eigin samning, um þau atriði sem þeir kjósa og telja mikilvægt að semja um.

Hér eru nefnd til sögu helstu atriði sem samningsdrögin taka á:

- Tveir eða fleiri kúabændur ákveða að stofna samrekstrarfélag um mjólkurframleiðslu
- Ítarlegur samningur mótast samstarfið
- Gildistími hans er ákveðinn í upphafi samstarfs
- Eignarhlutur hvers félaga er (getur verið) breytilegur

– gjarnan miðaður við framleiðslurétt hvers og eins

- Þátttakendur greiða stofnframlag inn í félagið í hlutfalli við eignarhlut
- Þeir velja félaginu heimili og nafn
- Ef eignir þátttakenda eru seldar inn í samreksturinn, skal óháður aðili fenginn til að verðmeta þær
- Yfirtaka eða sala eigna skal vera á markaðsverði
- Samreksturinn fær afnotarétt að öllum framleiðslurétti hvers félaga eins og hann er á stofndegri samrekstrar, að því tilskildu að landbúnaðarráðuneytið veiti samþykki fyrir því
- Samreksturinn getur greitt leigu fyrir framleiðsluréttinn sem félagarnir sjálfir ákveða (kr./lítra)
- Með einróma samþykki allra félaganna geta þeir, einn eða fleiri, aukið við sitt greiðslumark
- Gripahús (fjós) er leigt, byggt eða keypt af samrekstrarfélaginu skv. skriflegum samningi
- Samreksturinn yfirtekur/kaupir allar heilbrigðar kýr samstarfsaðilanna (e.t.v. einnig kvígur) að aflokinni heilbrigðisskoðun
- Samreksturinn getur leigt eða keypt búvélar og tæki, sem eingöngu eru notuð í samrekstrinum
- Með einróma samþykki allra félaganna getur samrekstrarfélagið tekið bankalán
- Með einróma samþykki geta samrekstraraðilar aukið eigið fé í félaginu t.d. til að treysta láns hæfi.
- Aukning á eigin fé skal vera í hlutfalli við eignarhlut hvers og eins
- Félögunum er óheimilt að stunda sömu framleiðslu utan samrekstrarins
- Á sama hátt er samrekstrar-

félaginu óheimilt að færa starfsemi sína út til annarrar landbúnaðarframleiðslu

- Samreksturinn skal í einu og öllu lúta ströngustu ákvæðum um dýravelferð og aðbúnað gripa
- Í upphafi samrekstrar skulu aðilar stilla upp rekstraráætlun, ákvarða ábyrgðarsvið hvers og eins félaga svo og (fast) vinnuframlag. Þetta er síðan uppfært árlega
- Félögunum er skylt að útvega samrekstrinum nægjanlegt magn gróffðurs og jafnframt að móttaka og nýta búfjáraburð frá samrekstrinum
- Enn fremur eru í samningasettinu nokkuð ítarleg ákvæði um; færslu bókhalds og fjárreiður samrekstrarfélagsins, fyrirkomulag ábyrgða, stjórnarkjör, félags- og aðalfundi, ársuppgjör, launa- og arðgreiðslur, slit félagsins, ef félagi fellur frá, ættliðaskipti, útgöngu félaga og inngöngu nýrra félaga og ýmislegt fleira.

Ekki er nauðsynlegt að fylgja öllum ákvæðum samningaformsins. Þess í stað geta aðilar samrekstrar útbúið sinn eigin samning um þau atriði sem þeim finnast skipta máli að tiltaka í samstarfssamningi. Einnig verður ekki annað séð en aðilar að samrekstri geti valið sér það félagsform (hf, sf, slf eða ehf) sem þeir telja henta.

Þeir sem hafa áhuga á að kynna sér gögnin og málefnið geta snúið sér til eftirtalinnar ráðunauta hjá RML:

María Svanprúður Jónsdóttir,
S: 516 5036 msj@rml.is
Runólfur Sigursveinsson,
S: 516 5039, rs@rml.is
Sigtryggur Veigar Herbertsson,
S: 516 5065 sigtryggur@rml.is


Höfum hlutina í lagi

Sumarið er tíminn þegar fleiri hendur þarf til starfa víða um sveitir. Sauðburður er vinnufrekur, heyskapur, viðhaldsvinna sem hentar að vinna á sumrin og margt fleira kallar á tímabundnar ráðningar á starfsfólki. Mikilvægt er þá að huga að umgjörð þessara ráðninga.

Bændasamtök Íslands og Starfsgreinasambandið gera með sér kjarasamninga um kaup og kjör starfsfólks í landbúnaði. Starfsmenn sem vinna við ferðapjónustu falla hins vegar ekki undir þennan samning. Pennan kjarasamning má finna á heimasíðu Bændasamtakanna og margra aðildarfélaga Starfsgreinasambandsins. Samkvæmt kjarasamningnum á að gera ráðningar-samning sem er skriflegur samningur um nánari útfærslu innan þeirra marka sem kjarasamningurinn heimilar. Bændur eru eindregið hvattir til að gera slíkan samning skriflega við starfsfólk sitt. Form fyrir slíkan samning má finna á heimasíðu Vinnumálastofnunar, www.vnst.is

Gildissvið Kjarasamnings BÍ og SGS

Það skiptir engu varðandi gildissvið kjarasamnings um kjör starfsfólks



í landbúnaði, hvort launagreiðandi á aðild að Bændasamtökunum eða öðrum samtökum fyrirtækja. Kjarasamningar binda alla þá sem greiða og þiggja laun fyrir þau störf sem kjarasamningurinn tekur til.

Alltaf skal fylgja gildandi kjarasamningum, sem þýðir m.a. að gera skal ráðningarsamning, greiða að minnsta kosti lágmarkslaun og gefa út launaseðill þar sem fram koma laun og önnur starfskjör og heimilaðir frádráttarliðir. Mikið af upplýsingum er t.d. að finna á vefsíðu Vinnumálastofnunar, Sjúkratrygginga Íslands, Starfsgreinasambandsins og Bændasamtaka Íslands.

Yfirlýsing um sjálfbóðaliða

Bændasamtökin og Starfsgreinasambandið gáfu út sameiginlega yfirlýsingu í fyrravetur um

sjálfbóðaliða í landbúnaði. Í yfirlýsingunni segir meðal annars: „Það er sameiginlegt viðfangsefni aðila að stuðla að því að fyrirtæki og lögbýli í framleiðslu eða þjónustu, greiði laun og starfskjör í samræmi við kjarasamninga og lög hér á landi. Ef kjarasamningar eru ekki virtir grefur það undan starfsemi annarra og spillir forsendum eðlilegrar samkeppni og dregur úr ávinningi alls samfélagsins af traustu og heilbrigðu atvinnulífi.“

Einnig er áréttað að það sé andstætt kjarasamningum og meginreglum á vinnumarkaði að sjálfbóðaliðar gangi í almenn störf launafólks í efnahagslegri starfsemi.

Tryggingar og vinnuslys

Greiðsla tryggingagjalds er forsenda þess að starfsmaðurinn hafi rétt til bóta úr Atvinnuleysistryggingasjóði

og lífeyris- og slysatryggingum almannatrygginga. Atvinnurekendum ber einnig að kaupa atvinnuslysatryggingu fyrir starfsmenn sína samkvæmt ákvæðum kjarasamninga.

Öll slys á vinnustað ber að tilkynna til Vinnueftirlitsins ef starfsmaður er frá vinnu einn eða fleiri daga vegna þess. Rannsókn lögreglu og Vinnueftirlits er nauðsynleg ef líkamstjón hefur orðið og er oft frumgagn við sönnun orsaka og skaðabótaskyldu.

Vistráðningar eða „Au pair“

Þegar um vistráðningu er að ræða eru forsendur aðrar en í hefðbundnu ráðningarsambandi og lýtur þ.a.l. öðrum lögmálum. Ungur einstaklingur í vistráðningu býr íðulega hjá fjölskyldu, tekur þátt í léttum heimilissköfum,

umönnun barna o.fl. gegn húsnæði og vasapening en kynnist einnig landi og þjóð.

Útlendingastofnun gefur út vistráðningarleyfi fyrir fólk sem kemur frá löndum utan EES. Upplýsingar um þetta ráðningarform má til dæmis finna á heimasíðu Starfgreinasambandsins.

Atvinnu- og dvalarleyfi

Einstaklingar sem koma frá löndum utan EES þurfa skilyrðislaust að sækja um dvalar- og atvinnuleysifyfi. Nánari upplýsingar er á finna á www.sjukra.is. Á heimasíðu Vinnumálastofnunar, www.vnst.is er einnig að finna ýmsar upplýsingar um veitingu atvinnuleysa og annað sem viðkemur ráðningu á erlendu starfsfólki, en sömu skilyrði eiga ekki við í öllum tilfellum. Einnig má þar finna form fyrir ráðningarsamning sem er bæði á íslensku og ensku.

Bændasamtök Íslands hvetja bændur til að fara yfir þessi mál við ráðningu á starfsfólki. Því er nú rétti tíminn til að afla nauðsynlegra upplýsinga til að undirbúa ráðningar fyrir sumarið. Það er mikilvægur hluti af ímynd atvinnugreinarinnar að hafa þessi mál sem önnur í góðu horfi.

Erna Bjarnadóttir,
aðstoðarframkvæmdastjóri BÍ

VÉLABÁSINN

„Norðurljósa-skoðunarbíll frá Mitsubishi“:

Nýr Mitsubishi Eclipse Cross

Hjörtur L. Jónsson
liklegur@internet.is

Í síðasta mánuði frumsýndi Hekla nýja gerð af Mitsubishi sem nefnist Eclipse Cross. Bíllinn er fáanlegur í fimm mismunandi undirtegundum og í 7 mismunandi litum, ýmist fjórhjóladrifinn eða bara með drif á framhjólunum.

Ég prófaði næstdýrasta bílinn, sem nefnist Mitsubishi Eclipse Instyle og er framhjóladrifinn, sjálfskiptur bensínbíll með 163 hestafla vél.

Afar hljóðlátur og þægilegur til ferðalaga á bundnu slitlagi

Það fyrsta sem ég tók eftir var hversu lítið heyrðist í vélinni og umhverfishljóðum inn í bílinn þegar ég var í umferðinni á bundnu slitlagi. Sætin í bílnum voru leðurklædd og aldrei þessu vant var ég ánægður með þau, og ég hef alltaf verið mótfallinn leðursætum. Það var einfaldlega eitthvað óskýranlegt við þessi sæti sem skapaði vellíðan, bæði framsæti og aftursætin.

Ég er vanur að reyna að keyra prufubíla í kringum 100 km en þennan bíl var svo gott að keyra að prufuaksturinn endaði í 230 km. Í lok prufuakstursins var ekinn grófur 5 km malarvegur, en þar fannst mér bíllinn vera með of stífa fjöðrun og dekkinn gefa lítið eftir.

Mikið lagt upp úr þægindum og öryggi

Fyrir nokkrum árum var það nýlunda að bílar væru með akreinalesara sem varaði öikumenn við þegar ekið var yfir málaðar línur á malbikuðum vegum, þessi búnaður er orðinn staðalbúnaður í flestum bílum í dag og er í þessum bíl. Hann er einnig með fjarlægðatengdan hraðastilli (ACC: Adaptive Cruise Control) sem virkar þannig að ef hraðastillirinn er stilltur á 90 og bíllinn fyrir framan hægir á sér hægir MM. Eclipse Cross líka á sér. Þegar bíllinn fyrir framan eykur ferðina gerir hann það líka.

Á upplýsingaskjánni, þar sem bakkmyndavélin er, er hægt að fá upp margar myndir og m.a. þegar bakkað er sýnir lítill mynd allt umhverfi bílsins svipað og mynd væri tekin ofan á bílinn úr smá hæð og fyrir mér er þessi sýn svolítið ný. Í Eclipse Cross er stjórnunin á þessum skjá með öðrum hætti en ég hef séð áður, en skjánum er stjórnað með litlum snertifleti á milli sætanna svipað og í fartölvum og því þarf ekkert að teygja sig að skjánum.

Plúsar:

Útlit og hönnun er til fyrirmyndar, en í mörgum jepplingum svipuðum og þessum er frekar þröngt fyrir aftursætisfarþega, en í þessum bíl sem ég prófaði er gott að sitja í aftursætunum, hiti í sætunum, rými mikið og gluggar tiltölulega stórir með gott útsýni.

Tvær topplúgur eru í bílnum sem gefa góða birtu inn í bílinn í veðri eins og var þegar bíllinn var prófaður (lágskjýjað og ausandi rigning), ættu að gefa farþegum fallega norðurljósaýn upp um topplúgurnar þegar svoleiðis er í boði.

Hliðarspeglarnir eru stórir og sýna vel aftur fyrir bíl.

Eyðslan er ekki mikil, en í



Það var ekki hlaupið að því að ná birtingarhæfri mynd af Mitsubishi Eclipse Cross í rigningunni.

Myndir /HLJ



Með því að kveikja ljósin og hafa þau alltaf kveikt (ekki slökkva ljósin þótt mælaborðið segi þér að gera það þegar drepið er á), afturljósin sem eru flott hönnun eiga alltaf að vera kveikt.



Þessi bíll er með einhverja bestu hliðarspegla sem ég hef séð og ekið með.



Snertiflöturinn til að stjórna upplýsingarskjánum er vel staðsettur og fljótlegt að venjast.

Helstu mál og upplýsingar

Þyngd	2.150 kg
Hæð	1.685 mm
Breidd	1.805 mm
Lengd	4.405 mm
Dráttargeta	1.600 kg

langkeyrslu var ég að eyða 6,9 lítrum af bensíni og í innanbæjarakstrinum var mín eyðsla 8,4 lítrar. Það er ekkert óeðlilegt að vera aðeins fyrir ofan uppgefna eyðslu miðað við veðuraðstæður og að vera ekki að keyra á Eco stillingunni. Uppgefin eyðsla er 6,0 samkvæmt bæklingi (geri ráð fyrir að það sé á Eco stillingunni).

Verðið á Mitsubishi Eclipse Cross er frá 3.990.000 og upp í 5.290.000 (bíllinn sem prófaður var kostar 4.990.000).

Mínusar:

Á malarvegi fannst mér bíllinn frekar harður enda ekki mikla fjöðrun að fá út úr lágum dekkjunum sem eru af stærðinni 225/55/18.

Ekkert varadekk er í bílnum og eru svona lág dekk því sífellt í hættu á að skemmast. Auðveldlega væri hægt að setja 17 tommu felgur á bílinn og vera með 225/60/17 dekk sem gefa mun betri fjöðrun og er þá



Bakkmyndavélin sýnir nýja sýn, en hægri myndin sýnir ofan á bílinn og nánasta umhverfi.



Ég er aldrei sáttur þegar ég verð þess áskynja að ekkert varadekk er í bíl sem ég ek. Mín skoðun er að varadekkslausa bíla eigi að banna með lögum.



Topplúgurnar tvær hljóta að vera skemmtilegar þegar norðurljósaangangur er á himni.

minni hætta á að höggva hliðina úr dekkjunum á almennt lélegu vegakerfi Íslands.

Munurinn á að keyra bílinn

á Eco stillingunni og venjulegri stillingu var mikill og hafði ég lítla þolinmæði að keyra á Eco stillingunni.

ÖRYGGI – HEILSA – UMHVERFI

Nauðsynlegt viðhald allra ökutækja sem margir trassa: Hreinar síur eru afar mikilvægar fyrir gangverk véla

Hjörtur L. Jónsson
liklegur@internet.is

Við smuróluskipti er nánast undan-
tekningarlaust skipt um loftsiú. Þó að
loftsián virðist ekki vera eins slæm
og „smyrjarinn“ segir þá er fljótt
að borga sig í eldsneytissparnaði að
skipta um loftsiúna.

Ef vatn hefur komist í loftsiúna
skemmist hún og nær ekki að taka það
loft sem henni er ætlað að taka fyrir
brunann í vélinni.

Merki um að vélin fái ekki nægilega
mikið loft má oft sjá með því að
setja puttann upp í pústið. Ef mikil
sótmyndun er í pústi er líklegasta
orsökin ekki nægilega mikið loft á
móti eldsneyti sem oft má rekja til
lélegrar loftsiú. Afleiðingarnar geta
verið margar ef pústið nær að sóta sig
mikið t.d. kviknar ljós í mælaborði um
að það þurfi að athuga vél. Oftast eru
þetta skynjaramir sem eru inni í pústinu
og eru orðnir óhreinir af sóti.

Frjókornasiur safna í sig ýmsum
lífverum

Í flestum bílum sem eru innan við
15 ára og í mörgum dráttarvélum
er frjókornasía. Í ótrúlega mörgum
bílum 5–15 ára sem ég hef skoðað
er upprunalega frjókornasían enn
í bílnum. Þessi sía er oftast fyrir
innan hanskahólfíð farþegamegin.
Frjókornasía á að sjá til þess að hreint
loft sé inni í farþegarýminu.

Svolítið vesen er að skipta um síuna
í mörgum bílum, en oft mjög gott að
skipta um í dráttarvélum. Oftar hefur
mátt rekja óþef inni í bílnum til þess að
mikil óhreinindi eru í frjókornasíunni,
en þess eru dæmi um dauðan smáfugl,
mús og allar rifur fullar af skordýrum
og myglu. Næst þegar þú lætur smyrja
bílinn spurðu um hvort smurmaðurinn
geti ekki skoðað frjókornasíuna í
leiðinni.



Algeng sjón hjá smurþjónustumönnum að eigendur trassa að færa ökutæki í olíuskipti og skipta um allar síur.

Smursiur

Smurólíurnar eru almennt góðar,
en ekki gildir sama um smursiur,
framþróun og tækni við smursiur er
hægari en í olíum. Margar smursiur
eru með ventil sem opnast þegar sían
er orðin stífluð af óhreinindum sem
koma úr vélinni og fer þá öll smur-
olía ósíuð um smurgang vélarinnar.

Það getur verið erfitt að verða
þess áskynja að smursían er orðin
það skítug að hún gerir ekki það
sem henni er ætlað. Ef vél byrjar
skyndilega að brenna smurólíu getur
verið nóg að skipta um smursíu. Ástæðan, hugsanlega óhreinindi
séu það mikil að smurólían kemst
inn í brunahólf véla (t.d. með
ventlafóðringum og ventlum sem
eru óhrein).

Ekki er óalgengt að þeir sem eiga
vél sem brennir olíu séu að bæta

reglulega á vélina og fara fram yfir
smurtíma trúandi því að með því
að vera alltaf að bæta nýrri olíu á
vélina sé óhætt að fara fram yfir á
olíuskiptum. Ódýrari lausn getur í
mörgum tilfellum verið að skipta
um smursíu þá hreinsast vélin og
smurólíubruninn hættir. Smursía er
oft ódýrari en lítri af smurólíu og í
flestum tilfellum auðvelt að skipta
um.

Vinnuvélar og drif

Í mörgum dráttarvélum (og öðrum
vinnuvélum) er mikið magn af
smurólíu sem í sumum tilfellum á
að þola allt að 500 vinnustundir.
Persónulega finnst mér þetta full
langur tími fyrir smursíuna og mæli
ég með að á u.þ.b. miðju tímabili sé
skipt um síu.

Verði menn varir við að

viðvörunarljós um olíuþrýsting sé
lengi að slokkna við ræsingu eða
sjáist í hægagangi þegar vélin er heit
sé vert að skoða hvort ekki sé tími
fyrir smursíuskipti.

Drif eru varasöm á flestum
tækjum ef verið er í vatnasulli. Oftast
er öndunartappi ofarlega á drifinu og
ef farið er það djúpt í vatn að öndunin

fer í kaf myndast sog af vatni inn
á drifið þar sem að drifið er að
kólna frá kulda vatnsins og myndar
þannig sog inn í drifhúsið. Auðvelt
er í flestum tilfellum að skoða olíu
á drifi á flestum vinnuvélum og
jeppum með því að taka tappann úr
og skoða olíu og ef olían er ljósbrún
þarf að skipta á drifinu.

HÆGT ER AÐ KAUPA STAKA HLUTI Í
DRIFSKAFTAHLÍFAR OG KÚPLINGAR

VANDAÐIR KROSSAR

DRIFSKÖFT OG DRIFSKAFTAEFNI

ERU ÖRYGGISMÁLIN Í LAGI Á ÞÍNUM BÆ?
GOTT ÚRVAL AF ÖRYGGISHLÍFUM - HAGSTÆTT VERÐ

www.VBL.is

REYKJAVÍK
Krókháls 5F
110 Reykjavík
Sími: 414-0000

AKUREYRI
Baldursnes 2
603 Akureyri
Sími: 464-8600

LANDBÚNAÐUR ehf.
VBL Agriculture Ltd.

KROSSGÁTA Bændablaðsins

	83	DÆLD	FARNAST	ÁRS- GAMALL	TVEIR EINS	HNUSA	SKAR		FÍFLA- GANGUR	TÆLA	SPRIKL
	DRUNGI										
	AFGANGAR							ADSTÖÐ			
								FRÍA			
	TÁL				SUNNAN						MATAR- ÍLAT
					LEIKUR						
	ÖLDURHÚS						RJÚFA				
	TOGVINDA						SKEL				
		GROBB	RÓTA				MATJURT				
			KLAFI				STEFNA				
DREITILL					SVIF	STJÓRNA			TALA	MATGJÖF	
						DVALDIST					
SAGGI				SKAMMA				KERALDI			
				GRÓÐI				ÆTÍÐ			
TVÍHLJÓÐI			ÞYKJAST				HÁLFGRAS				
			HLUTI				BEYGÐU				
NEÐAN			MÆLI- EINING			DRYKKUR	RÚMT				PEST
			SKJÁLFA				KAPPSAMT				
		SÓÐA				HALLI		UMFRAM			
		LÝÐ						STUNDA			
UPPSKRIFT				HNAPPUR					ÁTT		
				UPPTÖK					LYKT		
AFKOM- ANDI					LÜÐULAKI					GAT	
					Í RÖÐ						
HLÝJA			OFNEYSLA					SKREF			
FJANDI						TRÆÐK					

Lausn á krossgátu í síðasta blaði

82	BETLAR	MESSÍAS	RYKKUR	TVEIR EINS	IGN		VAPP	NÆRBAR	SKORDÝR	FOR
ÓSJÁLF- RÁTT	S	J	Á	L	F	K	R	A	F	A
PLANTA	N	E	T	L	A		ÖSKIPTU TRÉ	Ö	L	L
KJELA	Í	S	A		G	E	L	D	U	R
ORNA	K	Ú	K	A		S	T	A	G	
VÍN										STIKK- PRUFA
	R	I	S		T	A	K		R	A
FRUMEFNI	F	L	Ú	O	R		DRYKKUR ROLA	Ó	N	I
VENGUR	R	E	I	M		D	Ó	M	S	
PARDAÐI	A	T		M	A	U	R		A	L
SKJÖN	M	I	S		F	L	A	K		O
	S		Y	S	T	A		L	O	S
BLÖKK	T	A	L	Í	A		SKRÆLNA	V	I	S
HEILAN	A	L	L	A	N		KVÖLD SAMTÖK	A	F	T
ASI	F	L	A	S		SÍLL		A	L	U
YNDIS	N	A	U	T	N	A	ORKA	R	A	F

Bændablaðið

Smáauglýsingar 56-30-300

LÍF & LYST – BÆRINN OKKAR

Ábúendur á Eysteinseyri eru Marinó Bjarnason og Freyja Magnúsdóttir. Þau ætla að halda áfram svipaðri sauðfjárrækt en bæta við sig í ferðaþjónstu.

Býli: Eysteinseyri.

Staðsett í sveit: Tálknafirði.

Ábúendur: Marinó Bjarnason og Freyja Magnúsdóttir.

Fjölskyldustærð (og gæludýra): Við erum bara tvö í kotinu. Gæludýrið er eitt, letikötturinn Yrsa.

Stærð jarðar? 18 hundruð að fornu mati og dýrleika.

Gerð bús? Sauðfjábú.

Fjöldi búfjár og tegundir? Kindur

eru 85, 6 hrútar, 17 íslenskar landnáms hænur og tveir hanar, 2 hestar, 100 þúsund býflugur og síðast en ekki síst Táta fjárhundur og 8 hvolpar.

Hvernig gengur hefðbundinn vinnudagur fyrir sig á bænum? Almenn sveitastörf, gjafir og önnur verk. Frúin sinnir bleikjuvinnslu í Tungusilungi.

Skemmtilegustu/leiðinlegustu bústörfin? Sauðburður að vori og hunangstekja að hausti. Leiðinlegast þegar veikindi og slys eru á búfé.

Hvernig sjáið þið búskapinn fyrir ykkur á jörðinni eftir fimm ár? Svipaðan í skepnuhaldi en bætum við okkur ferðaþjónustu.

Hvaða skoðun hafið þið á



félagsmálum bænda? Mætti styðja betur við þá bændur sem eyða tíma sínum við félagstörf í þágu bænda.

Hvernig mun íslenskum landbúnaði vegna í framtíðinni? Honum mun vegna vel ef við gætum vel að helsta kosti hans, hreinleikanum.

Hvar teljið þið að helstu tækifærin séu í útflutningi íslenskra búvara? Með okkar frábæru hreinu búvöru ætti að vera léttur leikur að markaðssetja hana hvar sem er.

Hvað er alltaf til í ísskápnum? Mjólkurvörur, egg, rabarbarasulta og lýsi.

Hver er vinsælasti maturinn á heimilinu? Steiktur lambhryggur með öllu.

Eftirminnilegasta atvikið við bústörfin? Það má segja að tvö atvik standa upp úr; þegar við fylltum fjárhúsin og líka þegar fyrsta býflugnabúið kom á bæinn.

MATARKRÓKURINN

Grillaðar svínakótilettur með rósmaríni, graskeri og kryddsmjöri

Bjarni Gunnar Kristinsson
Matreiðslumeistari

Það er upplagt að grilla svínakótilettur. Rósmarín og kryddsmjör fer einkar vel með slíkum grillmat.

Svínakótilettur

- › ½ bolli salt
- › ½ bolli kókossykur (eða venjulegur hvítur sykur)
- › 6 svínakótilettur, hver um sig ein tommu á þykkt (Líka hægt að kaupa léttreyktar og saltaðar svínakótilettur)
- › Grasker og kryddsmjör
- › 2–3 sneiðar grillað grasker
- › ½ bolli kókossykur
- › ½ bolli eplamauk (soðið eða grillað epli)
- › 1 msk. ferskt rósmarínlauf, aukagrein til skreytingar
- › 1 tsk. kaniill
- › Ögn af salti
- › 100 g kalt smjör

Aðferð

Gerðu saltvatn með því að blanda saltinu og sykrinum saman við tvo lítra af vatni í potti sem er settur á miðlungshita. Hrærið stöðugt þar til sykurinn og saltið er alveg uppleyst. Slökktu á hitanum og láttu saltvatnið ná stofuhita. Setjið svínakjötið í saltþækilinn í kæli í að minnsta kosti eina klukkustund en ekki meira en fjórar klukkustundir.

Setjið grasker, epli og krydd í mat-



vinnsluvél og maukið þar til blandan er silkimjúk. Bætið þá köldu smjöri saman við. Setjið til hliðar.

Forhitið útigrill á miðlungshita og penslið grindurnar létt með olíu. Takið svínakjötið úr saltvatninu og

þerrið. Grillið þær þar til kjötið hefur náð 68 gráðu kjarnhita – ætti að vera um 10–12 mínútur á hlið.

Látið hvíla í nokkrar mínútur áður en þær eru framreiddar með meðlæti að eigin vali.

Látið graskerssmjörið kólna í smjörpappír og setjið í frysti. Það er svo skorið í sneiðar sem settar eru ofan á kjötsneiðina þar sem þær bráðna.

Skreytið með fersku rósmaríni ef þess er óskað.

Hollari kókos-bounty stykki

- › 1 bolli ósykraður rifinn kókos
- › 3 ½ msk. hreint hlýnsiróp, hunang eða agavesiróp
- › 2 msk. kókosolía
- › ½ tsk. hreint vanillupykni
- › 1/8 tsk. salt
- › 150 g dökkkt ekta súkkulaði
- › 1 tsk. olía (valfrjálst til að mýkja súkkulaðið)

Blandið fyrstu fimm innihaldsefnunum saman í matvinnsluvél eða hrærivél (hægt er að hræra með höndunum en þá er blandan aðeins laus í sér). Setjið á bakka með smjörpappír eða plastfilmu á.

Hnoðið blönduna með hreinum höndum og frystið síðan þar til hún er orðin stíf (má líka frysta og skera í fallega bita).

Bræðið súkkulaðið rólega yfir vatnsbaði eða í örbylgjuofni. Það má hræra einni teskeið af grænmetis- eða kókosolíu saman við sem gefur miklu mýkri súkkulaðiskel. Penslið eða dýfið kókosinu í súkkulaðið.

Látið harðna og framreiðið úr kæli.

HANNYRÐAHORNIÐ

Værð ungbarnateppi

Ungbarnateppi eru alltaf skemmtileg að þrjóna og svo notalegt að eiga alla vega eitt stykki fyrir krílið sitt.

Þetta teppi er í tveimur stærðum og sú minni er kjörin stærð til að hafa í ungbarnabílstólum sem flest börn eru í í dag.

Drops Supersale er í maímánuði sem þýðir að allt ullargarn er á 35 prósentu afslætti, netverslunin alltaf opin og við sendum um allt land.

Mál: Breidd ca (42) 64 sm. Hæð ca (50) 80 sm.

Garn: DROPS Baby Merino færst hjá Handverkskúnnst, www.garn.is.
